**BRYNHILDUR JAKOBSDÓTTIR**

*Eldar einfaldan og fljótlegan kjúklingarétt*

• matur

**ALLT** í MIÐJU BLAÐSINS




**BJARNI HAUKUR OG JÓHANNES**

*Hellisbúar sameinaðir*

Gera grínþætti fyrir sjónvarp.

FÓLK 34








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. september 2009 — 209. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR



### Karate í þrjátíu ár

Karatefélagið Þórshamar hefur starfað í þrjátíu ár og heldur upp á daginn á morgun.

TÍMAMÓT 18

### Hættur í Sign



Egill Rafnsson hætti í Sign eftir að sveitinni bauðst stór plötusamningur í Þýskalandi.

FÓLK 34

### Vinnuafl eða fólk?

Ef ekkert verður að gert til að aðstoða íbúa af erlendum uppruna við að aðlagast íslensku samfélagi gæti það haft skelfilegar afleiðingar, skrifar Guðbjörg Björnsdóttir.

Í DAG 16



### Þróttarar fallnir

Grindavík og ÍBV gerðu jafntefli í gærkvöld og sendu Þrótt þar með niður í 1. deild.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR VESTAN TIL** Í dag verða suðaustan 3-8 m/s vestan til annars hægviðri. Skúrir vestan til annars yfirleitt þurrt og bjart með köflum. Hiti 8-13 stig.

VEÐUR 4

# Forstjórinn segir þörf á hörðum aðgerðum

**Niðurskurðartillögur á Landspítalanum verða kynntar starfsfólki í dag. Gengi krónunnar hefur skemmt starfið þar. Þetta verður erfitt, segir forstjórinn.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Reynt verður eftir fremsta megni að komast hjá uppsögnum á Landspítalanum þótt mikill niðurskurður blasi við. Þetta segir Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítalans, sem mun funda með starfsfólki spítalans í dag. Þó sé líklegt að starfshlutfall verði skert eða vöktum breytt.

„Þetta verður erfitt, verður stór biti, en við reynum að komast hjá uppsögnum. Við erum með ákveðnar hugmyndir sem ég ætla að ræða við starfsfólkið," segir Hulda.

Mikill niðurskurður blasir við í heilbrigðiskerfinu á næstu árum. Í ár er boðaður niðurskurður um sjö til tíu prósent eða 2,8 milljarðar. Búið var að skera niður um 70 prósent af þeim kostnaði, að sögn Huldu, en vegna gengisáhrifa nemur niðurskurðurinn nú einungis um fjörutíu prósentum.

„Í fyrra fengum við aukafjárveitingu sem dekkaði að stórum hluta gengisáhrifin en nú fáum við ekki neitt þar sem ríkiskassinn er tómur," segir Hulda. „Til að mæta þessum kröfum þurfum við að fara í harðari aðgerðir."

„Ég sagði í byrjun árs að við myndum ekki lækka þjónustustigið eða minnka gæðin, ekki fækka rannsóknum og ekki minnka kennslu. Við höfum staðið við það. Það er mikill sigur fyrir starfsfólk Landspítalans sem hefur staðið sig gríðarlega vel í þessum breytingum. En þar sem gengið er svo óhagstætt þá er sá frábæri árangur bara ekki nægur. Við þurfum að gera meira," segir forstjórinn.

„Ef við náum ekki að gera allt sem við ætlum okkur á þessu ári verðum við að taka verkefnin með okkur yfir á næsta ár. Halli spítalans hverfur ekki og við vitum ekki hvert gengi krónunnar verður á næsta ári. Verkefnið verður bara stærra og stærra." - kh



**BÖÐLAR Í MENNTASKÓLANUM Í REYKJAVÍK** Sjöttubekkingar í Menntaskólanum í Reykjavík tóku vel á móti nýnemum í gær. Böðlarnir, sem voru klæddir í toga að rómverskum sið, buðu nýnemana velkomna með tolleringum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Erlendar skuldir þjóðarbúsins umfram eignir tæplega 6.000 milljarðar króna:

# Ísland hættulega nærri greiðsluþroti

**EFNAHAGSMÁL** Erlendar skuldir íslenska þjóðarbúsins námu samtals 14.343 milljörðum króna í lok júní. Erlendar eignir námu 8.389 milljörðum króna, og skuldir því 5.954 milljarðar króna umfram eignir. Þetta kemur fram í yfirliti Seðlabanka Íslands sem birt var í gær.

Gunnar Tómasson hagfræðingur, sem starfaði hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í um aldarfjórðung, sagði í samtali við Stöð 2 í gærkvöldi að teflt sé á tæpasta vað með skuldastöðu þjóðarbússins. Íslendingar séu mjög nærri því að stefna í greiðsluþrot.

Skuldir þjóðarbúsins eru nú um 233 prósent af áætlaðri landsframleiðslu, að því er fram kom í fréttum Stöðvar 2. Í yfirlýsingu stjórnvalda vegna samkomulags við AGS kom fram að fari erlendar skuldir upp í 240 prósent geti landið ekki staðið undir skuldabyrði sinni.

Inni í tölum um skuldir og eignir erlendis eru eignir og skuldir viðskiptabankanna þriggja, sem enn eru í greiðslustöðvun. Áætlaðar skuldir þeirra nema um 5.347 milljörðum króna. Erlendar skuldir þjóðarbúsins utan við það eru því um 606 milljarðar króna.

Ekki náðist í Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra vegna málsins í gærkvöldi. - bj



**KARÍBAHAFIÐ** Byggingarnar eiga að rísa við nýja höfn sem verið er að byggja fyrir skemmtiferðaskip.

Sótt í störf á Jamaíka:

# Fólki líst vel á Karíbahafið

**ATVINNUMÁL** „Það er alltaf gott að koma í Karíbahafið í sólina og hitann þar. Mönnum líst vel á þetta og það sést á fjölda umsókna," segir Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks. Fyrirtækið auglýsti nýlega eftir tæknimönnum til starfa í borginni Falmouth á Jamaíku, en þar stendur fyrir dyrum bygging fjórtán þjónustubygginga fyrir skemmtiferðaskip.

Um þrjátíu stjórnendur á vegum Ístaks komi til með að vinna við byggingarnar, en ekki liggi enn fyrir hversu margir nýir starfskraftar verði ráðnir til verksins. - kg

Sjónin betri eftir heilablóðfall:

# Frönskukunnátta gufaði upp

**BRETLAND** **Heilablóðfall sem sjötugur breskur maður varð fyrir nýlega hafði hliðarverkanir sem læknar gátu ekki séð fyrir. Eftir að hafa notað sterk gleraugu frá unga aldri hefur maðurinn nú nær fullkomna sjón, að því er fram kemur á vef BBC.**

**Sjón Malcolms Darby hafði alla tíð verið slæm, þar til hann vaknaði eftir aðgerð eftir hættulegt heilablóðfall. Heilablóðfallið hafði reyndar önnur og verri áhrif, því eftir að hann vaknaði komst Darby að því að hann kom ekki upp orði á frönsku, sem hann talaði áður vel. Læknar segja þekkt að sjónin geti versnað við heilablóðfall, en fáheyrt sé að hún batni.** - bj










**SPURNING DAGSINS**



*Rúnar, er hann eitthvað kex-ruglaður?*

„Nei, en við ættum kannski að hitt-ast yfir bakkelsi og koma hlutunum á hreint.“

Umboðsmaðurinn Bram van Barne-veld sagði í fjölmiðlum að KR stæði á brauðfótum. Rúnar Kristinsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KR, vísar því á bug.

Ríkið undirritar samkomulag við Kaupþing og Nýja Kaupþing um eignarhald:

# Kröfuhöfum boðinn bankinn

**VIÐSKIPTI** Kröfuhafar Kaupþings geta eignast allt að 87 prósent hlutafjár í Nýja Kaupþingi samkvæmt samningi sem fulltrúar Kaupþings, Nýja Kaupþings og ríkisins undirrituðu í gær.

Í samningnum er kveðið á um endurfjármögnun bankans og uppgjör milli Kaupþings og Nýja Kaupþings. Skilanefnd Kaupþings hefur frest til loka október til að taka ákvörðun um hvort hún, fyrir hönd kröfuhafa, samþykki að eignast 87 prósent í Nýja Kaupþingi á móti 13 prósenta hlut ríkisins. Annar möguleiki er að Kaupþing taki ekki þátt í fjármögnun Nýja Kaupþings í bili, en fái á móti kauprétt á 90 prósentum hlutafjár sem verði virkur frá 2011 til 2015.



**MEIRIHLUTI** Kröfuhöfum Kaupþings býðst að eignast 87 til 90 prósent hlutafjár í Nýja Kaupþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar á Nýja Kaupþingi, sem og samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins, að því er fram kemur í tilkynningu frá Kaupþingi.

Í kjölfar undirritunar samningsins voru gerðar breytingar á stjórn Nýja Kaupþings, og mun ný stjórn leiða bankann þar til endanlegt eignarhald liggur fyrir.

Erna Bjarnadóttir tekur við stjórnarformennsku af Huldu Dóru Styrmisdóttur, sem hverfur úr stjórninni. Auður Finnbogadóttir hverfur einnig úr stjórninni, en Theodór Sigurbergsson kemur í hennar stað. - bj

Greiðslur Landsvirkjunar:

## Runnu ekki til einstaklinga

**ORKUMÁL** Greiðslur Landsvirkjunar til Skeiða- og Gnúpverjahrepps runnu ekki til sveitarstjórnarmanna heldur til sveitarfélagsins. Þetta kemur fram í yfirlýsingu Gunnars Arnar Marteinssonar sveitarstjóra.

Þar segir enn fremur að samkvæmt samkomulagi við Landsvirkjun hafi fyrirtækið greitt allan útlagðan kostnað sveitarfélagsins vegna breytinga á aðalskipulagi. Meðal annars hafi verið greitt fyrir aukafundi sveitastjórnarmanna. Fráleitt sé að ýja að því að Landsvirkjun hafi borið fé í sveitastjórnarmennina. - bj

Ís mögulega horfinn 2030:

## Hlýnar hraðast á norðurslóðum

**SVISS, AP** Tíminn er brátt á þrotum fyrir þjóðir heims að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sagði Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, á ráðstefnu með fulltrúum um 150 þjóða í Genf í Sviss í gær.



BAN KI-MOON

„Hitastigið á norðurheimskautasvæðunum hækkar hraðar en annars staðar,“ sagði Ban. „Norðurheimskautið gæti verið orðið íslaust árið 2030.“

Hann skoraði á þjóðir heims að taka fótinn af bensíngjöfinni áður en stórslys yrði að veruleika. Fundað verður um arftaka Kyotosamkomulagsins í Kaupmannahöfn í desember. - bj

Innbrot í Grafarholtshverfi:

## Stálu þremur skotvopnum

**LÖGREGLUMÁL Þremur skotvopnum var stolið úr húsi í Grafarholti í fyrradag. Auk skotvopnanna höfðu þjófarnir á brott með sér ýmsa aðra muni.**

**Síðdegis í fyrradag handtók lögreglan svo mann og konu, bæði íslensk, sem grunuð voru um aðild að málinu. Yfirheyrslur stóðu í gær og taka átti ákvörðun um hvort krafist yrði gæsluvarðhalds að þeim loknum.**

**Meðal þess sem húseigendur söknuðu eftir innbrotið, auk skotvopnanna, voru skartgripir. Lögreglan hefur fundið hluta þýfisins og rannsókn miðar vel.** - jss

# Veiðimenn göptu er jeppi kom upp ána

**Jeppa var ekið upp Laxá í Kjós en festist við Laxfoss. Staðarhaldari segist aldrei hafa séð annað eins. Búið að setja nýtt viðmið í tillitsleysi gagnvart veiðimönnum. Ökumaður var manaður í aksturinn en vissi ekki um hvaða á var að ræða.**

**NÁTTÚRA** Veiðimenn í Laxá í Kjós göptu í forundran þegar Nissan Terrano jeppi kom akandi upp ána rétt áður en veiði lauk um klukkan átta í fyrrakvöld.

Jeppinn ók í átt að Laxfossi þar sem hann festi sig. Ökumaður jeppans náði þó að losa hann og snúa honum við áður en hann festist aftur. Auk ökumannsins voru þrír farþegar í jeppanum. Eftir þó nokkurn barning gafst ökumaðurinn upp á að losa jeppann og óðu fjórmenningarnir í land þar sem hringt var á lögregluna sem kom á staðinn ásamt björgunarsveitinni Kyndli úr Mosfellsbæ. Vaskir menn úr björgunarsveitinni bundu spotta í jeppann og drógu hann upp úr ánni.

Gylfi Pétursson, staðarhaldari í Laxá í Kjós, segist aldrei áður hafa séð annað eins. Þetta sé í fyrsta skipti sem bifreið sé ekið upp ána við Laxfoss sem sé rómaður veiðistaður og ein helsta ímynd árinnar.

„Veiðimönnum er illa við það þegar bílar koma nálægt árbakkanum hvað þá þegar þeir koma akandi upp á og festa sig við veiðihylji eins og reyndin var í þessu tilfelli,“ segir Gylfi. „Þarna held ég að það sé búið að setja nýtt viðmið í tillitsleysi gagnvart veiðimönnum.“

Þröstur Elliðason fiskeldisfræðingur segir þessa atburðarás ótrúlega. Ólíklegt sé að ökuferð einnar bifreiðar upp ána hafi einhver áhrif á lífríki hennar þó vissulega hafi þetta truflandi áhrif á veiði í stuttan tíma. Spurður hvort einhver viðurlög séu við svona löguðu segist hann ekki vita til þess.



**JEPPI VIÐ LAXFOSS** Björgunarsveitarmenn úr Kyndli í Mosfellsbæ komu og drógu bílinn upp úr ánni.

> Við vissum ekki einu sinni hvaða á þetta var.
>
> **HELGA JÓSEFSDÓTTIR**
> ÖKUMAÐUR JEPPABIFREIÐARINNAR

„Enda eru menn ekki vanir því að bílar aki beinlínis að veiðihyljum úti í á,“ segir Þröstur.

Helga Jósefsdóttir, ökumaður jeppans, segir að eigandi jeppans hafi manað sig til að keyra út í ána.

„Það var vegslóði við bakkann en þegar við vorum komin út í á sáum við að það var enginn slóði hinum megin,“ segir Helga. „Við ókum því upp ána til að leita að stað til að fara upp úr en þá festum við okkur tvisvar og þurftum að lokum að vaða í land. Það var engin hætta á ferðum, vatnið náði rétt upp að hné.“

Spurð hvort hún líti það ekki alvarlegum augum að aka upp eina af bestu laxveiðiám landsins svarar hún: „Við vissum ekki einu sinni hvaða á þetta var.“

trausti@frettabladid.is

Staða lífeyrissjóðanna erfið:

## Raunávöxtun neikvæð í fyrra

**EFNAHAGSMÁL Ávöxtun íslensku lífeyrissjóðanna var neikvæð um 21,78 prósent á síðasta ári, þegar tekið hefur verið tillit til verðbólgu. Þetta kemur fram á vef Fjármálaeftirlitsins (FME).**

**Neikvæða ávöxtun sjóðanna má rekja til erfiðleika á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum, að því er segir á vef FME.**

**Árið 2007 var ávöxtunin jákvæð um 0,5 prósent, og árið 2006 var hún 10,2 prósent.**

**Heildareignir lífeyrissjóðanna voru tæplega 1.600 milljarða króna virði í lok síðasta árs, samanborið við um 1.700 milljarða króna í árslok 2007.** - bj

Tveir menn dæmdir:

## Stálu leggings og barnavagni

**DÓMSMÁL** Tveir menn af erlendum uppruna voru í gær dæmdir í þrjátíu og sextíu daga skilorðsbundið fangelsi til þriggja ára fyrir að stela meðal annars barnavagni að andvirði 129 þúsund krónur. Mennirnir stálu vagninum úr versluninni Fífu en þeir gengu út með vagninn og barnaleggings án þess að greiða fyrir vörurnar í maí síðastliðinn.

Þá stálu mennirnir jakka úr verslun 66°norður auk þess sem þeir stálu heimabíókerfi í verslun Hagkaupa í desember á síðasta ári. Mennirnir játuðu brot sín skýlaust. -kh

**LÖGREGLUMÁL**

**Kannabisræktun í Árbænum**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á 440 kannabisplöntur, sem höfðu verið í ræktun í íbúð í Árbænum, seinnipart dags á miðvikudag. Tveir karlmenn á þrítugsaldri tengjast málinu, en það telst upplýst, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.



**OPNAÐ** Kristján Möller samgönguráðherra opnaði brú yfir Mjóafjörð í gær.

Brú yfir Mjóafjörð opnuð:

## Aksturstími styttist mikið

**SAMGÖNGUR** Aksturstími milli Reykjavíkur og Ísafjarðar að vetri til styttist um eina og hálfa klukkustund með nýrri 130 metra brú yfir Mjóafjörð og tengdum framkvæmdum.

Kristján L. Möller samgönguráðherra opnaði fyrir umferð um brúna í gær. Hún tengist nýjum vegarkafla frá Eyri í Ísafirði að Hörtná í Mjóafirði. Fjölmennt var við opnunina enda langþráð samgöngubót Vestfirðinga orðin að veruleika.

Talsvert hefur þurft að bíða eftir samgöngubótinni, en brúin átti að vera tilbúin í byrjun nóvember í fyrra. - bj

Ásmundur Jóhannesson fagnar því að vera loksins dreginn fyrir dóm:

# Kvótalausi sjómaðurinn hefur verið ákærður

**DÓMSMÁL** Ákæra verður þingfest á hendur kvótalausa sjómanninum Ásmundi Jóhannssyni í næstu viku fyrir ólöglegar veiðar. „Loksins,“ segir Ásmundur, sem fagnar ákærunni.

Ásmundur hefur staðið í stappi við yfirvöld undanfarið ár, síðan hann ákvað að bjóða þeim byrginn og fara kvótalaus á veiðar. Hann var í kjölfarið sviptur veiðileyfi, handtekinn og yfirheyrður auk þess sem bátur hans var innsiglaður.

Báturinn hefur nú legið innsiglaður og festur í rúmt ár án þess að ákæra hafi litið dagsins ljós og hefur Ásmundur leitað til umboðsmanns Alþingis vegna þess. Umboðsmaður sendi lögreglustjóraembættinu á Suðurnesjum í kjölfarið fyrirspurn um framgang málsins og eftir hvaða lögum var farið þegar báturinn var innsiglaður.

Ásmundur verður ákærður fyrir að veiða án kvóta og veiðileyfis, og jafnframt fyrir að hafa óhlýðnast fyrirmælum Landhelgisgæslunnar um að snúa til hafnar.

„Það er bara gott um þetta að segja,“ segir Ásmundur um ákæruna. Hann á allt eins von á því að verða sakfelldur fyrir hin meintu brot, en hefur ákveðið að senda málið í kjölfarið til mannréttindadómstóls Evrópu, sem hefur áður kveðið upp þann úrskurð að kvótakerfið íslenska brjóti gegn mannréttindum. - sh



**KVÓTALAUS** Ásmundur segist ekki hafa brotið nokkurn skapaðan hlut af sér, það sé kvótakerfið sem sé ólöglegt. MYND / VÍKURFRÉTTIR


PLAYSTATION DAGUR
GUITAR HERO WORLD TOUR
UPPGJÖR ÍSLANDS
Í SONY CENTER, KRINGLUNNI
LAUGARDAGINN 5. SEPTEMBER 16:00-21:00
ÞRIGGJA TIL FJÖGURRA MANNA LIÐ
GLÆSILEGIR VINNINGAR
GULL World Tour settið og leikir
SILFUR Sony Walkman NW-202 mp3 spilari
BRONS Haugur af Pepsi Max
Skráðu bandið þitt með pósti á fm957@sonycenter.is
Sony BRAVIA 200 riða sjónvarp
á sérstöku tilboði og PS3 fylgir frítt með
PLAYSTATION 3
FYLGIR FRÍTT MEÐ
Sony Center
Guitar Hero
PLAYSTATION 3
Pepsi Max
Doritos.

## GENGIÐ 03.09.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,48 | 127,08 |
| Sterlingspund | 207,1 | 208,1 |
| Evra | 180,76 | 181,78 |
| Dönsk króna | 24,281 | 24,423 |
| Norsk króna | 20,952 | 21,076 |
| Sænsk króna | 17,549 | 17,651 |
| Japanskt jen | 1,3681 | 1,3761 |
| SDR | 197,85 | 199,03 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
234,6865

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjárlaganefnd ræddi kynningu á afgreiðslu Alþingis á Icesave-samkomulaginu:

# Óvíst hvenær formleg viðbrögð berast

**EFNAHAGSMÁL** Embættismenn úr þremur ráðuneytum upplýstu í gær nefndarmenn í fjárlaganefnd Alþingis um fyrstu viðbrögð Breta og Hollendinga við afgreiðslu Alþingis á ríkisábyrgð vegna Icesave-samkomulagsins.

Formleg viðbrögð ríkjanna tveggja hafa enn ekki borist, en þeim hefur verið kynnt niðurstaða Alþingis, segir Björn Valur Gíslason, varaformaður fjárlaganefndar.

Embættismenn frá Íslandi, Hollandi og Bretlandi hittust á miðvikudag á óformlegum fundi í Haag í Hollandi. Þar var upplýst um ákvörðun Alþingis. Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir að annar fundur verði haldinn í næstu viku til að reyna að ná „sameiginlegum skilningi“ sem fyrst.

„Ég geri ráð fyrir formlegum viðbrögðum fyrr en síðar,“ segir Björn. Ekki sé von til þess að þau berist fyrir helgi, en vonandi komi þau í næstu viku, enda brýnir hagsmunir Íslands að ljúka málinu.

Höskuldur Þórhallsson, fulltrúi Framsóknarflokks í fjárlaganefnd, segir ekkert nýtt hafa komið fram á fundi fjárlaganefndar.

„Ég tel því miður yfirgnæfandi líkur á að Bretar og Hollendingar muni fallast á þetta,“ segir Höskuldur. Lítill áhugi virðist vera á því hjá stjórnvöldum í löndunum tveimur að draga Icesave-málið aftur upp á yfirborðið. **- bj**



**KYNNING** Embættismenn úr forsætis-, fjármála- og utanríkisráðuneyti komu á fund fjárlaganefndar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FLÓTTAFÓLK** Hópur flóttamanna frá Írak kom til Þýskalands í vor. NORDICPHOTOS/AFP

Framkvæmdastjórn ESB:

## Vill að fleirum verði veitt hæli

**BRUSSEL, AP** Embættismenn á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins leggja til að aðildarríkin taki við fleiri flóttamönnum frá löndum, sem búið hafa við stríðsástand eða fátækt.

Jacques Barrot, framkvæmdastjóri dómsmála og innanríkismála, segir að Evrópusambandið eigi að bregðast betur við beiðni Sameinuðu þjóðanna um að veita hæli flóttamönnum, sem eiga ekki í önnur hús að venda.

Samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna eru um 200 þúsund manns í brýnni þörf fyrir dvalarstað. **- gb**

### ORKUMÁL

**Lón Landsvirkjunar fyllast**

Veðrátta í sumar hefur verið óhagstæð fyrir vatnssöfnun í miðlunarlón Landsvirkjunar, en lónin eru nú loks að fyllast. Reiknað er með því að Hálslón við Kárahnjúkavirkjun fyllist um helgina, og vatn muni renna á yfirfalli um fossinn Hverfanda, niður farveg Jökulsár á Dal.

# Tvö þjófagengi með þýfi fyrir milljónir

**Tvö þjófagengi sem sitja nú í gæsluvarðhaldi eru talin hafa stolið munum fyrir milljónir í fjölmörgum innbrotum í íbúðarhús, fyrirtæki og verslanir. Einkum er um að ræða skartgripi, myndavélar og tölvur, sem auðvelt er að koma í verð.**

**LÖGREGLUMÁL** Tvö þjófagengi sem sitja nú í gæsluvarðhaldi eru talin hafa stolið munum sem eru að verðmæti milljónir króna. Gengin eru grunuð um að hafa brotist inn í fjölmargar íbúðir, verslanir, fyrirtæki og bíla. Þýfið sem fundist hefur samanstendur einkum af miklu magni skartgripa, myndavéla, tölva og fleiri hluta sem auðvelt er að taka með sér og koma í verð.

Þrír karlmenn úr fyrra genginu sem handtekið var og situr nú í gæslu og einangrun voru handteknir þar sem þeir voru að brjótast inn í íbúð að kvöldi miðvikudagsins 12. ágúst. Skömmu síðar var fjórði maðurinn handtekinn þar sem hann var á vappi með sambýliskonu sinni við verslun í Reykjavík. Hún reyndist vera með skartgripi í fórum sínum sem taldir eru vera þýfi. Maðurinn situr í gæslu og einangrun ásamt hinum þremur. Varðhaldið rennur út í dag. Mennirnir sem um ræðir eru allir á þrítugsaldri.

Lögreglan hefur lagt hald á mikið magn þýfis í tengslum við rannsókn þeirra mála sem mennirnir eru taldir vera viðriðnir. Stórum hluta þess hefur verið komið í hendur réttra eigenda að sögn Ómars Smára Ármannssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns í lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur hópur fólks verið yfirheyrður vegna rannsóknar lögreglu.



ÓMAR SMÁRI ÁRMANNSSON

Aðfaranótt síðastliðins þriðjudags var svo síðara þjófagengið handtekið eftir að það hafði brotist inn í verslun í Árbænum. Í bíl mannanna fannst stór svartur ruslapoki með miklu magni af sígarettum sem þeir höfðu haft með sér úr versluninni. Þeir sitja nú í gæsluvarðhaldi sem rennur út í dag. Í fyrradag voru svo tveir til viðbótar handteknir. Þeir sættu yfirheyrslum hjá lögreglu en var sleppt að þeim loknum.

Eftir handtökur sígarettuþjófanna, sem játuðu sök, hóf lögregla rannsókn á þeirra högum af fullum krafti. Meðal annars var leitað heima hjá þeim. Þar fannst mikið magn muna sem taldir eru vera þýfi, einkum skartgripir, tölvur og myndavélar eins og í fyrra tilvikinu. Búið er að koma hluta þýfisins í réttar hendur, að sögn Árna Þórs Sigmundssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns, sem segir lögreglu hafa frumkvæði að því að hringja í fólk sem talið er eiga munina. Hann segir leika rökstuddan grun á að þeir sem inni sitja hafi, auk sígarettuþjófnaðarins, brotist inn í íbúðir og verslanir. Ekki eru talin vera tengsl milli hópanna tveggja, sem eru af erlendum uppruna.

jss@frettabladid.is



**SKARTGRIPIR** Forkunnarfallegt hálsmen eftir listamanninn Mugg er meðal þeirra muna sem lögregla hefur lagt hald á í húsleit vegna fjölmargra innbrota. Á myndinni er menið góða svo og fleiri skartgripir í vörslu lögreglu, sem taldir eru vera þýfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dó af völdum svínaflensu:

## Fyrsta dauðsfallið í Noregi

**NOREGUR, AP Heilbrigðisyfirvöld í Noregi hafa staðfest að svínaflensa hafi dregið danskan vörubílstjóra þar í landi til dauða. Þetta er fyrsta staðfesta dauðsfallið af völdum svínaflensu í Noregi.**

**Maðurinn var á miðjum aldri og starfaði í Noregi. Hann lést úr lungnabólgu í síðustu viku sem hann fékk í framhaldi af svínaflensu. Að sögn danskra heilbrigðisyfirvalda er þetta líka fyrsta staðfesta dæmið um að danskur ríkisborgari hafi látist vegna svínaflensu.** **- bs**

Indverskur ráðherra:

## Fórst í þyrluslysi

**INDLAND, AP** Y.S.R. Reddy, ráðherra yfir Andra Pradesh-héraði á Indlandi, fórst í þyrluslysi ásamt fjórum öðrum á miðvikudag. Flak þyrlunnar og lík þeirra sem voru innanborðs fundust í gær.

Þyrlan var á flugi í miklu úrhelli yfir frumskógi í suðurhluta Indlands á miðvikudagsmorgun, þegar samband hennar við flugumferðarstjórn slitnaði. Það tók leitarmenn sólarhring að höggva sig í gegnum frumskóginn þar til þeir komust að þyrluflakinu og fundu þar ráðherrann látinn, ásamt fjórum öðrum. **- bs**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Grunaður yfirheyrður**

Karlmaður sætti í gærdag yfirheyrslum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu vegna brunans í Laugarásvídeói um síðustu helgi. Honum var sleppt að því búnu.

### DÓMSMÁL

**Mánuður fyrir áfengispela**

Karlmaður hefur verið dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að stela áfengispela að verðmæti 2.000 krónur úr Vínbúðinni.


## SKEMMTILEGT UPPBOÐ Í GALLERÍ BORG

**Sunnudaginn 6. september kl 20:30**

**Eyjólfur Kristjánsson tekur lagið.**
**Boðið verður upp á veitingar.**






**UPPBOÐSVERKIN VERÐA SÝND Í GALLERÍ BORG SKIPHOLTI 35**
**Í dag föstudag, laugardag og sunnudag frá kl 11 til 17 alla dagana.**

**GALLERÍ BORG - SKIPHOLTI 35 - SÍMAR 511 7010 - 847 1600**


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**VÆTUSAMT UM HELGINA**

Á morgun verður úrkomusamt á sunnanverðu landinu og enn fremur verður einhver úrkoma víðar, einkum með ströndum. Nokkuð dregur úr úrkomu þegar líður á síðdegið og kvöldið. Á sunnudag, nálægt hádegi gengur svo annað úrkomuloft inn á landið og má búast við rigningu, einkum sunnan og vestan til en víðar um kvöldið.





**Á MORGUN**
5-13 m/s, stífastur með suðurströndinni.



**SUNNUDAGUR**
3-10 m/s stífastur suðvestan til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 33° |
| Amsterdam | 18° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 15° |
| Eindhoven | 19° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 20° |
| New York | 27° |
| Orlando | 32° |
| Osló | 14° |
| París | 21° |
| Róm | 31° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# ILMANDI DAGAR 3.-9. september

**30-50% afsláttur af völdum dömu- og herrailmum í apóteki Lyfja & heilsu Kringlunni.**



PIPAR • SÍA • 91416

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
Kringlunni

**KJÖRKASSINN**




*Má starfsemi Alþjóðahúss missa sín?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 47,8% |
| Nei | 52,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú mansal vera vandamál hér á landi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Borgarfulltrúi Vinstri grænna lætur kanna einkavæðingu bílastæðahúsa:

# Möguleg sala bílastæðahúsa skoðuð

**REYKJAVÍK** Borgarráð samþykkti á fundi sínum í gær að kanna kosti þess að selja bílastæðahús borgarinnar til einkaaðila. Tillagan var lögð fram af fulltrúa Vinstri grænna og samþykkt með atkvæðum hans og meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Þorleifur Gaugsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, segir að eðlilega reki margir upp stór augu þegar hugmyndir um einkavæðingu kvikna í herbúðum Vinstri grænna. Á tímum mikilla efnahagsþrenginga ríði hins vegar á að sýna ábyrgð.

„Bílastæðahús tilheyra í sjálfu sér ekki samfélagslegum verkefnum,“ segir Þorleifur, og því geti verið eðlilegt, þegar verulegur niðurskurður er fyrirséður hjá borginni, að kanna hvort annaðhvort megi spara fé eða afla þess eftir þessari leið.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í borgarráði sátu hjá við afgreiðsluna og bókuðu fyrirvara við málið. Í henni segir að Samfylkingin hafi fyrirvara á slíkum einkavæðingaráformum, enda sé augljóst að þau gætu leitt til stórhækkunar á bílastæðagjöldum í borginni.

Þá sé vandséð hvernig hægt sé að skilja stefnu um verðlagningu og aðgengi að miðborginni frá rekstri bílastæðahúsa. - sh



**BÍLASTÆÐAHÚS** Nú á að skoða hvort bílastæðahús borgarinnar skuli seld til einkaaðila. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flak sögufrægs skips fundið:

## Staðfest með samanburði

**UMHVERFISMÁL Staðfest hefur verið að skipsflak sem Landhelgisgæslan fann á um 90 metra dýpi á botni Faxaflóa nýverið er flak bandaríska strandgæsluskipsins Alexander Hamilton sem grandað var af þýskum kafbáti árið 1942.**

**Þetta er niðurstaðan eftir að bornar voru saman myndir af skipsskrúfum sem teknar voru með á mánudag og gögn frá bandarísku strandgæslunni.**

**Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, sagði í samtali við Vísi að skipið hafi trúlega verið það fyrsta sem Bandaríkjamenn hafi misst eftir árásina á Pearl Harbour árið 1941. - bj**

# Fresta sölu á hlut í HS Orku um viku

**Verðmæti samnings um sölu OR á hlut í HS Orku er um 12 milljarðar króna samkvæmt fjármálasviði OR. Minnihlutinn í borgarráði vill svör við á fjórða tug spurninga um fyrirhugaða sölu. Fulltrúi F-lista mótmælir vinnubrögðum.**

**ORKUMÁL** Borgarráð frestaði í gær afgreiðslu á sölu Orkuveitu Reykjavíkur á 32 prósenta hlut í HS Orku til kanadíska orkufyrirtækisins Magma Energy um viku. Borgarráðsfulltrúar meirihlutans styðja söluna en fulltrúar minnihlutans lögðu fram á fjórða tug fyrirspurna vegna hennar.

Tilboð Magma í hlut Orkuveitunnar er ásættanlegt fyrir Orkuveituna, og niðurstaðan fjárhagslega góð fyrir félagið, segir í tilkynningu frá meirihluta borgarráðs, fulltrúum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Það sé fagnaðarefni að erlendir aðilar hafi áhuga á að koma með fjármagn inn í landið.

Fjármálasvið Orkuveitunnar telur andvirði samningsins um 12 milljarða króna. Útreikningar á verðmæti samningsins hafa verið yfirfarnir af ytri endurskoðendum Orkuveitunnar, og hafa þeir staðfest mat fjármálasviðs, segir í tilkynningu meirihlutans. Pólitískum reikningsaðferðum Samfylkingarinnar sé því vísað á bug.

Fulltrúi Vinstri grænna í borgarráði lagði í gær til að teknar yrðu upp viðræður við ríkisvaldið með það að markmiði að HS Orka verði alfarið í opinberri eigu. Þeirri tillögu var vísað frá.

Í bókun meirihlutans vegna frávísunarinnar segir að söluferli á hlutnum í HS Orku hafi verið langt og málsmeðferð vönduð. Ríkið hafi haft hálft ár til að koma að ferlinu en ekki sýnt því áhuga fyrr en tilboð Magma hafi legið fyrir.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar lögðu í gær fram lista með 32 spurningum vegna sölu á hlut Orkuveitunnar til Magma.

Fulltrúar Samfylkingarinnar vilja meðal annars fá rökstuðning fyrir því að 1,5 prósent vextir á eftirstöðvum kaupverðsins, sem er í Bandaríkjadölum, séu ásættanlegir. Þeir benda á að miðað við meðalverðbólgu í Bandaríkjunum síðastliðin áratug séu þetta neikvæðir vextir og vilja fá útreikninga á því hversu neikvæðra raunvaxta megi vænta. Einnig hversu mikið gengistap verði vegna lánsins ef krónan styrkist áður en lánið verður greitt upp eftir sjö ár.

Þá biðja þeir um upplýsingar um það hverjir standi að baki þeim eignarhaldsfélögum sem eigi Magma Energy og Geysi Green Energy. Geysir Green á meirihluta í HS Orku.

Vinnubrögðin sem viðhöfð hafa verið við sölu á hlutnum í HS Orku hafa einkennst af undanbrögðum og óhreinskilni, að mati Ólafs F. Magnússonar, borgarfulltrúa F-lista. Í bókun Ólafs, sem lögð var fram í borgarráði í gær, er þess krafist að tillaga Ólafs um bann við sölu á eignum almennings í orkulindum og orkufyrirtækjum til einkaaðila verði afgreidd áður en málefni HS Orku verði tekin fyrir á ný.

brjann@frettabladid.is



**ORKA** Hart var tekist á um sölu á hlut Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku á fundi borgarráðs í gær og afgreiðslu málsins frestað um viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Börn í Reykjanesbæ „þjófstörtuðu“ friðargöngu við setningu Ljósanætur:

# Umburðarlyndi undirstrikað

**REYKJANESBÆR** Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, undirstrikaði mikilvægi þess að þau 55 þjóðarbrot sem nú búa í bæjarfélaginu geti lifað og starfað saman í sátt og samlyndi í setningarræðu Ljósanætur í gær. Hátíðin var sett í tíunda sinn við Myllubakkaskóla í gærmorgun, þegar nemendur í leik- og grunnskólum bæjarins slepptu 2.000 blöðrum upp í loftið.

Nemendurnir gengu í skrúðgöngu, hver frá sínum skóla, og tengist gangan og setningin friði, gleði og fjölmenningu. Ganga barnanna var í raun þjófstart á Heimsgöngu til friðar, sem hefst formlega þann 2. október næstkomandi.

Megininntak Heimsgöngunnar er að jarðarbúar hjálpist allir að við að skapa á jörðinni kringumstæður sem leitt geta til friðar og tilvistar án ofbeldis.

Við tekur fjölbreytt dagskrá Ljósanætur, en áhersla verður lögð á tónlistarviðburði í tengslum við tíu ára afmæli hátíðarinnar. - kg



**HÁTÍÐIN SETT** Nemendur í leik- og grunnskólum bæjarins slepptu tvö þúsund blöðrum við setningu Ljósanætur. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Líkur á kosningum á Írlandi:

## Ríkisstjórnin aldrei óvinsælli

**ÍRLAND, AP** Stuðningur við ríkisstjórn Írlands hefur aldrei verið minni, samkvæmt nýrri skoðanakönnun. Stjórnmálamenn segja auknar líkur á að efnt verði til kosninga.

Stuðningur við stjórnarflokkinn Fianna Fáil, sem hlaut rúmlega 40 prósent atkvæða í kosningunum 2007, mælist nú aðeins um 17 prósent og hefur aldrei verið minni. Stuðningur við samstarfsflokk þeirra, Græningja, mælist 3 prósent. Samanlagður stuðningur við tvo stærstu flokkana í stjórnarandstöðu, Fianna Gael og Verkalýðsflokkinn, mælist aftur á móti 58 prósent. Írland varð illa úti í fjármálakreppunni og telur formaður Græningja líkurnar á að efnt verði til kosninga fara vaxandi. - bs

Þjófar staðnir að verki:

## Grímuklæddur ræningi gripinn

**LÖGREGLUMÁL Maður sem hugðist ræna verslun í verslunarmiðstöð á höfuðborgarsvæðinu í fyrrakvöld var gómaður áður en hann lét til skarar skríða. Óeinkennisklæddir lögreglumenn sáu manninn grímuklæddan og með barefli og handtóku hann þegar í stað.**

**Þá voru tveir unglingspiltar staðnir að búðarhnupli í verslun 10-11 í Glæsibæ í fyrrinótt. Þegar starfsmaður sá til þjófanna lögðu þeir á flótta en skildu þýfið eftir. - kh**




**ALI BONGO ODIMBA** Hafði meira fjármagn til kosningabaráttunnar en mótframbjóðendurnir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningaúrslit í Gabon:

## Sonur tekur við af föður sínum

**GABON, AP** Ali Bongo Ondimba, sonur nýlátins einræðisherra í Afríkuríkinu Gabon, Omars Bongo, var í gær lýstur sigurvegari í forsetakosningunum sem haldnar voru síðastliðinn sunnudag.

Sautján frambjóðendur voru í kjöri, en Ondimba er sagður hafa fengið tæp 42 prósent atkvæða. Hann hafði mun meira fé til umráða í kosningabaráttunni en aðrir frambjóðendur.

Töluverður órói hefur verið í landinu síðustu daga, meðan úrslita hefur verið beðið. Í gær beitti lögregla táragasi á hóp mótmælenda. - gb



**ANNA POLITKOVSKAJA** Morðinginn er enn ófundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Morðið á Politkovskaju:

## Hæstiréttur vill nýja rannsókn

**RÚSSLAND, AP Hæstiréttur Rússlands vísaði óvænt í gær til föðurhúsanna úrskurði undirréttar og veitti fjölskyldu myrtu blaðakonunnar Önnu Politkovskaju heimild til að fara fram á víðtækari rannsókn en áður hefur verið gerð í málinu.**

**Politkovskaja var myrt í íbúðarblokk í Moskvu haustið 2006. Hún hafði gagnrýnt stjórn Vladimírs Pútín fyrir mannréttindabrot í Tsjetsjeníu.**

**Þrír menn hafa verið sýknaðir af minni háttar aðild að morðinu, en enn hefur enginn verið ákærður fyrir sjálft morðið. Óvíst er hvort úrskurður Hæstaréttar verður til þess að málið verði rannsakað í þaula. - gb**

Nýr prestur í Hafnarfirði:

## Guðbjörg þjónar Hafnfirðingum

**TRÚMÁL** Valnefnd Hafnarfjarðarprestakalls ákvað í gær að leggja til að sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir verði skipaður prestur í Hafnarfjarðarprestakalli. Embættið veitist frá 1. október.

Guðbjörg Jóhannesdóttir vígðist til Sauðárkróksprestakalls 5. ágúst 1998. Hún þjónaði þar í níu ár, eða til hausts 2007. Frá þeim tíma hefur hún meðal annars þjónað í Háteigskirkju, Selfosskirkju og Neskirkju. Guðbjörg er með MA-próf í sáttamiðlun og átakastjórnun frá Háskólanum í Kaupmannahöfn. Átta umsækjendur voru um embættið. Biskup Íslands skipar í embættið til fimm ára að fenginni umsögn valnefndar. - kh

**UMFERÐARMÁL**

**5.000 vagnar enn óskoðaðir**

Enn á eftir að skoða rúmlega 5.000 fellihýsi, tjaldvagna og hjólhýsi skráð fyrir árið 2005. Samkvæmt nýlegri reglugerð átti að skoða þá fyrir 1. ágúst síðastliðinn. Frestur hefur verið veittur til að láta skoða vagnana til 1. október, þegar vanrækslugjald verður lagt á eigendur þeirra.

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLU REKKJUNNAR

KING KOIL
Amerískt heilsurúm
(Queen size 153x203)
FRÁ kr.
99.850

SVEFNSÓFAR
25 TIL 30%
AFSLÁTTUR

## ENN MEIRI AFSLÁTTUR Á VÖLDUM VÖRUM

HEILSUKODDAR
30%
AFSLÁTTUR

# 25-70% AFSLÁTTUR!

SÆNGURVER
30%
AFSLÁTTUR

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hve mörg fyrirtæki hefur ríkisskattstjóri sektað vegna vanskila á ársreikningum 2006?*
2. *Hversu margir eru atvinnulausir?*
3. *Hver leikstýrði Blossa/810551*

SVÖR Á SÍÐU 34

Landsbankinn svarar fyrir sig í deilunni við styrktarsjóð hjartveikra barna:

# Sjóðstjórn gerði engar athugasemdir

**DÓMSMÁL** Ekkert í samningi styrktarsjóðs hjartveikra barna við Landsbankann kveður á um að tiltekið lágmark hans skuli ávaxtað í ríkisskuldabréfum. Þetta er meðal þess sem fram kemur í minnisblaði frá Landsbankanum um málið, sem sent var til fjölmiðla í gær.

Í minnisblaðinu kemur enn fremur fram að fundur hafi verið haldinn með forsvarsmönnum sjóðsins í fyrravor þar sem ítarlega var farið yfir samsetningu eignasafns hans. Engar athugasemdir hafi komið fram á fundinum.

Sjóðurinn stendur nú í málaferlum gegn Landsbankanum og sakar bankann um að hafa brotið fjárstýringarsamninginn. Í samningnum hafi verið kveðið á um að stærstur hluti sjóðsins skyldi ávaxtaður í ríkisskuldabréfum, skuldabréfum sveitarfélaga eða bréfum sem tækju mið af sambærilegri áhættu og ríkistryggð bréf.



**SAMIÐ** Björgólfur Guðmundsson afhendir styrk við undirritun samningsins við Neistann.

Fulltrúar Landsbankans hafa hingað til ekki viljað tjá sig um málið en sendu minnisblaðið á fjölmiðla í gær.

Jóhann Haukur Hafstein, lögmaður styrktarsjóðsins, segir að í sjálfu sér sé ekkert rangt sem þar komi fram. Hins vegar verði að athuga að fulltrúar sjóðsins hafi aldrei verið upplýstir um hvað var í peningamarkaðssjóðnum sem fjárfest var í. Í ljós hafi komið að það voru mestmegnis bréf í óstöndugum fyrirtækjum. **- sh**

Hafnarframkvæmdir:

# Ferjuhöfnin á Brjánslæk bætt

**FRAMKVÆMDIR** Unnið er að stórum og smáum hafnar- og sjóvarnaframkvæmdum víða um land að því er fram kemur á heimasíðu Siglingastofnunar.

Vinna við ferjuhöfnina á Brjánslæk er að hefjast. Þar verður steypt þekja og byggt masturshús. Á Patreksfirði er verið að bæta löndunaraðstöðu og viðlegu fiskiskipa. Á Þingeyri er vinna við sjóvarnir að hefjast. Áætlað er að um 2.000 rúmmetrar af grjóti verði notaðir í verkið. Þá er einnig unnið að áframhaldandi gerð sjóvarna við Sigurðarbúð á Ísafirði en þar þarf um 700 rúmmetra af grjóti í verkið. **- th**

# Ýmsir gætu borið ábyrgð á móttöku opinberra styrkja

**Í lögum um fjármál flokka er ekki skýrt kveðið á um hverjir innan flokkanna beri ábyrgð á lögbrotum. Saksóknari efnahagsbrota segir að bæði framkvæmdastjórar og undirmenn þeirra kunni að bera ábyrgð. Ríkisendurskoðun gerði ekki athugasemdir við að Íslandspóstur styrkti stjórnmálaflokkana á sínum tíma.**

**LÖGREGLUMÁL** Framkvæmdastjórar flokkanna, og ef til vill fleiri, kunna að bera refsiábyrgð á meintum brotum á lögum um fjármál stjórnmálaflokka.

Í lögunum er ekki skilgreint nákvæmlega hver ber ábyrgð á því þegar stjórnmálaflokkur tekur við ólöglegum styrkjum. Hluti af rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra snýst um að komast að þessu. Greint var frá rannsókn deildarinnar í blaðinu á miðvikudag.

Framsókn, Samfylking, Sjálfstæðisflokkur og VG þáðu styrki frá Íslandspósti, opinberu fyrirtæki, fyrir alþingiskosningarnar 2007. Sjálfstæðisflokkurinn þáði einnig styrki frá tveimur öðrum slíkum fyrirtækjum.

„Framkvæmdastjórarnir kunna að bera ábyrgðina, en það getur komið til greina að undirmenn geri það líka, ef þeir hafa komið að þessu," segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari deildarinnar.

Þetta sé eitt helsta vafaatriðið í málinu enda geta utanaðkomandi einstaklingar greitt inn á reikninga flokkanna, án þess að nokkur veiti fénu formlega viðtöku. Helgi telur að leita megi svara við þessari spurningu í reglum félagaréttar og almennum reglum refsiréttar, um að hver maður beri ábyrgð á eigin gjörðum.



**HELGI MAGNÚS GUNNARSSON**

Í lögum um fjármál stjórnmálasamtaka segir: „Hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brýtur gegn ákvæðum laga þessara skal sæta fésektum, en alvarleg brot geta varðað fangelsi allt að sex árum." Þar segir ekkert um smávægilegt gáleysi eða vanþekkingu.

„Gáleysið þarf að vera stórfellt, en þú getur ekki borið við þekkingarleysi á lögum, frekar en ef þú keyrir yfir á rauðu ljósi," segir Helgi Magnús.

Spurður hvort þetta séu mild viðurlög, í því ljósi að gáleysið þarf að vera stórfellt, segir Helgi það vissulega erfiðara að sanna ásetning eða stórfellt gáleysi, heldur en „einfalt gáleysi", en vill ekki leggja mat á lögin. **klemens@frettabladid.is**

## MISTÖK AÐ ÁTTA SIG EKKI Á ÞESSU

Inntur viðbragða við rannsókn efnahagsbrotadeildar, segir Skúli Helgason, þingmaður og þáverandi framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, að hún sé „fullkomlega eðlileg og ekkert nema gott um hana að segja".



**SKÚLI HELGASON**

Styrkurinn frá Íslandspósti hafi komið inn í gegnum ráð Suðvesturkjördæmis: „Hann kom ekki í ljós á skrifstofunni fyrr en við fengum listann, flokkurinn þurfti að safna saman bókhaldi frá öllum aðildarfélögum."

Hann hafi farið fram á það við Ríkisendurskoðun að hún færi yfir fyrirtækjalistann og léti hann vita ef á honum væri nokkuð athugavert.



**SIGRÚN JÓNSDÓTTIR**

„Ég fékk engar athugasemdir til baka og taldi okkur því vera í nokkuð góðum málum. Þannig að þarna hefur bæði þeim og okkur yfirsést þessi styrkur frá Íslandspósti," segir Skúli. Styrkurinn var endurgreiddur þegar upp komst um mistökin opinberlega.

Spurður hví styrknum hafi ekki verið skilað strax og listinn var gerður segist Skúli ekki þekkja þá sögu.

Sigrún Jónsdóttir, núverandi framkvæmdastjóri, hafði ekki tekið við starfinu þegar listinn, sem sendur var Ríkisendurskoðun, var gerður en segir að það hafi verið „mistök að átta sig ekki á því um leið og þetta kom fram á listanum".

## HÉLT MÁLIÐ ÚR SÖGUNNI

„Ég taldi þetta mál upplýst. Það var tekið við þessum styrk frá Íslandspósti. Þetta voru bara hrein mistök og svo var það endurgreitt," segir Sigfús Ingi Sigfússon, framkvæmdastjóri Framsóknar.



**SIGFÚS INGI SIGFÚSSON**

Styrkurinn hafi borist í gegnum kjördæmasamband flokksins í Reykjavík.

„Við fáum þessar upplýsingar þegar samreikningarnir eru skoðaðir," segir hann. Spurður hver beri ábyrgð á þessu að hans mati, segist Sigfús ekki hafa leitað sér upplýsinga um það.

„Við bíðum eftir að heyra frá efnahagsbrotadeildinni. Þetta er ekkert feimnismál fyrir okkur, heldur mistök," segir hann.

Spurður hví styrkurinn hafi ekki verið endurgreiddur þegar listinn var tekinn saman fyrir Ríkisendurskoðun, það er þegar sást að Íslandspóstur var meðal þeirra sem styrktu flokkinn.

„Þetta virðist hafa sloppið fram hjá. Menn hafa ekki gert sér grein fyrir því að þetta bryti í bága við lög," segir Sigfús Ingi.



**ANDRI ÓTTARSSON**



**DRÍFA SNÆDAL**

## ANDRI OG DRÍFA SVARA EKKI

**Andri Óttarsson**, þáverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, svaraði hvorki símtölum né skilaboðum í gær.

**Drífa Snædal**, framkvæmdastýra VG, svaraði heldur ekki.



**FLÚIÐ ÚT Á GÖTU** Fólk þorði ekki inn í húsin aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jarðskjálftinn í Indónesíu:

# Kostaði tugi manna lífið

**INDÓNESÍA, AP Jarðskjálftinn sem varð í Indónesíu á miðvikudag kostaði að minnsta kosti 57 manns lífið, en tugir manna að auki grófust undir húsarústum eða skriðum og er óvíst um björgun þeirra.**

**Skjálftinn mældist 7 stig og olli mestu tjóni á vesturhluta eyjunnar Jövu þar sem þúsundir bygginga í þorpum og bæjum eyðilögðust eða skemmdust illa.**

**Þúsundir íbúa víða um landið flúðu út á götur og þorðu ekki aftur inn í hús.**

**Margir fórust vegna þess að aurskriður féllu yfir íbúðarhús og er óttast að tala látinna kunni að hækka verulega.** - gb



**BARÁTTUHÓPURINN** Áhugahópurinn fékk arkitektastofu til að gera úttekt á deiliskipulagsstillögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vinir Ingólfstorgs og NASA:

# Tónleikar til bjargar torginu

**SKIPULAGSMÁL** Áhugahópur um björgun Ingólfstorgs ætlar að halda tónleika á torginu á laugardag til að vekja athygli á málstað sínum. Þetta var tilkynnt á blaðamannafundi í gær.

Mikil andstaða er við áform um að reisa fimm hæða hótel við Vallarstræti og flytja tvö hús yfir strætið og inn á Ingólfstorg og rífa Nasa.

Áhugahópurinn um Björgun Ingólfstorgs fékk arkitektastofuna Glámu Kím til að leggja mat sitt á deiliskipulagstillöguna og var skýrsla þeirra kynnt á fundinum. Frestur til að gera athugasemdir við skipulagið rennur út 11. september. Baráttutónleikarnir verða klukkan tvö á laugardaginn. - bs

Friðsamleg mótmæli í Xinjiang-héraði í kjölfar dularfullra sprautuárása:

# Dularfullar árásir á fólk með sprautum

**KÍNA, AP** Hundruð manna héldu út á götur borgarinnar Urumqi í Xinjiang-héraði í gær til að krefjast afsagnar leiðtoga Kommúnistaflokksins í borginni. Fólkið veifaði kínverskum fánum og krafðist þess að öryggismálum í borginni yrði komið í samt lag.

Undanfarnar vikur hafa hundruð íbúa borgarinnar orðið fyrir dularfullum árásum þar sem sprautum með nálum er beitt sem vopni. Yfirvöld hafa staðfest að 487 manns hafi orðið fyrir slíkum árásum. Rúmlega tuttugu manns hafa verið handteknir.

Í borginni brutust út óeirðir í júlí síðastliðnum sem kostuðu nærri 200 manns lífið. Þar áttust við Úígúrar, sem hafa verið í meirihluta í héraðinu frá fornu fari, og Han-Kínverjar, sem hafa náð þar undirtökum síðustu áratugina.

Mótmælendurnir að þessu sinni voru flestir Han-Kínverjar, en þeir virtust gera sér far um að ýfa ekki upp sárin frá átökunum í sumar. Reiðinni beindu þeir að embættismönnum, sem hefur ekki tekist að sjá íbúunum fyrir nægri löggæsluvernd.

Lögregla reyndi að stöðva mótmælagönguna í gær, en mótmælendur höfðu þó betur og fóru sínu fram.

Sprautuárásirnar hafa vakið óhug meðal almennings, ekki síst vegna þess að HIV-smit er útbreitt í héraðinu. - gb



**Í SAMRÆÐUM VIÐ ÓEIRÐALÖGREGLUNA** Íbúar í Urumqi eru ósáttir við ástandið í borginni í kjölfar óeirðanna sem urðu þar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BAYONNESKINKA
# 1.193 kr/kg
~~1.989~~ kr/kg

GOÐI

TILBOÐ

40% afsláttur



# Ódýrt að versla

52% afsláttur



GOÐI

GRÍSABÓGUR FERSKUR 1/2
## 398 kr/kg
~~830~~ kr/kg

KJÚKLINGABRINGUR skinnlausar
## 1.649 kr/kg
~~2.749~~ kr/kg

40% afsláttur



30% afsláttur



KJÖTSEL

LAMBALÆRI, KRYDDAÐ
## 1.399 kr/kg
~~1.998~~ kr/kg

42% afsláttur



NETTÓ BRAUÐSKINKA
## 695 kr/kg
~~1.198~~ kr/kg




CT EDGE TO EDGE PIZZUR
New York Deli, California Cheese, Manhattan Chicken
## 448 kr/stk.
~~659~~ kr/stk.




PLENTY ELDHÚSRÚLLA
## 197 kr/pk.
~~299~~ kr/pk.



KJÖTSEL

PYLSUR
## 769 kr/kg
~~1.098~~ kr/kg

NÁTTÚRA EPLA EÐA APPELSÍNUSAFI 1l
## 99 kr/stk.




COOP TYGGJÓ 3 teg.
## 139 kr/pk.



50% afsláttur



ÍSLENSKT SPERGILKÁL
## 199 kr/kg
~~398~~ kr/kg

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 3. - 6. september eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**nettó**
*Ódýrt fyrir heimilið!*




Leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Búrma:

# Suu kyi áfrýjar dómi

**BÚRMA, AP** Lögmenn Aung San Suu Kyi, leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Búrma, hafa áfrýjað stofufangelsisdómi hennar.

Suu Kyi var dæmd í eins og hálfs árs stofufangelsi í ágúst fyrir að leyfa bandarískum manni að gista á heimili hennar í tvo daga. Maðurinn synti yfir síki að húsi hennar, þar sem hún hefur setið í stofufangelsi í sextán ár af síðustu tuttugu. Lögmenn Suu Kyi áfrýjuðu dómnum á þeim forsendum að hann byggðist á lögum sem hefðu fallið úr gildi ásamt stjórnarskránni fyrir tveimur áratugum. Búist er við að dómari taki afstöðu til áfrýjunarinnar í dag. - bs



**AUNG SAN SUU KYI** Lögmenn hafa áfrýjað stofufangelsisdómi yfir Suu Kyi.



**LÍTIÐ VATN Í ÁNNI EFRAT** Þurrkar hrjá íbúa Norður-Íraks og lítið vatnsmagn í ánum Efrat og Tígris eykur á vandann. NORDICPHOTOS/AFP

# Milliríkjadeilur um vatn úr ám harðna

**Fulltrúar Íraks, Sýrlands og Tyrklands hittust í gær til að leysa úr deilum um vatnsréttindi í fljótunum Efrat og Tígris. Stíflur í Tyrklandi og Sýrlandi draga úr vatnsmagni yfir landamærin.**

**TYRKLAND, AP** Tyrkir, Írakar og Sýrlendingar eiga nú í deilum út af vatnsréttindum í fljótunum sögufrægu, Efrat og Tígris, sem eiga upptök sín í Tyrklandi. Stíflur og virkjanir draga úr vatnsstreymi í ánum, sem kemur sér illa þegar íbúum í þessum heimshluta fjölgar og eftirspurn eftir vatni eykst.

Fulltrúar landanna þriggja hittust í Ankara, höfuðborg Tyrklands, í gær. Erfiðlega hefur þó gengið að ná sáttum.

„Þetta er mjög mikilvægt og Írak fær nú þegar miklu minna af vatni vegna stíflanna í Tyrklandi og Sýrlandi,“ segir Nagesh Kumar, vatnsfræðingur frá Indlandi. „Það geta brotist út milliríkjaátök í þessum heimshluta vegna vatnadeilnanna.“

Írakar vilja að bæði Tyrkir og Sýrlendingar hleypi meira vatni yfir landamærin, auk þess sem Sýrlendingar vilja líka fá meira vatn frá Tyrklandi.

Tyrkir segjast hins vegar eiga erfitt með að missa meira vatn úr landi, því þá skerðist orkuframleiðslan of mikið.

Auk þess geri þeir nú þegar betur en samningar kveða á um, því þeir hleypi 517 rúmmetrum af vatni yfir landamærin á hverri sekúndu, í staðinn fyrir þá 500 rúmmetra sem um var samið milli ríkjanna.

„Í Tyrklandi er engin ofgnótt af vatni,“ segir Taner Yildis, orkumálaráðherra Tyrklands. „Við getum ekki aukið þetta magn enn frekar.“

Þurrkar í Írak bæta hins vegar enn á vandann. Annað árið í röð hefur lítil úrkoma og lítið vatnsmagn í Efrat og Tígris valdið því að ræktarland í Írak stendur undir skemmdum og drykkjarvatn er af skornum skammti.




„Hér er alvarlegur vatnsskortur,“ segir Abdul-Latif Jamal Rasheed, vatnsmálaráðherra í Írak. „Úrkoma hefur minnkað um 40 prósent og þurrkarnir eru meiri.“

Fljótin Efrat og Tígris eiga upptök sín í Tyrklandi en streyma síðan yfir til Íraks og þaðan til hafs í Persaflóa. Milli Tyrklands og Íraks streymir Efrat auk þess í gegnum Sýrland, en Tígris rennur á kafla meðfram landamærum Sýrlands.

Meira en þrír áratugir eru síðan Tyrkir og Sýrlendingar byrjuðu á að reisa stíflur í fljótunum tveimur. Allar götur síðan hafa deilur um vatnsréttindi staðið á milli landanna þriggja, svo stundum hefur þótt hætta á stríðsátökum.

gudsteinn@frettabladid.is

Deilur um nafn í Þýskalandi:

## Mega skíra son sinn Djehad

**BERLÍN, AP** Foreldrum í Þýskalandi hefur verið gefið formlegt leyfi til að skíra son sin Djehad, sem er önnur útgáfa orðsins jihad, eða heilagt stríð.

Hæstiréttur í Berlín staðfesti úrskurð tveggja undirdómstóla þess efnis að fordæmi séu fyrir slíkri nafngift í arabalöndum. Nafninu hafði verið hafnað af þýskum yfirvöldum sem töldu það vera til þess fallið að skaða drenginn vegna tenginga við íslamska hryðjuverkastarfsemi.

Í þýskum lögum er kveðið á um að ekki sé leyfilegt að skíra börn nöfnum sem teljast þeim skaðleg. **- kg**

Varaformaður Vestnorræna ráðsins segir mikilvægt að læra af reynslunni:

# Fiskveiðistjórnunin krufin

**UTANRÍKISMÁL** Fiskveiðistjórnunarkerfi Færeyja, Grænlands og Íslands verða „krufin“ á sérstökum fundi á Stykkishólmi næsta sumar.

Ekkert er mikilvægara efnahagskerfum landanna þriggja en sjávarútvegurinn. Því ber þessum löndum að auka samstarf sitt á sviði sjávarútvegsmála og gera nákvæma úttekt á stjórnun fiskveiða.

Svo segir í ályktun Vestnorræna ráðsins, að loknum ársfundi þess í síðustu viku, sem getið var um í blaðinu á mánudag.

Það var, að tillögu Ólínu Þorvarðardóttur, varaformanns ráðsins, samþykkt að fiskveiðistjórnunarkerfi vestnorrænu ríkjanna verði meginmálefni næsta fundar.



**ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR** Ólína bendir á að í ríkjum ráðsins séu mjög ólík fiskveiðistjórnunarkerfi.

Ólína bendir á að í ríkjum ráðsins séu mjög ólík fiskveiðistjórnunarkerfi og að í þeim telji margir að sitt kerfi sé það besta í heimi. Einnig heyrist þar gagnrýni á þau.

„Ætli menn að endurskoða stjórnun veiðanna er mikilvægt að þekkja í þaula valkostina,“ segir Ólína í tilkynningunni.

Einnig skal hvetja ríkisstjórnir landanna til að koma á samstarfi um nemendaskipti milli mennta- og fjölbrautaskóla landanna.

Þá var ákveðið að leggja til við ríkisstjórnir ríkjanna að þær auki samstarf um bók-, iðn- og starfsnám fyrir ófaglært fólk í löndunum þremur. **- kóþ**

Hverfishátíð í miðborginni:

## Skottmarkaður á Klambratúni

**FÓLK Hverfahátíð Miðborgar og Hlíða verður haldin á Miklatúni á morgun.**

**Boðið verður upp á ýmis skemmtiatriði í tilefni dagsins, svo sem klifurvegg, kassaklifur, sápukúlufjör og Iss Piss-fimleikatrúða. Þá mun íþróttafélagið Valur kynna starfsemi sína og mun Sigfús Sigurðsson meðal annars kynna handknattleik. Þá verður einnig hægt að skoða Kjarvalsverk á Kjarvalsstöðum og skottmarkaður verður opinn þar sem íbúar munu selja ýmislegt notað og nýtt úr skottum bíla sinna. Hátíðin hefst klukkan 14.** **- kh**




**SÁTTIR** Gústaf Gústafsson, markaðs- og fjáröflunarstjóri hjá Krabbameinsfélaginu, Valtýr Helgi Diego og Vilhjálmur Svan, verslunarstjóri Herragarðsins í Kringlunni.

Styrktarbindi seldust upp:

## Krabbameinsátaki afhent rúm milljón

**SAMFÉLAGSMÁL Þrílit bindi sem seld voru til styrktar átakinu „Karlmenn og krabbamein“ seldust upp og skiluðu þar með átakinu ríflega einni milljón króna. Bindin sem voru til sölu í verslunum Herragarðsins voru blá, hvít og fjólublá en þeim litum er ætlað að minna á þrjú algengustu krabbamein hjá körlum; í blöðruhálskirtli, lungum og ristli.**

**Einn af hverjum þremur karlmönnum greinist með krabbamein en rannsóknir hafa sýnt að batahorfur þeirra sem greinast hér á landi eru almennt góðar. Mikilvægt sé að greina meinið snemma og að karlar séu meðvitaðir um einkenni krabbameina, er haft eftir Gústa Gústafssyni, markaðs- og fjáröflunarstjóra hjá Krabbameinsfélaginu í fréttatilkynningu.** **- sbt**

Aukning í ferðaþjónustu:

## Gistinóttum fjölgaði milli ára

**FERÐAMÁL** Gistinætur á hótelum í júlí síðastliðnum voru 203.400 en 202.200 á sama tíma í fyrra. Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum nema á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða og á Suðurlandi, að því er segir í tölum Hagstofunnar.

Hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á Norðurlandi, úr 22.300 í 25.000, eða um tæp 12 prósent. Gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði úr 114.500 í 117.200. Gistinætur á Austurlandi voru svipaðar milli ára eða 12.700. Á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða fækkaði gistinóttum úr 20.700 í 17.700 eða um 15 prósent. Á Suðurlandi fækkaði gistinóttum um 4 prósent. **- kh**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL**

### Brunnu inni með kvóta

Súðvíkingar gátu ekki nýtt 150 þorskígildistonna byggðakvóta þar sem engin útgerð uppfyllti skilyrði um vinnslu í landi. Eitt af skilyrðunum til þess að fá úthlutað byggðakvóta í Súðavík er að aflinn sé unninn á staðnum. Engin útgerð uppfyllti þetta skilyrði.




NÝTT UPPHAF
HJÁ NÝJA KAUPÞINGI

Nýi Kaupþing banki fagnar því að bankinn hefur nú verið endurfjármagnaður af ríkinu. Jafnframt er það mikið ánægjuefni að sátt hefur náðst milli ríkisins og skilanefndar Kaupþings um uppgjör krafna og framtíð nýja bankans. Með þessu er styrkum stoðum skotið undir starfsemi hans.

Enn einn áfanginn í endurreisn Nýja Kaupþings náðist í gær er ríkið og skilanefnd Kaupþings undirrituðu samninga sem fela m.a. í sér að skilanefndinni fyrir hönd kröfuhafa Kaupþings gefst kostur á að eignast um 87% hlutafjár í nýja bankanum á móti ríkissjóði. Skilanefndin hefur frest til 31. október til að taka ákvörðun.

Nýja Kaupþing mun hér eftir sem hingað til heyra að öllu leyti undir íslensk lög og íslenskar eftirlitsstofnanir. Dagleg starfsemi og þjónusta bankans raskast ekki við þessa breytingu og engin breyting verður á stöðu innlánseigenda.

Endurfjármögnun Nýja Kaupþings og samningurinn við skilanefndina eru mikilvæg skref í markvissri endurreisn bankans til hagsbóta fyrir viðskiptavini hans og samfélagið í heild.

Með vinsemd,

Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 46955 09/09

NÝI KAUPÞING BANKI

## „ORÐRÉTT“

### Það fossar blóð ...

**„Ég veit ekki hvort einhver ríkisbankinn, sem er að hirða úr fólki blóð og taugar, sé tilbúinn að lána pening til að kaupa þetta.“**

BUBBI MORTHENS SEM VILL KAUPA AFTUR HÖFUNDARRÉTTINN Á LÖGUNUM SÍNUM.

**Fréttablaðið, 3. september.**

### En meðmæli?

**„Það er alveg á hreinu að hann er ekki velkominn í vinnu hjá okkur aftur.“**

JÓN HALLDÓRSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SÖLUSVIÐS OLÍS, UM AFGREIÐSLUMANN OLÍS SEM ÆRÐIST Í VINNUNNI OG RÉÐST Á VIÐSKIPTAVINI.

**Fréttablaðið, 3. september.**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KRISTINN H. M. SCHRAM FORSTÖÐUMAÐUR ÞJÓÐFRÆÐISTOFU

## Undirbýr húmorsþing og önnur þing



„Þjóðfræðastofa hvílist aldrei og fram undan er nokkuð þétt dagskrá hjá okkur í vetur,“ segir Kristinn H. M. Schram, forstöðumaður Þjóðfræðistofu sem er á Hólmavík. Á laugardaginn verður haldið málþing nyrðra, Lífróður – málþing um hafið í sjálfsmynd þjóðarinnar.

„Það má segja að nú séum við að fara með aflann í kaupstað. Í vor og sumar buðum við, í samvinnu við Hafnarborg, upp á lista- og fræðimannaverbúð. Fólk kom hingað og vann að list sinni og fræðum, ræddi við sjómenn og fór á sjóinn og kynntist lífinu í sjávarplássi. Í kjölfarið höldum við málþing á laugardaginn þar sem afraksturinn verður skoðaður. Hingað komu alls kyns lista- og fræðimenn, fólk með ólíkan bakgrunn, og viðaði að sér efni sem það nýtti á mjög mismunandi hátt.

Við veltum því fyrir okkur hvernig hafið birtist í sjálfsmynd Íslendinga og orðræðunni, hafið sem myndmál og raunverulegt fyrirbæri sem umkringir okkur og er hluti af okkar daglega lífi með einum eða öðrum hætti.“

Þjóðfræðastofa hefur starfað í rúmlega ár og Kristinn segir reynsluna vera góða. Þó að harðnað hafi á dalnum horfi menn bjartsýnir til framtíðar, enda á góðum grunni að byggja.

„Fram undan er síðan haustþing Þjóðfræðastofu og í kjölfarið höldum við húmorsþing. Þá erum við að klára heimildarmynd um slóðir Gísla sögu Súrssonar. Þar að auki er hér unnið að rannsóknum og kennslu árið um kring.“

## FRÓÐLEIKUR

### PENINGAR Í HEIMINUM

■ Samkvæmt staðreyndabók bandarísku leyniþjónustunnar CIA er peningamagnið (M1) á jörðinni alls 12,3 billjónir bandaríska dala, eða 12.300 milljarðar sé örlítið skiljanlegri tala notuð. Í íslenskum krónum mælist þessi fjárhæð rúmlega 1.500 billjónir. Þetta er rúmlega þúsundföld þjóðarframleiðsla Íslands.

Heimsframleiðslan mun, samkvæmt sömu heimild, nema 62 billjónum dala, eða 7.700 billjónum íslenskra króna. Hlutur Íslands í heimsframleiðslunni er nálægt því að vera einn fimmþúsundasti, sem verður að teljast nokkuð gott því jarðarbúar eru 20 þúsund fleiri en Íslendingar.

## SJÓNARHÓLL

ÍSLAND VIÐI VAXIÐ

### Stórkostlegar fréttir



BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR

„Mér líst bara mjög vel á þetta, það er er nóg af auðn á Íslandi,“ segir Bjargey Ólafsdóttir myndlistarmaður um þá frétt að undirlendi Íslands verði skógi vaxið vegna minnkandi beitar og hlýrra loftslags. „Náttúran er að sá sér sjálf og það er stórkostlegt, hún er bara að leika sér. Það veitir líka ekki af því að binda sandana hérlendis, þá minnkar uppblásturinn.“ Bjargey segist þó vera ansi háð víðáttunni á Íslandi en hefur ekki áhyggjur af því að hún sé úr sögunni. „Regluleg eldgos sjá alveg um að við höfum næga auðn og sanda. Íslenski skógurinn er líka svo lágvaxinn yfirleitt að minnsta kosti í samanburði við þá skandinavísku. Ég hef verið mikið í Finnlandi og farið í göngutúra og útilegur í skógum þar, sem er frábært. En ég þurfti að venjast skóginum í fyrsta skipti sem ég kom til Finnlands. Það fór ég til vinkonu minnar í Mið-Finnlandi sem var að fá íslenska hesta. Ég og hestarnir vorum mjög fælin í fyrstu útreiðartúrunum í skóginum. Hvorki ég né þeir vorum vön öllum þessum trjám.“






# Stuttmyndir í stað arfans

**Dyggðin dýra er nafnið á samvinnuverkefni Laugarneskirkju, Vinnuskólans og Laugalækjarskóla sem fram hefur farið í sumar. Unglingar úr 9. og 10. bekk lærðu stuttmyndagerð og verður afraksturinn frumsýndur á sunnudag.**



**SAMHENTUR HÓPUR** Hluti hópsins sem vann að stuttmyndagerð í sumar. Efri röð frá vinstri: Brynjar, Haraldur Ari, Arnar Steinn leiðbeinandi, Ragnar, Grétar, Aldís og Karítas. Neðri röð frá vinstri: Helena leiðbeinandi, Guðmundur, Óskar og Mona.

„Ég er ótrúlega ánægð með útkomuna úr þessu starfi, og ekki síst krakkanna vegna. Þeir lærðu mjög mikið á þessu og voru svakalega duglegir,“ segir Helena Stefánsdóttir kvikmyndagerðarkona. Helena og Arnar Steinn Friðbjörnsson, eiginmaður hennar, hafa í sumar leiðbeint unglingum úr 9. og 10. bekk Laugalækjarskóla við stuttmyndagerð. Afraksturinn, þrjár stuttmyndir sem allar fjalla á einhvern hátt um dyggðir, verður frumsýndur í Laugarásbíói á sunnudaginn klukkan 12.30.

Verkefnið, sem tók sex vikur í sumar, ber titilinn Dyggðin dýra og var unnið í samvinnu Laugarneskirkju. Helena segir tilurð verkefnisins þá að kirkjan hafi fengið myndarlegan styrk, frá aðilum sem ekki vilja láta nafns síns getið, til að nota í unglingastarf. „Það var haft samband við okkur í því augnamiði, þar sem við höfum unnið mikið með ungmennum á þessu sviði. Krakkarnir voru á launum hjá Vinnuskólanum og áttu því kost á því að eyða sumrinu í að læra kvikmyndagerð í stað þess að reyta arfa. Við tókum inn fimmtán krakka, sem er mjög passleg stærð. Allt var tekið fyrir, frá hugmyndavinnu til frumsýningar og allt þar á milli. Við byrjuðum á því að hitta Gunnar Hersvein heimspeking, sem ræddi við krakkana um dyggðir, og svo spruttu handritin út frá því. Við ákváðum strax í byrjun að hafa þetta eins mikið „alvöru“ og hugsast gat,“ segir Helena.

Spurð hvort eitthvert framtíðarhæfileikafólk leynist í þessum fimmtán manna hópi segir Helena það vera alveg á hreinu. „Sumir höfðu bara gaman af þessu en aðrir tóku þessu gríðarlega alvarlega og vildu læra allt frá a til ö. Krakkarnir eru svo frjóir og skemmtilegir að ég þurfti lítið að troða mínum hugmyndum inn í handritin.“

Séra Hildur Eir Bolladóttir, prestur í Laugarneskirkju, segir starfið í sumar hafa gengið framar vonum. „Krakkarnir voru svo áhugasamir að þeir víluðu ekki fyrir sér að vinna mun fleiri stundir en samningar sögðu til um til þess að tryggja að allt gengi upp. Það er alveg á hreinu að framhald verður á þessu starfi. Þetta verður endurtekið næsta sumar,“ segir Hildur Eir Bolladóttir. Hún tekur fram að allir séu velkomnir á frumsýninguna í Laugarásbíói á sunnudag.

**kjartan@frettabladid.is**

Tveir sporðdrekar slæddust til Íslands með ferðamönnum frá Suður-Frakklandi:

# Eignaðist 20 afkvæmi á Íslandi

Tveir sporðdrekar slæddust hingað til lands nýlega með ferðamönnum sem komu frá Frakklandi. Annar lifði ferðalagið af og eignaðist um 20 afkvæmi eftir að honum var komið í hendur Náttúrufræðistofnunar Íslands.

„Fólkinu varð auðvitað talsvert um, en hélt ró sinni og það náðist að fanga sporðdrekann,“ segir Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.



**FERÐALANGAR** Týtusporðdrekar bera ungviðið á bakinu fyrstu ævidaga þess og það gerði flakkarinn sem kom hingað til lands einnig. MYND/ERLING ÓLAFSSON

Um er að ræða svokallaða týtusporðdreka sem lifa aðallega í Suður-Evrópu, að því er fram kemur á svokölluðum pödduvef Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Týtusporðdrekar eru yfirleitt á bilinu 3,5 til 4,5 sentimetrar að lengd og frjósami sporðdrekinn sem nú hefur stofnað fjölskyldu hér á landi var því í minni kantinum, um 3,5 sentimetrar. Sporðdrekarnir fæða lifandi unga og eyðir ungviðið fyrstu dögunum á baki móðurinnar.

Eitrið í broddum týtusporðdreka er ekki talið hættulegt mönnum, utan þeim sem eru með ofnæmi, svipað og segja má um stungur geitunga. Engar líkur eru á því að sporðdrekar af þessari tegund geti numið hér land sökum kulda, segir Erling.

Framtíð ferðalangsins og afkvæma hans hér á landi er sem stendur í óvissu, en Erling segist afar tregur til að aflífa dýrin. Litla fjölskyldan mun því fá að dafna eitthvað áfram í öruggri geymslu hjá Náttúrufræðistofnun þar sem Erling getur fylgst með þessum forvitnilegu nágrönnum.

Erling segir sporðdreka ekki finnast hér á landi og afar sjaldgæft sé að þeir berist hingað. Sjálfur muni hann aðeins eftir einu tilviki. Sporðdrekarnir eiga þó fjarskylda ættingja hér á landi, til dæmis svokallaða húsadreka, sem minna á sporðlausa sporðdreka, og finnast í skúmaskotum á höfuðborgarsvæðinu og víðar. **- bj**



**NÁMIÐ KYNNT** Kynningarfundur fyrir mastersnám í Norðurlandafræðum fór fram í gær. Umsóknarfrestur rennur út 15. september. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýtt mastersnám í Norðurlandafræðum:

# Námið ýtir undir norrænt samstarf

**MENNTUN** Í haust hefst nýtt nám í Norðurlandafræðum við Háskóla Íslands, þar sem lögð verður sérstök áhersla á norræn tjáskipti og menningu. Námið, sem gefur mastersgráðu, er ætlað þeim sem hafa lokið BA-eða BS-gráðu og hafa að minnsta kosti eitt Norðurlandamál á hraðbergi.

Jón Yngvi Jóhannsson, einn kennaranna, segir að með náminu sé ætlunin að efla norrænt samstarf. Nemendur verði mun hæfari til þátttöku í því að náminu loknu.

Námið er fjölbreytt og mun fjöldi gestakennara frá Norðurlöndunum hafa umsjón með því. Jón Yngvi segir að í sínum hluta taki nemendur þátt í bókmenntahátíð og eins í málþingi um Knut Hamsun sem haldið verður í október.

Jón Yngvi segir norrænt samstarf síst vera á undanhaldi og raunar séu líkur á að það verði æ mikilvægara. „Geysilega mikið af öllu starfi í háskólum, stjórnsýslu og því sem viðkemur menningarlífi byggir á norrænu samstarfi. Það verður manni mun fremur að gagni ef maður hefur innsýn í mál og menningu hinna Norðurlandanna. Ég hef grun um að norrænt samstarf verði mun mikilvægara á næstunni, ekki síst ef við förum inn í Evrópusambandið.“

Námið tekur tvö ár, en hægt er að ljúka diplómanámi eftir eitt ár. Umsóknarfrestur rennur út 15. september. **- kóp**

> Geysilega mikið af öllu starfi í háskólum, stjórnsýslu og því sem viðkemur menningarlífi byggir á norrænu samstarfi
>
> **JÓN YNGVI JÓHANNSSON**
> KENNARI Í NORÐURLANDAFRÆÐUM VIÐ HÍ



**UMDEILT** Margar ákvarðanir í skipulagsmálum hafa verið umdeildar undanfarin ár, til dæmis framkvæmdir við Höfðatorg í Borgartúni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meistaranám í skipulagsfræðum kennt á Hvanneyri:

# Skipulagsfræðinga vantar til starfa

**MENNTUN** Meistaranám í skipulagsfræðum hóf göngu sína í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri nú á haustmisseri.



**SIGRÍÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR**

Að sögn Sigríðar Kristjánsdóttur, lektors í skipulagsfræði við skólann, þá er mikil þörf fyrir skipulagsfræðinga til starfa á Íslandi; til starfa í stjórnsýslunni, bæði á sveitarstjórnarstigi og í ráðuneytum.

„Við vonumst til þess að bæta þekkingu og skipulagsmenningu á Íslandi með náminu,“ segir Sigríður sem hefur doktorsnám í faginu að baki. Skipulagsmál hafa verið mikið til umfjöllunar undanfarin ár og segir Sigríður að margt hefði mátt betur fara í þeim málum; starfskraftar menntaðra skipulagsfræðinga eigi þannig örugglega eftir að nýtast vel.

„Tilgangur námsins er þó alls ekki að gagnrýna allt og alla heldur að kenna réttar aðferðir við skipulagsmál,“ segir Sigríður. Hún hefur sjálf oft verið kölluð til sem sérfróður dómari í dómsmálum sem tengjast skipulagi og bendir á að með betra unnu skipulagi megi forðast slíkar deilur og þar með spara milljónir.

Nám í skipulagsfræðum er opið öllum sem hafa lokið BA- eða BS-námi í háskóla en nemendur sem koma úr ólíkum greinum geta tekið námskeið á BS-stigi samhliða náminu til að bæta við grunnþekkingu á faginu. Einnig verða endurmenntunarkúrsar í boði. **- sbt**




# ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP







**Kjúklingabollur**




**Ýsuréttur í karrí**




**Kjúklingaleggir**
ferskir




**Kalkúnasteikur**
10 x 100g frosnar

Jói FEL



Betri brauðsalöt!



















24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 6. september á meðan birgðir endast.



Hálfur lambaskrokkur
á tilboði
OPIÐ
til 20
alla daga
ÓDÝRT Í HAGKAUP
LAMBAKJÖT
1/2 SKROKKUR
FROSINN
849 kr/kg.
Innihald: Heilt læri, heill hryggur, sneiddur frampartur og sneidd slög.
ÓDÝRT Í HAGKAUP
499 kr/pk.
Nautaat borgarar m/brauði
4 x 80g
Holta-kjúklingur
ÓDÝRT Í HAGKAUP
1.594 kr/kg.
Merkt verð 2.899.-
Kjúklingalundir
ferskar
ÍSLANDS LAMB
1.234 kr/kg.
Merkt verð 1.898.-
Helgarsteik
frampartur
1.399 kr/pk.
Verð áður 2.399.-
Jensen´s BBQ svínarif
tilbúin beint á grillið
ÍTALÍA
allt það besta
beint frá ítalíu
Hágæða ítölsk ólífuolía!
JÓI FEL FERSKT PIZZADEIG
299 kr/pk.
ALOA VERA DRYKKUR
229 kr/stk.
TORTILLA CHIP 2 TEG. 200GR
209 kr/stk.
GEETA´S MANGO CHUTNEY 300GR
399 kr/stk.
DR. MARTINS KÓKOSVATN
449 kr/stk.
SANTA MARIA TORTILLUR 8STK
389 kr/stk.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Yfir haf og lönd:

## Ísland - Kanada

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Núningsfletir Íslands og Kanada hafa verið nokkrir á liðnu sumri. Hvergi á byggðu bóli utan eyjarinnar okkar eru íslenskir menn fleiri en í Kanada, þessu víðfeðma og volduga ríki, þar sem margir áar okkar festu ból fyrir rúmri öld. Fullyrt er að menn af íslenskum uppruna séu þar í landi nær sjö af hundraði þegna Kanada. Enn leita aldraðir menn og ungir þangað vestur til að sækja afkomendur íslenskra landnema heim. Kanadamenn brugðust snögglega við þegar harðnaði á dalnum hér snemma í Hrunadansinum og buðu starfandi höndum íslenskum vinnu vestanhafs. Við eigum þar frændgarð, vini og bandamenn í varnarsamstarfi vestrænna ríkja.

Á miðju sumri tók gildi fríverslunarsamningur milli ríkjanna. Hann hefur farið furðu hljótt en með honum opnast markaðir í báðum löndunum sem nú er kostur að sinna ef menn í framleiðslu og viðskiptum grípa tækifærið.

*Kanada, Alaskafylki Bandaríkjanna, Grænland, Ísland og Noregur mynda brátt gátt um norðurleiðirnar nýju ... hliðvörslu á þessari mikilvægu og arðbæru verslunarleið..*

Menningarsamskipti við Kanada hafa verið allt of lítil. Þangað eigum við sækja meira. Landshættir, hin hörðu lífsskilyrði norðursins, ættu að tengja okkur í sameiginlegum viðfangsefnum. Það eru fleiri en Baggalútur sem gætu grætt og gefið í samskiptum við fjölþjóðasamfélagið kanadíska.

Kanada hefur eitt fárra ríkja borið barr sitt í gerningaveðri fjármálaheimsins liðin misseri. Hvað getum við af Kanadamönnum lært svo vörnum megi koma við græðgisöflum heima og heiman?

Hingað hefur nýlega sótt kanadískt fyrirtæki í orkugeirann og veldur miklum deilum eftirsókn þaðan í auðlindir okkar. Áður höfum við sótt grimmilega á Nýfundnalandsmið sem nú eru uppurin og eydd. Hvað getum við lært af þeirra mistökum í skefjalausum togveiðum?

Utanríkisráðherra Íslands sótti okkar fólk í Kanada heim í sumar, sat þar veislur og lék við hvern sinn fingur enda aufúsugestur hvar sem hann kemur sökum glaðlyndis og lifandi áhuga á umhverfi sínu. Samt lét hann undir höfuð leggjast að nýta ferð sína til heimsókna til ríkisstjórnar Kanada þar sem færi var á að gera mönnum vestra grein fyrir stöðu okkar nú.

Kanada, Alaskafylki Bandaríkjanna, Grænland, Ísland og Noregur mynda brátt gátt um norðurleiðirnar nýju. Möguleg innganga Íslands inn í Evrópubandalagið færir bandalagslöndunum á gullfati aðgang að hliðvörslu á þessari mikilvægu og arðbæru verslunarleið, og um leið dagleið frá nýju bandalagslandi að námuauðæfum Grænlands á austurströnd þeirrar köldu álfu. Íslensk stjórnvöld eiga að kappkosta næstu árin að halda sem mestu og bestu sambandi og samstarfi við Kanadastjórn til að undirbyggja og styrkja bönd sem ekki verða frá okkur tekin þótt líflínan suður til meginlands Evrópu verði styrkt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

**Er tímareimin komin á tíma?**

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**

**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 50.805 kr.

**Toyota Land Cruiser 90 3,0TD** Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 40.780 kr.

**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.870 kr.

**VW Golf 1,6AEE bensín** Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.774 kr.

**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

**Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00**
**www.velaland.is**

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

**Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.**




VÉLALAND

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nýstalínismi?

Andrés Magnússon, blaðamaður Viðskiptablaðsins, skammast út í Rósu Björk Brynjólfsdóttur, fréttamann RÚV, fyrir að kalla Hannes Hólmstein Gissurarson nýfrjálshyggjumann. Það sé 20 ára gamalt delluhugtak, samið til að ófrægja frjálshyggjuna. Leggur Andrés þetta að jöfnu við að Rósa Björk væri kölluð stalínisti vegna þess að hún hefði verið í framboði fyrir Vinstri græna. Hvað á Andrés við? Er stalínismi líka delluhugtak, slegið til að ófrægja vinstri menn? Það hefur hvorki aftrað honum né Hannesi Hólmsteini frá því að nota hugtakið í gegnum tíðina.



### Í Edenslundi

Andrési Jónssyni, almannatengli almannatengla á Íslandi, er mikið niðri fyrir vegna þeirrar ákvörðunar nýrra eigenda Eden í Hveragerði að breyta nafninu í Iðavelli. Með þessu sé verið að kasta einu frægasta vörumerki landsins fyrir róða. En fer ekki bara vel á því að Eden skipti nú um nafn, því rétt eins og Adam voru Íslendingar ekki lengi í paradís.



### Frjó umræða

Egill Helgason sjónvarpsmaður og Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, skiptast á orðum þessa dagana. Í gær skrifaði Björn: „Egill Helgason telur, að athugasemd mín hér á síðunni í gær um íhlutun OECD í íslensk innanríkismál byggist á því, sem hann kallar „móðgunargirni". Ef ég ætti að finna eitthver gildishlaðin orð yfir þessa skoðun Egils dytti mér í hug „minnimáttarkennd" eða „útlendingasmjaður"." Svo segir fólk að umræðan á Íslandi sé ekki háu plani.

**bergsteinn@frettabladid.is**

## Vinnuafl eða fólk?



GUÐLAUG BJÖRNSDÓTTIR

**Í DAG** | Málefni innflytjenda

Síðustu vikur hefur landflótti Íslendinga vegna efnahagsástandsins hér á landi verið áberandi í umræðunni. Í fjölmiðlum hafa birst viðtöl við einstaklinga sem telja sér ekki annað fært en að flytja úr landi í leit að betra lífi. Hvergi hefur verið talað um að þessir einstaklingar tilheyri nú hópi innflytjenda í því landi sem þeir flytja til enda flestir líklega á leið til Noregs eða Danmerkur.

Ólíkt raunveruleika innflytjenda á Íslandi þá hafa innflytjendur í Noregi og Danmörku (þ.á.m. Íslendingar) aðgang að ókeypis tungumálakennslu sem gerir þeim auðveldara um vik að aðlagast. Það er eins og margir átti sig ekki á þeirri staðreynd að Ísland er hluti af evrópskum atvinnumarkaði og því fylgja ekki eingöngu réttindi heldur líka skyldur. Það þýðir ekki bara það, að Íslendingar geti nýtt sér þennan atvinnumarkað og flutt erlendis í von um betra líf, heldur líka að þeir sem hingað flytja til og greiða sína skatta og skyldur hér eiga rétt á aðgengi að íslensku samfélagi.

Í efnahagslegri uppsveiflu síðustu ára fluttist hingað til lands fjöldi útlendinga í leit að betra lífi. Því miður var tilhneiging til að líta á þá sem einn hóp, eða „vinnuafl" í stað einstaklinga. Nú þegar harðna tekur á dalnum hverfa margir þessara einstaklinga af landi brott en alls ekki allir, enda hafa margir að engu að hverfa í sínu heimalandi. Margir hafa keypt hér húsnæði og búið sér og fjölskyldu sinni gott líf, en margir eru hreinlega í sömu húsnæðisfjötrum og aðrir íbúar landsins. Þeir komast því ekki burt þó þeir fegnir vildu. Þessir einstaklingar áttu stóran þátt í að halda grunnstoðum samfélagsins gangandi með því að taka að sér störf sem Íslendingar litu ekki við og hafa þar að auki greitt skatta til samfélagsins og unnið sér inn réttindi til atvinnuleysisbóta eins og aðrir þegnar þessa lands.

Með því að líta á þá sem hingað fluttust eingöngu sem nauðsynlegt „vinnuafl" var sjaldnast gerð krafa um íslenskukunnáttu. Aðgengi að námskeiðum var takmarkað og langur vinnudagur gerði mörgum þeirra ókleift að sækja þau námskeið sem þó voru í boði. Eftir þrýsting frá stofnunum sem vinna að málefnum innflytjenda veittu stjórnvöld loks fjármagn til íslenskukennslu árið 2007 og sú „sprenging" sem varð á námskeiðahaldi í framhaldi af því sýnir hversu þörfin var mikil. Í ár hefur þetta fjármagn verið skert það mikið að nánast má segja að við séum aftur komin á byrjunarreit. Það er lýsandi fyrir veika stöðu innflytjenda hér á landi að þessi niðurskurður hefur verið nánast gagnrýnislaus. Innflytjendur sjálfir eru tregir til að gagnrýna aðstæður sínar af ótta við viðbrögð Íslendinga og margir þeirra hafa sagt mér að þeir upplifi að þeir hafi „ekki rétt" til að gagnrýna íslenskt samfélag.

Samkvæmt greiningardeild Íslandsbanka voru erlendir ríkisborgarar í lok júní 11,8% þeirra sem skráðir voru án atvinnu en í byrjun árs voru erlendir ríkisborgarar 16,5% atvinnulausra í landinu. Miðað við það mat Vinnumálastofnunar að nálægt 9.000 erlendir ríkisborgarar séu nú á innlendum vinnumarkaði er atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi nú um 20%. Í starfi mínu hjá Jafnréttishúsi í Hafnarfirði hef ég kynnst aðstæðum atvinnulausra innflytjenda af eigin raun og ekki fer á milli mála að þessi hópur stendur höllum fæti á vinnumarkaðnum. Í auglýsingum um atvinnu í boði sjást nú oftar kröfur um íslenskukunnáttu, jafnvel í störfum eins og ræstingum. Konur af erlendum uppruna segja mér að þrátt fyrir að tala þokkalega íslensku og hafa unnið árum saman við ræstingar þá sé þeim nú hafnað hvað eftir annað á þeirri forsendu að þær tali ekki nógu „góða" íslensku.

Það segir sig sjálft að einstaklingur á atvinnuleysisbótum hefur varla efni á því að greiða 25.000 krónur fyrir eitt íslenskunámskeið. Þó svo þeir sem greitt hafa í stéttarfélag fái hluta námskeiðsins endurgreiddan eru margir sem geta hreinlega ekki lagt út fyrir námskeiðsgjaldinu. Nær væri að þessi námskeið séu ókeypis fyrir atvinnulausa útlendinga. Ef ekkert verður að gert til að aðstoða íbúa af erlendum uppruna við að aðlagast íslensku samfélagi er hætta á að stór hluti þeirra einangrist í samfélaginu og fordómar í þeirra garð aukist, oft með skelfilegum afleiðingum.

*Höfundur er mannfræðingur og starfsmaður Jafnréttishúss í Hafnarfirði.*

## Menningarverðmæti á tombólu

**UMRÆÐAN**

Guðrún Erla Geirsdóttir (Gerla) skrifar um menningarverðmæti



GUÐRÚN ERLA GEIRSDÓTTIR

Á tímum erfileika og örbirgðar sem fylgdu Skaftáreldunum voru margir gripir sem telja má til þjóðargersema fluttir úr landi. Hingað komu erlendir menn sem nýttu sér fátækt og andvaraleysi landsmanna og keyptu listhandverk og gamla kirkjugripi. Hluti af þessu skilaði sér síðar inn á söfn í Evrópu, annað hvarf fyrir fullt og allt.

Í byrjun sumars sendi þingmaður Sjálfstæðisflokksins flokkssystur minni Jóhönnu Sigurðadóttur forsætisráðherra áskorun um að selja myndverk sem nú er í eigu bankanna. Rök hans voru þau að það þurfi að leita „skynsamlegra" leiða til að afla fjár fyrir ríkiskassann. Þegar flokkur þingmannsins og Framsóknarflokkurinn seldu einkavinum sínum ríkisbankana fylgdu með listverkin sem voru í eigu þjóðarinnar. Ekki voru þau metin til fjár heldur virðist hafa gleymst að undanskilja þau og koma þeim til Listasafns Íslands. Ef hugmyndir þingmannsins ganga eftir, bíða verkanna sömu örlög og þess sem gerðist í kjölfar Skaftáreldanna, að erlendir aðilar fái þau á tombóluverði. Eins og sýning sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands á nokkrum verka bankanna ber með sér eru þau mörg hver þjóðargersemar og því er það skylda stjórnvalda að sjá til þess að þau verði aftur í sameiginlegri eigu landsmanna.

Þann 2. september birtist auglýsing frá þekktu dönsku uppboðshúsi þar sem m.a. er leitað eftir verkum Kjarvals, Ásgríms, Jóns Stefánssonar og Ólafs Elíassonar. Eigendum slíkra verka er boðið að meta í „Konunglega danska sendiráðið". Þar verði verkin metin. Uppboðshaldarinn lofar „besta verðið á markaðnum ásamt skjótu uppgjöri". Einnig er hægt að fá verkin metin í heimahúsum. Minnir þetta óneitanlega á þá tíma sem hér var minnst á að framan. Þá er erlendir kaupahéðnar buðu þurfandi almenningi gullpeninga fyrir menningarverðmæti. Verðmæti sem svo sannarlega hefðu aldrei átt að fara úr landi. Við skulum vona að það sama verði ekki upp á teningnum nú.

*Höfundur er myndlistar- og stjórnmálakona.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# FYRIR GRÆJUFÍKLA

## NÝJAR ÓMÓTSTÆÐILEGAR VÖRUR




## PHILIPS

**FULLKOMIÐ 21:9 BREIÐTJALDSSNIÐ MEÐ AMBILIGHT**

**Philips 56PFL9954H**
56" 21:9 Full HD 1080p BREIÐTJALD með 2560x1080 Progressive Scan upplausn, Ambilight Spectra 3 baklýsingu, Perfect Pixel HD háskerpa og skýrleiki, 200Hz Clear LCD, 1ms í svartíma, Perfect Natural Motion, Ultra smooth Full-HD, Net TV með Wi-Fi (YouTube ofl.), DLNA PC tölvutengi, DVB-T stafrænum mótt., dínamískri 80.000:1 skerpu, 30w (RMS) Virtual Dolby Digital hljóðkerfi, 5x HDMI, 2x Scart, Component, Audio L/R & VGA (PC) tengi, S-Video, CVBS, heyrnatóls- og Coaxial tengi, Common interface (Smart kort), Ethernet, USB ofl.

Nýjar víddir opnast þeim er upplifa háskerpu Blu-ray og HDTV myndefni eða spila tölvuleiki í þessu óviðjafnanlega 56" ofur-breiðtjaldi. Það framkallar ósvikna upplifun sem gefur kvikmyndatjaldinu ekkert eftir.




PASSAR Í LÓFA

## TOSHIBA

**Toshiba P10**
Handhæg stafræn TÖKUVÉL með 1080p HD upplausn, 5MP kyrrmyndavél, 4x Digital Zoom, 2.5" LCD skjá, 128MB innbyggðu minni og Red-Eye Reduction. Tekur SDHC kort að 32GB.

**VERÐ ▶ 39.990**
FRÁBÆRT VERÐ

EISA AWARD Best Product 2009-2010
TRAVEL COMPACT CAMERA
Casio Exilim EX-H10



1000 MYNDIR Á RAFHLÖÐU

## CASIO

FACE DETECTION | 12.1MP

**Casio EXH10**
Stafræn MYNDAVÉL með 12.1 milljón punkta uppl., EXILIM Engine 4.0, Auto BESTSHOT, hristivörn, Advanced Auto Framing fókus, 3" Super Clear LCD breiðskjá, 10x Optical og 4x Digital Zoom, ISO 64-3200, F3.2 4.3 - 43.0mm linsu, 16:9 HD hreyfimyndatöku (1280x720), YouTube Capture Mode, 1000 mynda rafhlöðu, 35.7MB minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

**TILBOÐ ▶ 64.990**
FULLT VERÐ kr. 69.990

SJÓÐHEIT
VAR AÐ LENDA




## Nikon

10.2 DX

**Nikon D3000KIT1855DX**
Digital SLR MYNDAVÉL með 10.2 milljón punkta upplausn, DX-snið myndflögu með Nikon EXPEED, ISO 100 -1600, 3" LCD skjá, mjög skörpum 11 svæða sjálfvirkum fókus, Active D-Lighting, afstaða skjámyndar snýst sjálfkrafa með vél, In-Camera NEF (RAW) vinnsla, Stop-motion, Nikon 3D lita fylkisljósmæling II. Þyngd 485g.

**VERÐ ▶ 129.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Blu-ray Disc

**FJÖLKERFA BLU-RAY SPILARI**



**Panasonic DMPBD60**
High Definition 1080p 24fps Blu-Ray SPILARI með P4HD, DTS-HD og Dolby TrueHD fyrir hágæða 7.1 heimabíóhljóm, DVD uppskölun í 1080p, BD-Live, VIERA CAST, Dolby Digital og DTS, VIERA Link, SDHC kortalesara, innb. spilar AVCHD/ JPEG, USB, HDMI 1.3, Scart, Component, SVHS, CVBS og Digital Optical tengi

## Panasonic

**VERÐ ▶ 79.990**
FRÁBÆRT VERÐ

## PHILIPS

Full HD 1080p



**Philips HSB4383**
300w RMS SoundBar HEIMABÍÓKERFI með einum hátalara og þráðlausu bassaboxi, innb., DVD spilara ( DivX og MP3), 1080p DVD uppskölun, Dolby Virtual Speaker, USB 2.0, HDMI, Component, Aux (3.5mm) tengi ofl.

**VERÐ ▶ 149.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.



†

*Ástkær sonur minn og bróðir,*

**Jón Ingi Óskarsson**
Álfaskeiði 51, Hafnarfirði,

varð bráðkvaddur þriðjudaginn 1. september.

**Elsa Guðjónsdóttir**
**Þórhallur Frímann Óskarsson**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Þorsteins Hjaltason (Glói)**

sem lést á dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 29. ágúst, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 7. september kl. 13.30.

**Sigríður Steindórsdóttir**
**Steindór Jónsson** **Anna Þórný Jónsdóttir**
**Helgi Vigfús Jónsson** **Ingibjörg Jónasdóttir**
**Lára Magnea Jónsdóttir** **Ólafur Guðmundsson**
**afabörn og langafabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Bjarna Bentssonar**
fyrrv. yfirverkstjóra hjá Flugmálastjórn,
Digranesvegi 80, Kópavogi.

**Unnur Jakobsdóttir**
**Bent Bjarnason** **Helga Helgadóttir**
**Anna Þórdís Bjarnadóttir** **Stefán R. Jónsson**
**Jakob Bjarnason** **Þóra Kristín Vilhjálmsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Halldóra Gunnarsdóttir**
frá Steinsstöðum,
til heimilis að Höfðagrund 19, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness mánudaginn 1. sept sl. Útför hennar verður gerð frá Akraneskirkju miðvikudaginn 9. sept. kl. 14.00.

**Árni S. Einarsson** **Guðbjörg Halldórsdóttir**
**Gunnar Einarsson** **Ragnheiður Pétursdóttir**
**Marteinn G. Einarsson** **Guðrún Sigurbjörnsdóttir**
**Einar Halldór Einarsson**
**Guðmundur Einarsson** **Sóley Sævarsdóttir**

**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hreiðar Karlsson**
Laugarbrekku 5, Húsavík,

lést á Gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi laugardaginn 29. ágúst sl. Jarðsungið verður frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 5. september kl. 14.00.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Orgelsjóð Húsavíkurkirkju. Gjafakort fást í Blómabúðinni Esar, Húsavík.

**Jónína Á. Hallgrímsdóttir**
**Hallgrímur Hreiðarsson** **Dagmar Kristjánsdóttir**
**Kristjana Hreiðarsdóttir** **Áki Áskelsson**
**Herdís Hreiðarsdóttir** **Björn Maríus Jónasson**
**Karl Hreiðarsson** **Unnur Ösp Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

**STEVE IRWIN LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 2006**

*„Ég er ekkert hræddur við að týna lífi. Ef ég lendi í þeirri aðstöðu að þurfa að bjarga kóalabirni, krókódíl, kengúru eða snáki þá mun ég gera það."*



***Irwin var ástralskur dýraverndunarsinni og sjónvarpsþáttastjórnandi. Hann lést við upptökur á þætti sínum The Crocodile Hunter þegar stingskata stakk hann í hjartastað.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST 4. SEPTEMBER ÁRIÐ 1943**

## *Íslandsklukkan kemur út*



Þennan dag árið 1943 kom Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness út og var henni vel tekið. Hún kom út í þremur hlutum á árunum 1943 til 1946 og heita þeir Íslandsklukkan, Hið ljósa man og Eldur í Kaupinhafn.

Fyrsti hluti sögunnar segir frá Jóni Hreggviðssyni, bónda á Rein, og baráttu hans við yfirvöld. Snæfríður Íslandssól er kynnt til sögunnar í fyrsta hluta þar sem hún ferðast um landið með Arnasi Arnæus og síðar þegar hún fær varðmann til að leysa Jón Hreggviðsson úr haldi á Alþingi. Hún er svo í aðalhlutverki í öðrum hlutanum og er gift Magnúsi í Bræðratungu þrátt fyrir að hafa elskað Arnas. Þriðji hlutinn fjallar svo um Arnas Arnæus og örlög bókasafns hans í Kaupinhafn.

Bókinni fylgdi viðvörun til lesandans þar sem höfundur lét þess getið að um sagnfræðilega skáldsögu væri að ræða en þrátt fyrir það er ljóst að rætur sögunnar liggja djúpt í þjóðfélagsveruleika sögutímans.

Heimild: Wikipedia



Kynjahlutfall þeirra sem stunda karate hjá Þórshamri er nokkuð jafnt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KARATEFÉLAGIÐ ÞÓRSHAMAR: FAGNAR ÞRJÁTÍU ÁRA AFMÆLI

# Fyrir konur jafnt sem karla

Karatefélagið Þórshamar heldur upp á þrjátíu ára afmæli félagsins á morgun en það hefur starfað óslitið síðan 27. maí árið 1979.

„Í tilefni dagsins verðum við með móttöku fyrir boðsgesti og síðan opið hús frá 15 til 17, segir Jón Ingi Þorvaldsson, formaður félagsins. „Klukkan 15.30 og 16.30 munu nokkrir af iðkendum félagsins leika listir sínar og um kvöldið verður haldið teiti fyrir félagsmenn átján ára og eldri," bætir hann við.

Jón Ingi hefur gegnt formennsku í félaginu með hléum frá árinu 2003 en hann byrjaði að æfa með Þórshamri árið 1990. Hann segir fólk iðka karate á mjög mismunandi forsendum. „Karate er hægt að iðka sem bardagalist, keppnisíþrótt eða líkamsrækt allt eftir því hvaða markmið iðkandinn setur sér en þetta er mjög góð alhliða þjálfun sem reynir á allan líkamann. Þá veitir íþróttin innsýn í upphaf og þróun austurlenskra bardagalista og tileinka iðkendur sér alls kyns hefðir."



Karate-iðkendur munu leika listir sínar í afmælisveislunni á morgun.

Jón Ingi segir kynjahlutfall þeirra sem stunda karate hjá Þórshamri nokkuð jafnt þó að það sé eilítið misjafnt eftir aldursflokkum, en æft er í flokki sex til níu ára, tíu til þrettán ára, fjórtán til átján ára og átján ára og upp úr. „Það eru aðeins fleiri strákar í yngri flokkunum en í þeim eldri er þetta nokkuð jafnt," segir Jón Ingi. Hann telur að velgengni Eddu Blöndal, sem er ein helsta kempa félagsins til margra ára, hafi virkað mjög hvetjandi og laðað margar stelpur til félagsins.

Iðkun karate skiptist að sögn Jóns Inga í þrjá hluta. „Við gerum ákveðnar grunntækniæfingar ýmist ein eða með fleirum en æfum síðan kata þar sem grunnæfingar eru ofnar saman í bardaga við ímyndaðan andstæðing. Hver og einn iðkandi æfir þá fyrirfram ákveðið munstur af hreyfingum og í þeim er bæði hægt að keppa í einstaklings- og liðakeppni. Síðan leggjum við stund á kumite en þá er keppt í frjálsum bardaga á milli tveggja einstaklinga.

Þórshamar er eina karatefélagið á höfuðborgarsvæðinu sem státar af eigin húsnæði en önnur karatefélög starfa sem deildir innan stærri íþróttafélaga. „Það veitir okkur ákveðna sérstöðu auk þess sem við höfum þá yfir góðri aðstöðu að ráða."

**vera@frettabladid.is**



†

*Bróðir okkar og mágur,*

**Björgvin Sigurðsson**
áður til heimilis á Arahólum 2, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Uppsölum, Fáskrúðsfirði, föstudaginn 28. ágúst.

Útförin fer fram frá Fáskrúðsfjarðarkirkju, laugardaginn 5. september kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ragnar, Þór, Guðrún og Oddur.**



†

*Ástkær móðir og tengdamóðir,*

**Else Þorkelsson**
Funafold 48, Reykjavík,

lést 2. september á Hjúkrunarheimilinu Eir.

**Björn Sigurðsson**
**Einar Sigurðsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Pétur Sigurðsson** **Jóhanna Ólafsdóttir**



**FRÆÐSLUGANGA** Skógræktarfélags Hafnarfjarðar verður farin laugardaginn 5. septemer og er sú síðasta á þessu ári. Skoðuð verða tré og runnar í trjásafninu í Höfðaskógi. Lagt verður af stað frá Þöll við Kaldárselsveg klukkan 10.




Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473






# 4ra rétta tilboð

*og nýr A la Carte*

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·

· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·

· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·

* EÐA *

· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·

· **Skyr "Tonka crème brûlée"** með karamelluís ·

**6.990 kr.**

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.*

## Glas af eðalvíni

**Barolo „Ornato" 2004** | Ítalía.

**Chablis Grand Cru „Les Clos" 2005** | Frakkland

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **16 eðalvínum** með mat. Verð frá 1.050-3.700 kr.

*Sjá nánar á perlan.is.*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207

*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Brynhildur Stefanía Jakobsdóttir snyrtifræðingur og sonur hennar, Patrekur Úlfarsson, eru sammála um að kjúklingaréttir séu eitthvað sem allir á heimilinu samþykki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Er með dellu fyrir fuglakjöti þessa dagana

**Brynhildur Stefanía Jakobsdóttir eldar gjarnan rétti sem eru fljótlegir og einfaldir og er allt fuglakjöt í miklu uppáhaldi. Þannig segist hún vera að uppgötva ýmsar tegundir fuglakjöts þessa dagana.**

„Af fuglakjöti er kjúklingur oftast á borðum hjá mér en ég er samt með hálfgerða fuglakjötsdellu þessa dagana, hef verið að uppgötva mat eins og lunda, svartfugl og önd," segir Brynhildur Stefanía Jakobsdóttir, sem á og rekur Snyrtistofuna Helenu fögru.

„Ég er ekki mikill kokkur og vel baksturinn frekar fram yfir, en þegar ég elda vel ég mér eitthvað sem er einfalt og fljótlegt og því á kjúklingaréttur, eins og þessi sem ég fékk hjá vinkonu minni, mikið upp á pallborðið."

Brynhildur segir laukinn og hneturnar mynda afbragðs samspil og sósan sé mjög góð. „Mér finnst góð tilbreyting að prófa nýjar sósur, enda er maður alinn upp við gömlu góðu brúnsósurnar og gaman að prófa eitthvað nýtt í þeim efnum með mat."

*juliam@frettabladid.is*

### KJÚKLINGUR MEÐ KASJÚ-HNETUM

Fyrir fjóra

- 4 kjúklingabringur
- 1-2 hvítlauksgeirar
- lítill bútur engiferrót (2 sentimetrar)
- 1 stór laukur
- 1 rauð paprika
- 1 poki kasjú-hnetur
- 1 msk. olía til steikingar
- 2 msk. vorlaukur, saxaður

Sósa:

- 200 ml Hoi Sin-sósa
- 3 msk. Tamari-sósa
- 3-4 msk. appelsínu-marmelaði
- 250 ml kjúklingasoð

*Skerið kjúklingabringurnar í teninga og steikið á pönnu í um 15-20 mínútur. Takið bringurnar af pönnunni. Steikið laukinn, kasjú-hneturnar, paprikuna, hvítlaukinn og engiferrótina í smástund. Setjið hráefnið í sósuna út á pönnuna saman við grænmetið, hrærið saman og setjið loks bringurnar út í. Látið malla í smástund. Vorlauk er síðan stráð yfir í lokin. Gott að bera fram með hrísgrjónum.*






# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 4. september 2009



Rósa í Sometime lætur ekki móðurhlutverkið stöðva sig og flýgur heimshorna á milli með barnið í poka.

## PÚSLANDI ELEKTRÓ-POPPARI

### ÓMETANLEG REYNSLA

Ungur hönnuður vann hjá Roksöndu Ilincic

### DRAMATÍSKUR DAUÐI

Hreyfiþróunarsamsteypan sýnir dansverkið Shake Me á danshátíð

### GEISLANDI FEGURÐ

Snyrtivörur Bobbi Brown snúast um að láta konur líta betur út




FARTÖLVUTILBOÐ

Acer Extensa 5230E-901G16Mn

2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi, 2GB minni, 160GB SATA harðdiskur, 8xDVD±RW Dual Layer skrifari, 15.4" WXGA breiðskjár, Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort, 3x USB 2.0, ExpressCard/54 rauf, VGA out , Windows Vista Home Basic.

Kr. 79.950

acer

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ tíska og markaðir

## STEINÞÓR HELGI HJÁ BORGINNI ÚTGÁFU

helgin MÍN



Eftir æsilegan vinnudag ætla ég mér á æsilegt pöbbkviss á Grand Rokk. Ég hugsa að ég mæti þangað líka aftur um kvöldið á Grapevine-tónleikana með Dr. Gunna og fleiri góðum. Ég tel líka einkar líklegt að staðir á borð við Kaffibarinn og Karamba verði viðkomustaðir mínir föstudag og laugardag.

þetta HELST

### Sigurför hjá E-label



Íslenska fyrirtækið E-label heldur áfram sigurgöngu sinni en eftir umfjöllun í tímaritunum Elle og Grazia birtist ítarleg umfjöllun á tískublogginu Kingdom of Style í gær. Fólkið á bak við E-label hélt velunnurum sínum veglegt kampavínsteiti í gærkvöldi sem endaði á sérstakri sýningu á heimildarmyndinni September Issue um lífið í kringum tímaritið Vogue.

### Heimir spilar á Jolene



Þeir sem verða staddir í kóngsins Kaupmannahöfn næstu helgi ættu ekki að missa af plötusnúðnum Heimi Héðinssyni sem spilar á barnum Jolene. Eins og margir vita er Jolene vinsæll staður í kjöthverfi borgarinnar í eigu Dóru Takefusa.









Arna Sigrún Haraldsdóttir vinnur hjá heimsfrægum fatahönnuði:

# ÓMETANLEG REYNSLA HJÁ ILINCIC

Fatahönnuðurinn Arna Sigrún Haraldsdóttir er nýkomin heim frá Lundúnum þar sem hún starfaði hjá fatahönnuðinum Roksanda Ilincic um nokkurt skeið. Arna Sigrún útskrifaðist vorið 2008 af fatahönnunarbraut Listaháskóla Íslands og vakti nokkra athygli fyrir framúrstefnulega útskriftarlínu sína.

„Flestir fyrsta ársnemar fara í starfsnám til Parísar sem ég gerði ekki og mér fannst ég alltaf eiga það eftir. Ég ákvað því að sækja um starfsnámsstyrk til að komast í starfsnám að útskrift lokinni. Eftir að hafa fengið vilyrði fyrir styrknum sótti ég um vinnu hjá nokkrum hönnuðum í London. Af þeim hönnuðum sem svöruðu leist mér best á Ilincic og ákvað því að fara þangað," segir Arna Sigrún. Hróður Roksöndu Ilincic hefur vaxið hratt síðan hún steig sín fyrstu skref sem hönnuður árið 2005 og hefur hún meðal annars verið nefnd næsta stjarna tískuheimsins af breska blaðinu Telegraph.

„Ég var að vinna í stúdíóinu og var mest í því að sauma prufur af sýnishornum. Þess á milli gekk maður bara í þau verk sem þurfti að klára. Þetta var mjög krefjandi vinna en svakalega skemmtileg og ég lærði mjög mikið. Kosturinn við að vera að vinna í svona litlu fyrirtæki er að maður kynnist öllum hliðum rekstursins sem er alveg ómetanlegt. Sumum finnst meira spennandi að fá vinnu hjá stóru hönnuðunum en þar eru fólk í starfsþjálfun oft látið sinna ómerkilegum störfum. Ég heyrði til dæmis af stelpu sem komst að hjá Alexander McQueen þar sem starf hennar var að viðra hundinn."

Arna Sigrún vinnur nú að nýrri haustlínu fyrir árið 2010 sem hún mun frumsýna næsta vor.

„Það er mjög erfitt fyrir unga hönnuði að stíga sín fyrstu skref í þessum bransa, en einhvers staðar verður maður að byrja. Í framtíðinni dreymir mig um að reka eigið fyrirtæki á Íslandi. Mig langar að geta nýtt íslenskt hráefni, þjónustu og framleiðslu eins mikið og ég get þó ég viti að ég muni alltaf þurfa að sækja ákveðna þjónustu út fyrir landsteinana."

*- sm*



**Mikilvæg reynsla** Arna Sigrún segir starfsnámið hjá Roksöndu Ilincic hafa verið ómetanlegt og þar hafi hún lært á ýmsar hliðar hönnunarheimsins. FRÉTTABLAÐIÐ/



**Ný stjarna í tískuheiminum** Roksanda Ilincic þykir hæfileikaríkur hönnuður og hefur vakið mikla athygli fyrir hönnun sína.

Iðnaðarhúsnæði breytt í markað á sunnudaginn:

# Selja gullið frá ömmum sínum

„Við tókum okkur saman sjö manns, sem tengjumst í gegnum list og hönnun, og erum búin að slá upp flóamarkaði," segir Anna Margrét Sigurðardóttir, sem er ein þeirra sem ætla að selja geymslugersemar sínar á flóamarkaði á sunnudaginn. „Við verðum með allt mögulegt til sölu; skó, töskur, lampa, vasa og þar fram eftir götunum. Þarna verða meðal annars flottir hlutir sem hafa verið keyptir á flóamörkuðum í New York og London. Svo eru sum okkar með gersemar úr búslóðinni frá ömmum sínum og heil glás af lítið notuðum og fallegum barnafötum."

Markaðurinn verður haldinn í iðnaðarhúsnæði í Bygggörðum 5 á Seltjarnarnesi og verður opinn á milli klukkan ellefu og fimm. Hægt verður að sötra kaffi og kjamsa á pönnukökum en búið er að koma upp kaffiaðstöðu á staðnum. Þá verða ljúfir íslenskir tónar á fóninum.

*- hhs*



**Gulli hlaðnar** Solla, Anna, Ríkey og Adda eru meðal skipuleggjenda flóamarkaðar í Bygggörðum 5 um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

✻ augnablikið



**BÝFLUGNADROTTNINGIN**
Anne Wintour, mætti í sumarlegum blómakjól á frumsýningu heimildarmyndarinnar September issue í síðustu viku en myndin fjallar um hana sjálfa og störf hennar hjá tímaritinu.

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Valli **Ritstjórn** Anna Margrét Björnsson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Vorum að taka upp glæsilega nýja stóla á frábæru verði
35.900 ,-
35.900 ,-
35.900 ,-
1.990 ,-
Púðar í fjölmörgum litum
3.490 ,-
3.490 ,-
3.490 ,-
3.490 ,-
44.900,-
69.900,-
Maine leður sófasett, líttu á verðið!
89.900,-
the PIER
kemur stöðugt á óvart ...
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# ELEKTRÓDÍVA ORÐIN MAMMA

*Rósa Birgitta Ísfeld* **er söngkona hljómsveitarinnar Sometime sem heldur tónleika á Jacobsen í kvöld. Í viðtali við Föstudag deilir hún sögum af nýfæddri dóttur, ævintýralegum tónleikaferðum og litla bróðurnum sem lést úr krabbameini.**

*Viðtal:* Hólmfríður Helga Sigurðardóttir
*Ljósmyndir:* Valgarður Gíslason



**Diva de la Rosa** Rósa lætur nýtilkomið móðurhlutverkið ekki skyggja of mikið á tónlistarferilinn. Hún vinnur nú að plötu með tónlistarmanninum Eberg sem stefnt er á að komi út í október. Í kvöld spilar hún á tónleikum á Jacobsen með hljómsveitinni Sometime. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rósa Birgitta, eða Diva de la Rosa eins hún er líka kölluð, er nýlent á Íslandi þegar blaðamaður bankar upp á hjá henni á Hverfisgötunni í Reykjavík. Hún er nýkomin heim úr viðburðaríkri ferð til Makedóníu með hljómsveit sinni, Sometime, þar sem hún kom fram á norrænni menningarhátíð ásamt hljómsveitinni FM Belfast. „Þetta var rosalega skrýtin ferð. Það var haft samband við okkur í gegnum MySpace í febrúar en við höfðum ekkert fengið staðfest fyrr en stuttu áður en við fórum út. Ég vissi ekkert um Makedóníu og þekkti engan sem hefur komið þangað. Fólkið þarna var æðislegt og rosalega vinalegt. En allt var í niðurníðslu. Allt nema ráðhúsið, sem var voða flott með fánum og fossum. Þarna var rusl úti um allt, flækingshundar á ráfi og vírarnir stóðu út úr húsunum. Það var borgarastyrjöld þarna þangað til fyrir fimmtán árum og á meðan svoleiðis er í gangi er auðvitað engin uppbygging. En það var mjög skrýtið að upplifa þetta.“

Auk þess að koma fram á hátíðinni, sem fór fram á risastóru plani fyrir framan félagsmiðstöð unglinga, spiluðu hljómsveitirnar tvær í beinni útsendingu í makedóníska ríkisútvarpinu. „Það var eins og við hefðum stigið inn í tímavél og komið út fyrir fjörutíu árum. Þarna inni var myrkur og allt grænt eða svart á litinn. Rosalega flottir ´70-hljóðnemar og eldgamlir plötuspilarar. Þarna spiluðum við, báðar hljómsveitirnar, í beinni útsendingu í meira en hálftíma. Og þeir voru að spila fullt af íslenskri tónlist þarna, sem manni finnst auðvitað merkilegt.“

## STEFNT Á HÖFÐABORG

Tónlistarlíf Rósu getur heldur betur verið viðburðaríkt en fyrr í mánuðinum var hljómsveitin boðuð til Þýskalands til að spila í einkaveislu hjá þýskum manni sem frétti af þeim í gegnum pabba hans Danna, eins af meðlimum Sometime. „Þetta var í litlum bæ sem heitir Furth im Wald. Maðurinn sem flutti okkur inn býr þarna á risastóru sveitabýli. Á neðri hæðinni var listasýning konu frá Höfðaborg. Tónleikarnir fóru fram úti í garðinum, þar sem, ásamt okkur kom fram nokkurs konar fjöllistahljómsveit frá Höfðaborg sem spilar heimstónlist. Í lok tónleikanna tókum við djammsession með hinni hljómsveitinni í tvo tíma. Það var frekar sérstök blanda en þetta var rosalega sérstakt og skemmtilegt, allir dansandi og mikil gleði. Nú erum við að vonast eftir því að þau geti reddað okkur til Höfðaborgar til að spila með þeim þar.“

## GLAÐLEGT RAFPOPP

Þessa dagana er Rósa að vinna að plötu með tónlistarmanninum Eberg en saman kalla þau sig Feldberg. Þetta er popptónlist sem nær kannski til fleira fólks heldur en elektrópoppið. Við höfum til dæmis gefið út lagið „Don‘t be a Stranger“ sem Nova hefur verið að nota í auglýsingarnar sínar.“

Rósa sér um að semja textana, sem yfirleitt verða til á ensku. „Ég bjó í Bandaríkjunum um tíma þegar ég var krakki og var nánast alveg tvítyngd, þannig að enskan liggur vel fyrir mér. Tilfinningalega er hún líka mjög nálægt mér. Mér finnst hún auðveldari en íslenskan. En mér finnst rosalega flott þegar fólk hefur góða íslenskukunnáttu. Eins og þessir rapparar sem kunna íslenskuna vel og nota hana í sínum textum. Mér finnst þeir rosalega flottir. Ég ætti kannski að fara í íslensku í háskólanum?“

Hún skrifaði reyndar eitt sinn texta við lag á íslensku, sem endaði með öðrum hætti en lagt var upp með. „Þegar við svo fórum að taka það upp hljómaði það bara asnalega. Svo var ég einn daginn í fyndnu skapi og var syngjandi á frönsku. Þá stakk Curver upp á því að ég ætti kannski bara að þýða lagið á frönsku. Það kom svo bara svo vel út að íslenska lagið endaði á frönsku.“

### MISSTI LITLA BRÓÐUR SINN

Rósa stelur athyglinni hvar sem hún fer, enda litríkur persónuleiki sem oftast er yfirmáta kátur og brosir út að eyrum. Hún hefur þó upplifað sinn skerf af erfiðleikum. Fyrir tíu árum missti hún litla bróður sinn, Sigurð Þengil, úr krabbameini. Þá var hann tíu ára gamall. „Hann var rosalega duglegur og mikill kraftur í honum. Hann greindist fyrst þegar hann var þriggja ára en var svo í sjö ár í meðferðum. Læknarnir héldu alltaf að þeir væru búnir að ná þessu en svo kom það alltaf aftur. Þrátt fyrir að vera svona veikur var hann algjör hetja. Hann var einn af þessum krökkum sem virðast alltaf vera að drífa sig að öllu, eins og hann vissi að hann hefði ekkert of mikinn tíma. Hann var til dæmis uppi í Þórsmörk að ganga á fjöll tveimur vikum áður en hann dó og hann keppti á Andrésar andar-leikunum sama ár. Ég hef misst aðra vini úr krabbameini og þeir áttu þetta sameiginlegt með bróður mínum. Þeir náðu að áorka hlutum sem sumt fólk nær ekki á heilli ævi. Létu drauma sína rætast og biðu ekki með það.“

Rósa saknar bróður síns en þó tengir hún einnig mikla gleði við minningu hans. „Hann var svo stórkostlegur karakter hann bróðir minn. Mér finnst ég heppin að hafa kynnst honum og hafa fengið þessi tíu ár með honum en ekki misst hann strax. En auðvitað hugsa ég mikið um hvar hann væri í dag hefði hann lifað. Nú hefði hann til dæmis verið að ljúka menntaskóla og kannski verið kominn með kærustu.“

### GAMAN AÐ VERA MAMMA

Rósa á stóra fjölskyldu en hún á hvorki meira né minna en fimm systkini. Enn fjölgaði svo í fjölskyldunni þegar Rósa eignaðist sitt fyrsta barn fyrir fjórum mánuðum. dótturina Ísadóru, með Finni Hákonarsyni. Bæði eru þau í tónlistarbransanum, hann reyndar „hinum megin við búrið“, en hann rekur stúdíó og vinnur hjá Sýrlandi. Dóttirin hefur því frá fyrsta degi alist upp við mikla tónlist, fylgir móður sinni í tónleikaferðalögin og eyðir með henni virkum dögum í stúdíóinu. „Ég fer bara með stelpuna með mér í kerru, set mónitor í vagninn og fer svo bara með hann inn í stúdíóið. Ég var reyndar með hana heima þangað til hún var mánaðargömul en eftir það var ég komin á fullt að syngja.“

Það er því gaman að vera mamma, þykir Rósu, þótt það sé töluvert meiri binding en hún hafði gert sér grein fyrir áður. „Þetta er dálítið erfiðara en ég hélt. Þótt ég hafi alltaf verið að passa þegar ég var krakki hef ég aldrei áður verið bundin skyldum eins og þessum. Að þurfa alltaf að ákveða fyrirfram hvernig ég ætla að gera hlutina, það finnst mér stundum erfitt og þetta er endalaust púsluspil. Og svo er ég ekki lengur sjálf í fyrsta sæti. Það er skrýtið fyrir manneskju eins og mig, því ég er vön að dunda mér mikið ein. Þetta er skemmtilegt, en það tekur tíma að venjast þessu. En auðvitað er þetta bara munstur sem maður þarf að temja sér.“

Brjóstagjöfin er svo annað mál. „Fyrst fannst mér þetta voðalega kósí. En ég skal viðurkenna að nú er ég aðeins farin að ókyrrast. Sko, einhvern tímann vorum við dýr úti í náttúrunni. Þá hefur ekkert verið eðlilegra en að gefa brjóst. En ekkert sem við erum búin að byggja upp í kringum okkur er náttúrulegt. Þess vegna er það skrýtið að gera eitthvað, sem er eins náttúrulegt og að gefa brjóst, í þessu umhverfi. Ef ég byggi í strákofa einhvers staðar í skógi væri þetta ekkert mál. Þá væri ég ekkert að stressa mig á því að ég þurfi að hlaupa út og ná í bankann fyrir lokun. En ég myndi samt aldrei vilja sleppa þessu. Maður verður að reyna að halda í þá náttúru sem maður hefur.“

## * bak við tjöldin

**Stjörnumerki:** Sporðdreki.

**Besti matur í heimi:** Allt sem kemur frá Fylgifiskum finnst mér ótrúlega gott. Og auðvitað úr Garðinum á Klapparstíg. Ég er búin að borða þar í svo mörg ár að ég má syngja þar fyrir mat á öskudag.

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Það fer eftir skapi. Stundum er vatn best í heimi. Stundum er það ógeðslegt. Þá er það kannski Bailey's. Já og marokkóskt te, helst í Marokkó.




**Flottasta verslunin:** Ég vildi að ég ætti óendanlegt fjármagn til að versla í Kisunni og í KronKron. Og ég sé ótrúlega eftir Systrum. Svo langar mig aftur í hattabúðina í Prag.

**Uppáhaldstónlistin:** Úff, það er óendanlegt. Ég get endalaust hlustað á Sin Fang Bous og Emilönu Torrini. Svo hlusta ég heimikið á djass og Bob Dylan.

**Besta bókin:** Ég er að lesa þrefalda trílógíu eftir Robin Hobb. Þetta eru sem sagt níu ævintýrabækur sem tengjast allar saman sem ég er alveg á kafi í. En skemmtilegasta bók sem ég hef lesið er sjálfsævisaga Miles Davis.




# Eykur styrk og þol vöðva
## Betri árangur!



## Vöðvabólga og stirðleiki
*Byltingarkennt andoxunarefni !!*

*Lagar fljótt vöðvabólgu, stirðleika, eymsli, harðsperrur og sinaskeiðabólgu. Gefur aukna mýkt og vellíðan. Eykur styrk og þol vöðva. Greinilegur árangur við líkamsrækt, álagsvinnu og ferðalög.*

***Íþróttafólk og sjúkraþjálfarar mæla með AstaZan***

*AstaZan styrkir einnig húðina sem verður fallegri og fyrr brún í sól eða ljósabekk.*




1 hylki á dag. Virkar strax!

LifeStream® *Engin málamiðlun í gæðum*

***Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni.***

*Rannsóknir staðfesta árangur - www.celsus.is*

# núna

✻ hvað er á döfinni?

## PRODIGY EXTREME-KREMIÐ

frá Helenu Rubinstein er sannkallað undrakrem og var unnið af vísindamönnum til að örva frumurnar í húðinni og sporna við hrukkum og slakri húð í andliti.




Klæddu af þér kuldann

## Pelsar enn þá vinsælir í vetur

Pelsar sáust á tískupöllunum í haust- og vetrarlínum margra hönnuða, þar á meðal Gucci og Dolce&Gabbana. Bæði mátti sjá pelsa í náttúrulegum tónum eins og brúnu, svörtu, gráu og hvítu en einnig var boðið upp á smaragðsgræna og dimmbláa loðfeldi. Ekkert lát er heldur á vinsældum hlébarðamunstursins sem minnir svo skemmtilega á pelsa sjöunda áratugarins. Það er mikið úrval af pelsum í Reykjavík þessa stundina í „vintage“-búðunum og svo er líka sniðugt að fjárfesta í pelskraga sem getur poppað upp venjulega svarta yfirhöfn.





MYND/BART GRIETENS

Dauði kemur ítrekað fyrir í dansverkinu Shake Me sem Hreyfiþróunarsamsteypan sýnir í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld.

Hreyfiþróunarsamsteypan sýnir Shake Me í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld:

# DRAMATÍSKUR **DAUÐI**

Við erum að vinna með dauðasenurnar úr harmleikjum Shakespeares. Á móti þeim skellum við svo kraftballöðum, eins og Tinu Turner, Meat Loaf og Bonnie Tyler,“ segir Melkorka Sigríður, ein af fimm stelpum sem mynda danshópinn Hreyfiþróunarsamsteypuna. Hópurinn frumflutti verkið Shake Me í Hafnarfjarðarleikhúsinu á Reykjavík Dance Festival í gærkvöldi. Það verður aftur sýnt í kvöld klukkan átta, ásamt tveimur öðrum dansverkum. „Þarna er ást og dauði í fyrirrúmi. Útgangspunkturinn er sá að við finnum eiginlega ekki lengur fyrir tilfinningum í hinu daglega lífi. Verkið fjallar um fimm manneskjur sem eru að reyna að búa til tilfinningar fyrir sjálfar sig. Á sviðinu deyjum við úr ást, af sæmd, alveg óvart, fyrir misskilning eða af því okkur langar til þess.“

Auk Melkorku eru í Hreyfiþróunarsamsteypunni þær Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir, Ragnheiður S. Bjarnarson og Vigdís Eva Guðmundsdóttir. „



Melkorka Sigríður og Hreyfiþróunarsamsteypan

Shake Me er stærsta verkefni Hreyfiþróunarsamsteypunnar til þessa en hópurinn fékk leiksmiðjustyrk frá Prologos, leikritunarsjóði Þjóðleikhússins, til vinnslu þess. Áður hefur hópurinn sett upp fjölda minni verka og sýninga í listasöfnum, galleríum, stóru leikhúsunum, Ó. Johnson og Kaaber-húsinu, Færeyjum, Ítalíu og Þýskalandi, og hefur verið tilnefndur til Grímuverðlauna.

Ókeypis er inn á alla viðburði Reykjavík Dance Festival í ár og allir sem að henni koma gefa vinnu sína. Meginmarkmið hátíðarinnar er að færa danslistina nær hinum almenna borgara og kynna sjálfstætt starfandi danslistamenn á Íslandi. Í heild eru sex ný dansverk frumflutt á hátíðinni, sem gefur til kynna hversu mikil gróska er í íslenska dansheiminum. „Dansinn er að hasla sér völl og hann er á uppleið,“ segir Melkorka. „En engu síður er mikilvægt að styðja við alla list á tímum eins og þessum. Það á ekki síst við um dansinn, sem vill loða við að sé minnst í hávegum hafður, miðað við aðrar sviðslistir.“

Karamba á Laugaveginum er bar hátíðarinnar. Þeir sem vilja afla sér frekari upplýsinga um hátíðina geta litið þar inn, eða kíkt á heimasíðuna www.dancefestival.is. *- amb*

Arnar, Aníka og Matti
bjóða ykkur velkomin



Opið virka daga
9⁰⁰ - 18⁰⁰
Laugardag
9⁰⁰-13⁰⁰

SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5

ÚTSALA - ÚTSALA

ÞETTA ER AÐEINS BROT AF ÞEIM VÖRUM SEM ERU Á ÚTSÖLUNNI



94.900 FULLT VERÐ 129.900 — 17,6 kw/h
49.900 FULLT VERÐ 69.900
64.900 FULLT VERÐ 89.900 — 20 kw/h
14.900 FULLT VERÐ 24.900
KOLAGRILL OG GRILLÁHÖLD MEÐ 30% AFSLÆTTI

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

LANDMANN er frá Þýskalandi

## MOTTÓ BOBBI BROWN ER AÐ LÁTA KONUR LÍTA BETUR ÚT

Ég er viss um að allar konur myndu öðlast meira sjálfstraust ef þær vissu meira um hvernig best er að farða sig, hvernig þær geta fundið réttu litina og litið út eins og þær sjálfar, bara miklu betur,“ segir förðunarfræðingurinn Bobbi Brown sem hefur rækilega slegið í gegn hjá konum allt frá því hún byrjaði með eigin förðunarlínu í lok níunda áratugarins. Bobbi leggur áherslu á undirstöðurnar: fallega frísklega húð og náttúrulega liti þar sem einstök fegurð hverrar konu á að njóta sín. Þegar kona er einu sinni byrjuð að nýta sér undirstöðutækni Bobbi Brown og helstu förðunarvörur er mjög erfitt að hætta því.



**Áhersla á fallega húð**
Eftir að dagkrem og augnkrem hafa verið sett á andlitið byrjar Bobbi Brown á því að nota það sem hún kallar „corrector“, eða bleikan tón sem tekur blámann í burtu sem oft vill birtast undir augunum. Slíkt léttir strax yfirbragð andlitsins.

Í DAG OG Á MORGUN
LAUGARDAG

# ALLT AÐ
# FIMMTÍU
# PRÓSENTA
# AFSLÁTTUR

## AF SÝNINGARVÖRUM

Hans J. Wegner, Borge Mogenssen, Arne Jacobsen
Erik Magnussen, Philippe Starck ofl.

---

50% AFSLÁTTUR AF SÝNINGARRÚMUM
FRÁ AUPING OG WONDERLAND

auping   Wonderland

epal

Epal hf.   Skeifunni 6   Sími 568 7733   epal@epal.is   www.epal.is



## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Anna Hildur hjá Útón**



1 Að byrja daginn á langri gönguferð úti í skógi með hundinn.



2 Að ná settum markmiðum og klára aðgerðalista vikunnar í vinnunni.

3 Að fjölskyldan og allir sem vinna með mér fari í góðu skapi inn í helgina.



4 Að elda góðan kvöldverð með fjölskyldunni eða fá indverskan skyndibita.

5 Að slaka á í góðra vina hópi og hlakka til að vakna í Pilates-tíma á laugardegi.





Föndurstofan er flutt í Mörkina 1

Verið Velkomin !

Námskeiðin að byrja og margt í boði.

Opið
virka daga 10-18
Laugardaga 11-15

Fondurstofan.is
Mörkin 1 • 108 Reykjavík
s. 553-1800

## Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

Til sölu fallegt pallaefni 28x125, dökkt með tilheyrandi undirstöðum á einstöku verði. 2150 kr á m2. S. 659 3626.

TIL SÖLU DOKA PLÖTUR CA 50M2 STÁL LOFTSTOÐIR 30 STK GSM 894 0458

## Verslun



Skokkur: 7.500kr Nýjar vörur komnar!! Emilía Bláu húsin Faxafeni www.clam-al.isS. 588 9925




Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is

## Ýmislegt

Ódýrar Jólasteikur. Ódýrar endur og gæsir fyrir jólin. Uppl. S. 899 4600 - 899 3696.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu fríanprufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir ferðanuddbekkir frá 60.000 kr. Óléttuferðabekkir, lök, ofl. S: 891 6447

**NUDD - HEILSULIND TILBOÐ KR. 3.500.-**
Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-slökunarnudd,svæðanudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurtanudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Ekkert sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18. Pantanir í S. 445 5000.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Nudd**
Bíð upp á slökunar og gott heilnudd. Rólegt og gott umhverfi í 101. Kem einnig í heimahús. S. 896 0082.

Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**ALVÖRU NÁMSKEIÐ**
20 fjölbreytt námskeið í skartsmíði, tálgun, hnífum, útskurði, brýnslu ofl. SKRÁNING OG UPPL. S: 555-1212 Handverkshúsið Bolholti 4 handverkshusid.is



LEIRKRÚSIN Ný og spennandi námskeið í leirmótun www.leir.is S:555 1809 /661 2179.

## Kennsla



**Tónskóli Guðmundar**
Innritun í nám á píanó, gítar, harmonikku og þverflautu. Kennsla hefst 7. sept. Tónskóli Guðmundar S: 822 0715 & 567 8150 Hagaseli 15, 109 Rvk.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 869 9627.



**English Springer Spaniel**
Frábærir veiði og fjölskylduhundar. Aðeins tveir eftir. Gunnar í síma 660 1050.

Mjög fallegur chihuahua hvolpur til sölu undan verðlaunatík. Uppl í s. 897 8848

Við erum með 5 hreinræktaða íslenska hvolpa. Ættbókarfærðir, örmerktir og sprautaðir. Afhendingartími verður á milli 10-15 sept. Uppl. á Hundaslóð ehf. S. 899 4600 - 899 3696.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

**EIK**
Eik í hesthúsagrindur og veggjaklæðningar. Hefluð, nótuð og vel þurrkuð. Uppl. í s. 691 8842.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Mosfellsbær 2ja herb 60m íbúð í einbýli. 80 þús.mán með rafm.og hita.Laus 1 okt. Allt sér Uppl.. s-8960415 Páll

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**



Glæsilegar, rúmgóðar stúdentaíbúðir til leigu í fjölskylduvænu hverfi á Ásbrú í Reykjanesbæ, 2-6 herb. og 36-190m2 að stærð. Leiguverð pr. fermeter frá kr. 534 kr., með heimilistækjum eða án, rútuferðir á höfuðborgarsvæðið og internettenging innifalin. Í tengslum við Ljósanótt og sýninguna Reykjanes 2009 verða sýndar íbúðir við Bogabraut 950-2-3c og 950-2-3b, laugardag og sunnudag kl. 12-18. www.keilir.net

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus LEIGUMIÐLUN

Til leigu 2 herb. 50 fm kjallaraíbúð m.húsgögnum á Háteigsvegi. Verð 85.000, hiti og rafm. innifalið. Upplýsingar í síma 696 8253 milli kl. 17 og 20.

Hugguleg 3ja herb. 55 fm íbúð til leigu í Grunarhverfi á Kjalanesi. Mjög hagstæð leiga. S. 691 2388 & 551 5247.

Óska eftir skilvísum og reglusömum og reyklausum leigjenda í 2 herb. einstaklings kjallaraíbúð í Teigahverfi í Laugarnesi sv. 105. Helst til langtímaleigu. Verð 90 þús. m/hita. Uppl. í s. 820 8584.

## Húsnæði óskast

Óska eftir því að taka á leigu góða 3 herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík í 2-4 mánuði. Leigjandi er ábyggileg og reglusöm. Áhugasamir hafi samband í síma 616-6886.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu atvinnhúsnæði á góðum stað í Hafnarfirði. 100 til 180 ferm. S. 8224200

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

Er með pláss fyrir húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi, báta o.fl. S. 893 1257 & 861 3976.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Eigum ennþá nokkur upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. báta ofl. í Borgarfirði. Gott verð. Áralöng reynsla. S. 663 2130 eða á magnus1220@hotmail.com

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Upphitað og nýstandsett hús á Eyrarbakka. Hreint, þurrt og lyktarlaust. Sömu verð og í fyrra. 10% stgr.afsl. S. 660-1060 & 564-6500

**Geymsla á farartækjum**
Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, báta ofl. Upphitað húsnæði með sólahrings vakt. Sanngjarnt leiguverð. Leigutímabil frá sept-11. maí. Uppl. í s. 899 0274, Gylfi, eða á www.husbilageymslan.net

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## Óskast til leigu

**Íbúð í Borga-, Víkur- eða Engjahverfi**

**óskast til leigu**

5 manna fjölskylda leitar að íbúð til leigu með 3. mánaðar uppsagnafresti. Afhending sem allra fyrst.

**Sími: 861-4000 eða 567-8400 (Rúnar eða Hulda)**

## Uppboð

**Sýslumaðurinn á Húsavík**
Útgarði 1, 641 Húsavík, s: 464 1300

**UPPBOÐ**

Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík mánudaginn 7. september 2009 kl. 10:00 á eftirfarandi eign:

Aðalbraut 24, fnr. 216-7216, 675 Raufarhöfn, þingl. eig. Fasteignafélagið Bær ehf, gerðarbeiðendur Fjölvi ehf, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, SagaZ ehf, og Sýslumaðurinn á Selfossi.

Sýslumaðurinn á Húsavík
2. september 2009.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vinsælt veitingahús í hjarta miðbæjarins**
**Óskar eftir matreiðslumanni/matráð, einnig vanatar aðstoðarfólk í eldhús.**
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „matreiðslumaður"**

JOLLI

**Söluturninn Jolli Hafnarfirði.**
Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Umsóknareyðublöð á www.umsokn.foodco.is

Olíudreifing

**Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða stýrimann til afleysingar á olíuskipið Laugarnes**
**Helstu verkefni Laugarnesins er að afgreiða olíu til skipa á Faxaflóasvæðinu og sinna birgðaflutningi um landið. Viðkomandi þarf að hafa A-5 réttindi.**

**Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Einar Sveinn Ólafsson í síma 550 9944. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á tölvupóstfang einar@odr.is**

**Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.odr.is**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakar í Mosfellsbæ óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutími 13-19 virka daga og einn dag aðra hvora helgi. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 660 2155, 566 6145, eða á staðnum.**

**Mosfellsbakarí í Reykjavík, vinna með skóla.**
**Óskum eftir brosmildu og þjónustulunduðu fólki til starfa í afgreiðslu í bakaríinu okkar á Háaleitisbraut 58-60.**
**Áhugasamir geta sent umsókn á mosbak@mosbak.is eða haft samband við Ellisif í s. 660 2153**

**Okkur vantar starfsfólk.**
Starfið er hlutastarf og felur í sér sölustarf í verslun, og aðstoð á hundasnyrtistofu
Skilyrði: lágmarksaldur 18 ár
þjónustulund
hreint sakavottorð
reynsla af umgengi við hunda
**Umsókn sendist á dyrabaer@dyrabaer.is**

**KVÖLD OG HELGARÞJÓNAR**
**Kringlukráin óskar eftir ráða kvöld- og helgar-þjóna með einhverja reynslu.**
**Aðeins íslensku-mælandi umsækjendur koma til greina.**
**Lágmarksaldur er 20 ára.**
**Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is eða s.893-2323**

**Veitingahús**
**Starfskraftur óskast í 80% vinnu. ca. 20 dagar í mán. 12 daga frá 12-19 og 8 daga frá 8-15.**
**Uppl. í s. 843 9950.**

Au-per óskast á lítinn sveitabæ á jótlandi í Danmörku fram að næstu áramótum. Þarf að hafa bílpróf. Fríar ferðir. Nánari upplýsingar hjá Sigrúnu í síma 004597184965 og í gsm 004522285697.

Plastviðgerðir Grétars Óskum eftir áreiðanlegum og laghentum starfsmanni helst vönum bílaviðgerðum. Einnig kemur til greina að taka nema. Starfið felst í viðgerðum á plasthlutum í bíla og fl. Uppl. Í s. 8937913 Grétar

Kofi Tómasar Frænda óskar eftir fólki í dagvinnu. Upplýsingar á staðnum milli 10:00 og 12:00 virka daga, laugavegi 2.

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki til úthringinga á kvöldin. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Uppl veitir Ingibjörg í síma 661-2826 eftir kl 18:00 á daginn eða Elí á eli@tmi.is

Óska eftir smiðum eða mönnum vönum bygginarvinnu. Uppl. í s. 857 6311.

Kokkur vantar Við leitum duglegu fólk vinna afgreiðslu í fullt og hlutastarf 11-16,18-22 á veitingahús 105 og 108 Rvk Einnig vantar ThaiKokkur 8963536

Veitingahús óskar eftir starfsfólki í sal, hlutastarf/helgarvinna. Uppl. á staðnum Kína Húsið Lækjargata 8

## Viðskiptatækifæri

Miklir tekjumöguleikar. Kíktu á www.vidskipti.com

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Við erum draumadísirnar þínar!**
**Erum við alladaga til að spjalla djarft við þig og fá útrás með þér. Hringdu og vittu til.**
**Sími 908 6666**

The Purple Rabbit

**The Purple Rabbit.com**
Nýr íslenskur stefnumóta- og samskiptavefur fyrir djarft og ófeimið fólk. Slóðin er: „ThePurpleRabbit.com"

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

# BT

## Vaxtalaus veisla á öllum fartölvum um helgina !

Tækjatrygging BT
- meira öryggi!

Kynntu þér málið
í verslunum BT

**0%**
Vextir til allt að 12 mánaða

### ACER ASPIRE 5536-5883

TRAUST, ÓDÝR OG GÓÐ



Skjár: 15,6" WXGA (1366x768) Acer CineCrystal TFT LCD
Örgjörvi: AMD Dual Core X2 QL65, 2,1Ghz
Skjástýring: ATI HD3200 skjástýring 512MB
Vinnsluminni: 3 GB DDR2-667
Harður diskur: 320 GB SATA 5400rpm
1,3 mp vefmyndavél

**109.999**

acer

### Samsung NP-NC20

LÍTIL, NETT OG ÞÆGILEG - TVEIR LITIR

Skjár: 12,1" WSVGA (1024x600) LED baklýsing
Örgjörvi: Intel Atom N270 1,60Ghz, 533 Mhz, 512kb
Skjástýring: Á móðurborði
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Harður diskur: 160 GB SATA 5400rpm
Minniskortalesari 3 in 1
Innbyggð vefmyndavél 1,3 MP
Þyngd: 1,33 kg.

**119.999**

SAMSUNG




### ACER ASPIRE TIMELINE 4810

ALLT AÐ 8 TÍMA RAFHLÖÐUENDING




Skjár: 14" WXGA (1366x768) high brightness
Örgjörvi: Intel Pentium Processor SU2700
Skjástýring: Intel GMA 4500MHD
Vinnsluminni: 3 GB DDR2-667 SDRAM
Harður diskur: 320 GB SATA 5400rpm
Minniskortalesari 5 in 1
Innbyggð vefmyndavél
þyngd: 1.9 kg.

**129.999**

acer

### Samsung NP-R522

ALVÖRU VÉL FYRIR ÞIG !

Skjár: 15,6" LED HD (1366x768)
Örgjörvi: Intel Dual Core T4200, 2 Ghz, 800 Mhz, 1MB
Skjákort: ATI Radeon HD4330 512 MB
Vinnsluminni: 4GB DDR2 / 2GB x 2
Harður diskur: 250 GB SATA 5400rpm
Minniskortalesari 3 in 1
Innbyggð vefmyndavél 1,3 MP
Þyngd: 1,33 kg.

**145.999**

SAMSUNG




### ACER ASPIRE TIMELINE 5810

ALLT AÐ 8 TÍMA RAFHLÖÐUENDING




Skjár: 15,6" WXGA (1366x768) high brigtness
Örgjörvi: Intel Pentium Processor SU2700
Skjástýring: Intel GMA 4500MHD
Vinnsluminni: 3 GB DDR2-667 SDRAM
Harður diskur: 320 GB SATA 5400rpm
Minniskortalesari 5 in 1
Innbyggð vefmyndavél

**139.999**

acer

### Packard Bell TJ65-004

LYKLABORÐ Í FULLRI STÆRÐ - STÓR HARÐUR DISKUR

Skjár: 15,6" HD LED Diamond View (1366x768)
Örgjörvi: Intel Dual Core T4200, 2,0 Ghz, 45nm
Skjástýring: Intel 4500 HD samnýtir vinnsluminni
Vinnsluminni: 4GB DDr2 667 Mhz
Harður diskur: 500 GB SATA 5400rpm
Minniskortalesari
Innbyggð vefmyndavél 1,3 MP
Þyngd: 2,7 kg.

packard bell

**134.999**



### Acer Aspire 7738-6719

ÞESSI ER GÓÐ Í LEIKINA !




Skjár: 17,3" HD LED LCD
Örgjörvi: Intel Dual Core T6500 2,1 Ghz
Skjástýring: Nvidia GeForce GT130M up to 2303MB TurboCache
Vinnsluminni: 3 GB DDR2-667 SDRAM
Harður diskur: 250 GB SATA 5400rpm
Minniskortalesari 4 in 1
Innbyggð vefmyndavél
Þyngd: 3.2 kg.

**149.999**

acer

### Lenovo 2267

13,3" SKJÁR LED HD

Skjár: 13,3" LED
Örgjörvi: Intel T4200 2,0 Ghz
Vinnsluminni: 3 GB
Harður diskur: 320 GB SATA 5400rpm
Minniskortalesari
Innbyggð vefmyndavél

**149.999**

lenovo




**BT SKEIFAN - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444**










# Lítil börn



**NOKKUR ORÐ**
**Atli Fannar Bjarkason**

Huldumaðurinn Skap Ofsi hefur lýst á hendur sér skemmdarverkum á eignum auðmanna. Rauðri málningu hefur undanfarna mánuði verið slett á hús og bíla strákanna sem komu landinu á hausinn.

Skiptar skoðanir eru um gjörninginn. Sumir segja að auðmennirnir séu ekki velkomnir á Íslandi og eigi því ekki betra skilið. Aðrir kunna ekki að meta skapofsann og telja að skemmdir á eignum annarra séu aldrei réttlætanlegar. Ég líki aðstæðunum við kvikmyndina Little Children frá árinu 2006.



Ein af aukapersónum myndarinnar var bitur lögregluþjónn sem hafði verið sendur í leyfi eftir stórkostleg afglöp í starfi. Hann eyddi því tíma sínum í að áreita kynferðisafbrotamann; félagslega heftan náunga sem hafði afplánað sinn dóm og bjó hjá mömmu sinni. Hún þráði ekkert heitar en að sonurinn nældi sér í góða konu, en líkurnar á því voru litlar.

Bitra löggan lét heimili kynferðisafbrotamannsins ekki í friði og afleiðingarnar voru hörmulegar. Mamman dó og sonur hennar neyddist til að búa einn. Gjörðir bitru löggunnar bitnuðu því mest á einhverjum öðrum en hann ætlaði sér – þó að kynferðisafbrotamaðurinn hafi grátið andlát mömmu sinnar.

Af þessu gæti Skap Ofsi lært dýrmæta lexíu. Þrátt fyrir að við sem tilheyrum almúganum lítum á auðmennina sem skrímsli, þá eru skrímslin mennsk og eiga lítil börn. Börn sem eiga ekki að þurfa að horfa upp á blóðrauðar slettur á heimilum sínum. Skap Ofsi ætti frekar að skvetta málningu á auðmennina sjálfa, sem geta svo reynt að þrífa sig áður en þeir koma fyrir augu barna sinna.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SEPTEMBER TILBOÐ

## STÚTFULL BÚÐ AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM






**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKUR HEILL KJÖRFUGL
98
98 kr. 2 ltr.
148
148 kr. 2 ltr.
98
98 kr. 2 ltr.
479
KJÖRFUGL FERSKUR
HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 598 KR./KG.
20% AFSLÁTTUR
479 kr./kg.
98
COKE / COKE LIGHT DÓS
500ML 98 kr
89
BÓNUS MALT
500ML 89 kr.
20% afsláttur
BÓNUS RJÓMI
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
GULLAUGA Í LAUSU: VELDU SJÁLFUR
129 kr./kg.
359
BÓNUS LÝSI
500 ML
359 kr.
215
BÓNUS RJ MI 400 m
MERKT VERÐ 269 KR.
kr.215 kr.
GOTT KAFFI
498
JASMÍN HRÍSGRJÓN 2 KG 498 kr .
129
NÚÐLUSKÁLAR 110g aðeins 129 kr.
LÉTT & LAGGOTT 400G
Tilboðsaskja í Bónus.
KJÖT Á FÍNU VERÐI
Nýtt KF kjötfars 398 kr./kg.
Blandað hakk (nautakjöt/svínakjöt) 698 kr./kg.
Frosin pönnubuff 10 stk./120g 798 kr.
Holta eldaðir partýkjúklingavægir 345 kr./kg.
Holta ferskir kjúklingaleggir 539 kr./kg.
ALI HAMBORGARHRYGGIR 40% AFSLÁTTUR
-MEÐ BEINI MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 1198 kr./kg.
-ÚRBEINAÐUR MERKT VERÐ 2498 KR./KG. 1498 kr./kg.
Ali ferskur grísabógur 398 kr./kg.
Ali ferskur heill kjúklingur 598 kr./kg.
Ali ferskar kjúlingabringur 1798 kr./kg.
KS frosin lambalæri 1078 kr./kg.
KS frosin lambasvið 269 kr./kg.
KS frosið lambasúpukjöt 1.flokkur 598 kr./kg.
398
36 stk.
298
RENÉ KAFFIPÚÐAR 36 STK 398 kr.
FRÁBÆRT VERÐ, AÐEINS 11 KR. KAFFIBOLLINN !
GULLKAFFI 500g 298 kr.
DANSKT MEÐALBRENNT KAFFI.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

**1579**
E.S BLEIUR 1579 kr.pk
*VINSÆLUSTU BLEIURNAR Í BÓNUS*

**798**
FJÓLU WC PAPPÍR 9 RÚLLUR
798 kr.

**498**
BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR
6 STK 498 kr. *ÍSLENSKUR IÐNAÐUR*

**198**
E.S BABYWIPES 72 STK 198 kr

**398**
SENSODYNE TANNKREM
75ML 398 kr.

NÝ BAKAÐ

**198**
BÓNUS NÝBAKAÐ LANGLOKUR
4 STK 198 kr

**198**
BÓNUS NÝBAKAÐ MJÚKAR
KRINGLUR 4 STK 198 kr

**198**
BÓNUS NÝBAKAÐ KORNKUBBAR
4 STK 198 kr.

**159**
MYLLU HVÍTT
SAMLOKUBRAUÐ
770g 159 kr.

## Skólaostur 25% afsláttur við kassann.

SNEIÐAR MERKT VERÐ 1648 KR./KG. 1236 kr./kg.
STÓR STYKKI MERKT VERÐ 1296 KR./KG 972 kr./kg.

**25%**
AFSLÁTTUR

**198**
BÓNUS RIFSBERJAHLAUP
400G 198 kr.

## GERÐU ÞINN EIGINN ORKUDRYKK

**498**
EUROSHOPPERJARÐARBER
1000g 498 kr.

**598**
FROSNIR ANANASBITAR
1000g 598 kr

**598**
FROSNIR MANGÓBITAR
1000g 598 kr

**298**
GUL ÁVAXTABLANDA
350g 298 kr.

**298**
JARÐARBER OG BANANAR
350g 298 kr

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

## ! ath. kl. 20 í Iðnó

*Í kvöld verða tvær einleiks-óperur fluttar í Iðnó. Alexandra Chernyshova flytur The Telephone eftir Menotti og Biðina eftir Tariverdiev.*

*Flutningurinn verður endurtekinn 5. sept. í Iðnó kl. 20.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Norðurljósadans á himni

Meðal viðburða á Ljósanótt í Reykjanesbæ sem hófst á fimmtudagskvöld er ljósmyndasýning Olgeirs Andréssonar í anddyri Duushúsa. Olgeir starfaði lengi sem sjómaður en mátti snúa í land eftir slys. Hann hóf þá að sinna áhugamáli sínu: að taka myndir af norðurljósum. Hefur hann nú um langt skeið lifað af list sinni og er orðinn kunnur víða um lönd fyrir magnaðar myndir af norðurljósabrigðum yfir landinu. Hafa myndir hans víða birst í erlendum tímaritum og hlotið viðurkenningar. Olgeir tekur flestar mynda sinna hér á Reykjanesskaganum og nýtur mælinga frá rannsóknarstöð vestanhafs sem segir til um hvort veðurskilyrði í himinhvolfunum séu slík að von sé á norðurljósum. Á sýningunni í Duus verða einungis norðurljósamyndir.



**LJÓSMYNDIR** Ein mynda Olgeirs á sýningunni á Ljósanótt. MYND OLGEIR ANDRÉSSON

Olgeir hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum á Suðurnesjum og tekið þátt í ljósmyndakeppnum bæði hér og erlendis og nokkrum sinnum unnið til verðlauna, meðal annars sem ljósmyndari ársins í danska ljósmyndablaðinu Zoom og mynd eftir hann hefur birst á Times Square í New York City hjá Kodak. Allar myndirnar á sýningunni eru til sölu.

Ókunnugum skal greint frá að Duushús eru við Duusgötu 2-8 í Reykjanesbæ. Sýningin verður opin í dag frá 13-17 og laugardag og sunnudag frá 13-19. **- pbb**

## > Ekki missa af

Tónleikum Megasar og Senuþjófanna 10. september á NASA þar sem efni af Millilendingu frá 1985 verður flutt í heild sinni. Það var hljómsveitin Júdas sem lék með Megas á plötunni en á tónleikunum á Nasa munu það vera Senuþjófarnir sem spila með honum.

# Haustkonsert Harðar

Á þriðjudagskvöld heldur söngvaskáldið Hörður Torfason árlega hausttónleika sína í Borgarleikhúsinu. Hefjast þeir kl. 20. Að þessu sinni hyggst Hörður flytja flesta þá söngva sem oftast er beðið um á tónleikum hans og sennilega þekktustu söngva sína. Hann hefur úr nógu að moða með fjóra áratugi að baki í söngvasmíðum og flutningi. Í dag opnar Hörður nýja heimasíðu þar sem boðið er upp á þá nýbreytni að kaupa má söngva hans. Tónleikarnir verða teknir upp og er stefnt á útgáfu DVD er líður á veturinn. Miðasala er í Borgarleikhúsi. **- pbb**








**UPPBOÐ** Danskir kjörgripir eru eftirsóttir í framleiðslulandinu og fara á háu verði á uppboðum Bruun Rasmussen. MYND BRUUN RASMUSSEN

# Mat boðið á listmunum

Um langan aldur hefur danska uppboðshúsið Bruun Rasmussen Kunstauktioner í Kaupmannahöfn verið sá aðili sem íslenskir listunnendur hafa leitað til bæði með kaup og sölu utanlands. Bruun hefur boðið upp hundruð íslenskra verka og staðið langt framar ensku uppboðshúsunum eða húsum í öðrum löndum Skandinavíu. Því er ekki að furða að hingað leiti þeir nú, þegar ætla má að hreyfing komist á listmuni landsmanna í fjárhagslegu umróti. Um helgina verða hér matsmenn frá Bruun og bjóða þeir upp á verðmat á listmunum, ekki aðeins á málverkum heldur einnig húsmunum, en á vegum þeirra eru uppboð haldin reglulega af ýmsu tagi, jafnvel á víni, auk söfnunargripa alls konar. Jesper Bruun Rasmussen, ásamt tveimur sérfræðingum, Peter Christmas-Møller og Kasper Nielsen, munu annast ókeypis mat á listmunum án nokkurra skuldbindinga, á eldri og nýrri list, hönnun og antikmunum.

Matið er opið og fer fram mánudaginn 7. september frá 13 til 18 í Konunglega danska sendiráðinu, Hverfisgötu 29 í Reykjavík. Þá er hægt að meta listmuni heima hjá fólki hinn 6. eða 7. september ef áhugasamir hafa samband við Kasper Nielsen í síma +45 6035 1121 eða með tölvupósti: k.nielsen@bruun-rasmussen.dk.

Bruun er einkum að leita eftir verkum eftir íslenska og danska listamenn og nefna þeir til Jón Stefánsson, Jóhannes S. Kjarval, Ólaf Elíasson og Ásgrím Jónsson. Bruun Rasmussen Kunstauktioner er stærsti uppboðshaldari Danmerkur. Þar er höndlað með skartgripi, silfur, Georg Jensen-listmuni, Flora Danica-skartgripi, rússneska list, mynt, frímerki, vopn, bækur og vín árið um kring. Sjá frekar á vef þeirra: www.bruun-rasmussen.dk.

**pbb@frettabladid.is**






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 4. september 2009**

### → Tónleikar

**21.00** **Cosmic Call**, **Vicky** og **Mammút** verða á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Húsið verður opnað kl. 20.

### → Tíska

**14.00** Fatasýning verður haldin í tengslum við **Iceland Fashion Week**, við Humarskipið Reykjavíkurhöfn. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

### → Kynningar

Í Kramhúsinu við Skólavörðustíg 12, verður boðið upp á **„götudansadjamm“** fyrir krakka á öllum aldri milli kl. 17-19. Natasha, Sandra og Ragna Þyrí kynna hip-hop, krump, breik fönk og fleira. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.



### → Lókal



**Lókal - alþjóðleg leiklistarhátíð** í Reykjavík fer fram 3-6. september. Nánari upplýsingar á www.lokal.is.

**17.00** **Homo Absconditus** í Þjóðleikhúsinu (Kúlunni við Lindargötu). Sýningin fer fram á ensku.

**20.00** **Utangátta** í Þjóðleikhúsinu (Kassanum við Lindargötu).

**22.00** **Feedback** í Smiðjunni, leikhúsi LHÍ við Sölvhólsgötu. Sýningin fer fram á ensku.

### → Sýningar

Sýning **Bliks ljósmyndaklúbbs** sem nú stendur yfir í Perlunni í Öskjuhlíð, hefur verið framlengd til 6. sept. Opið alla daga kl. 10-21.

**Libia Castro** og **Ólafur Ólafsson** opna sýningu í Suðsuðvestur við Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ. Opið um helgar kl. 14-17.

**Rafn Hafnfjörð** hefur opnað ljósmyndasýninguna **„Skæni“** í Eplinu, hárstofu við Borgartún 26. Opið virka daga kl. 9-18 og á laugardögum kl. 9-14.

### → Leikrit

**12.30** **Melkorka Óskarsdóttir** og **Adam Slynn** flytja verkið **„Elskendur - Sigurvegarar“** eftir Brian Friel á Kaffi hljómalind við Laugaveg 23. Sýningin fer fram á ensku. Aðgangur er ókeypis.

### → Dans

**Reykjavík Dance Festival** 3.-6. september í Hafnarfjarðarleikhúsinu við Strandgötu. Nánari upplýsingar á www.dancefestival.is. Aðgangur er ókeypis en tekið verður við frjálsum framlögum til styrktar hátíðinni.

**18.00** Sýnd verða dansverkin **Skekkja** og **Love Always**, **Debbie and Susan**.

**20.00** Sýnd verða dansverkin **Marbara**, **Pretty Bassic** og **Shake Me**.

### → Ópera

**20.00** Í Iðnó við Vonarstræti flytja **Alexandra Chernyshova** sópran og **Michael Jóni Clark** verkin Síminn eftir Menotti og Biðin eftir Mikael Tariverdiev. Undirleik annast Daníel Þorsteinsson.




ÚTSALA
enn meiri lækkun
af öllum vörum !
60% afsláttur
af öllum vörum
Andersen & Lauth
Reykjavík
established 1934
Herraverzlun, Laugavegi 7
Kvenverzlun, Laugavegi 86-94
www.andersenlauth.com
60%

**> HJÁLP CRUISE AFÞÖKKUÐ**

Leikarinn **Tom Cruise** bauð fram aðstoð sína við að ljúka við síðustu kvikmynd Heaths Ledger, The Imaginarium of Dr. Parnassus, en var hafnað. Leikstjórinn Terry Gilliam afþakkaði aðstoð Cruise vegna þess að leikarinn þekkti ekki Ledger. „Ég vildi halda þessu innan fjölskyldunnar," sagði Gilliam. Á endanum voru þrír leikarar fengnir til að hlaupa í skarðið fyrir Ledger, Johnny Depp, Jude Law og Colin Farrell.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Átján bætast við Airwaves

Átján nýjar erlendar hljómsveitir hafa staðfest komu sína á Iceland Airwaves-hátíðina sem verður haldin 14. til 18. október. Þeirra á meðal er Kings of Convenience frá Noregi með Erlend Øye úr sveitinni The Whitest Boy Alive innanborðs, The Drums frá New York, elektrótríóið Jessica 6 frá Bandaríkjunum og breska hljómsveitin Black Cherry. Einnig ætla Danirnir Trentemöller og Kasper Bjørke að þeyta skífum. Áður höfðu staðfest komu sína Casiokids frá Noregi, Metronomy frá Bretlandi og fleiri flytjendur.

Fyrir skömmu rann út umsóknarfrestur á hátíðina fyrir íslenska tónlistarmenn og bárust í þrjú hundruð umsóknir, sem er það mesta til þessa. Þar að auki sóttu um fimm hundruð erlend bönd um að koma fram á Airwaves og samanlagt eru umsóknirnar því um átta hundruð talsins.

Aðstandendur Iceland Airwaves standa núna í ströngu við að fara yfir umsóknirnar og verður tilkynnt nánar á næstu dögum hverjir hafa verið valdir til að spila. Hátíðin rúmar aðeins um 160 hljómsveitir og því komast færri að en vilja.



**KINGS OF CONVENIENCE** Norska hljómsveitin er ein þeirra sem hafa staðfest komu sína á Iceland Airwaves.






**DR. GUNNI** Dr. Gunni spilar lög af plötu sinni Inniheldur á Grand Rokki í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Dr. Gunni fagnar útgáfu

Dr. Gunni heldur útgáfutónleika á Grand Rokki í kvöld í tilefni af plötu sinni Inniheldur sem kom út í sumar. Á tónleikunum flytur hann lög af plötunni og er ekki ólíklegt að þetta verði í eina skiptið sem þau verða leikin á sviði. Með honum í hljómsveitinni eru bassaleikarinn Haukur úr Morðingjunum og Kristján Freyr úr Reykjavík! Á tónleikunum, sem Gogoyoko og Grapevine standa fyrir, koma einnig fram Hellvar frá Keflavík, tónlistarmaðurinn Insol og pönksveitin Blóð. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og hefjast tónleikarnir klukkan 22.



**AFHENTU ÁGÓÐANN** Landsliðsmennirnir Hermann Hreiðarsson, Stefán Gíslason og Pálmi Rafn Pálmason afhentu ágóðann af mótinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# 2,8 milljónir söfnuðust

**Knattspyrnukappinn Hermann Hreiðarsson og félagar hans úr íslenska landsliðinu afhentu ágóðann af góðgerðargolfmóti sem Hermann hélt fyrr í sumar á blaðamannafundi á Hótel Nordica í gær. Alls söfnuðust 2,8 milljónir króna og rennur upphæðin til Umhyggju, Barnaspítala Hringsins, Mæðrastyrksnefndar, SOS barnaþorpa og samtakanna Blátt áfram. Golfmót Hermanns, sem hét Herminator Invitational, var haldið í Vestmannaeyjum í lok júní. Á meðal þátttakenda voru félagar hans úr íslenska landsliðinu og Sol Campell, fyrrverandi samherji hans hjá Portsmouth.**

# Dansganga um miðborg Reykjavíkur

Hátíðin Reykjavík Dance Festival stendur nú yfir í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Sérstök dansganga verður farin í tengslum við hátíðina þar sem dans mun birtast almenningi á hinum ýmsu stöðum í miðborg Reykjavíkur.

„Sá sem leiðir gönguna er gamall flökkudraugur. Hann mun sem sagt leiða gönguna um miðbæ Reykjavíkur og fræða fólk um sögu borgarinnar og þeirra staða sem stoppað er á. Þessi draugur er frekar jákvæður en dálítið einmana en góður sögumaður," segir Ragnar Ísleifur Bragason, einn aðstandenda dansgöngunnar. Heiti göngunnar er Var það gangári?, en gangári er gamalt íslenskt heiti yfir flökkudraug.

„Gangan hefst við skemmtistaðinn Karamba við Laugaveg 22 og þaðan verður gengið niður Veghúsastíg, Hverfisgötu og aðrar götur borgarinnar. Meðan á göngunni stendur verða ýmsir gjörningar og dansatriði á vegi okkar sem dansararnir Aðalheiður Halldórsdóttir og Valgerður Rúnarsdóttir sömdu fyrir hátíðina."

Að sögn Ragnars Ísleifs er frítt inn á alla viðburði hátíðarinnar en tekið er á móti frjálsum framlögum sýningargesta sem renna óskert í sjóð til að styrkja framtíð hátíðarinnar.

Gangan hefst klukkan 17.00 í dag og verður endurtekin aftur á morgun klukkan 14.00. Nánari upplýsingar um hátíðina er að finna á www.dancefestival.is. **- sm**



**DRAUGASAGA** Ragnar Ísleifur, í dulargervi flökkudraugs, leiðir fólk um götur Reykjavíkur á danshátíð.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Dikta og Cliff Clavin keppa til úrslita

„Keppnin er búin að vera mjög hressandi," segir útvarpsmaðurinn Þórður Helgi Þórðarson, best þekktur sem Doddi litli.

Hljómsveitirnar Dikta og Cliff Clavin keppa til úrslita í svokölluðu hljómsveitabattli í útvarpsþættinum Litlu hafmeyjunni á Rás 2 í kvöld. Sextán hljómsveitir hófu keppni í sumar og á meðal þeirra voru Stuðmenn, Brain Police, Land og synir, Agent Fresco og Mammút. Keppnin fer fram í hinu sögufræga Stúdíó 12.

„Þetta eru sterkustu liðin – þau hafa haft mest fyrir þessu," segir Doddi um úrslitahljómsveitirnar. Ljóst er að keppnin verður æsispennandi, en hlustendur hringja inn, greiða atkvæði og ráða þannig úrslitum. „Í síðustu viku ætlaði Dikta að segja sig úr keppninni vegna þess þeir voru á síðustu stundu með að klára plötu. Samt náðu þeir að klóra sig fram úr þessu."

Lokakeppnin fer þannig fram að hljómsveitirnar byrja á því að flytja eigið lag. Svo þurfa þær að flytja rokkabillílag og að lokum þurfa þær að semja nýtt sigurvegaralag – eitthvað sem Doddi vonast til að skipti út laginu We Are the Champions með Queen. „Ég er að gera mér vonir um það að við þurfum aldrei að heyra Queen-lagið aftur." **- afb**



**DIKTA** Þykir gríðarlega sigurstrangleg.



**CLAVIN** En enginn skal vanmeta hinu ungu og efnilegu hljómsveit Cliff Clavin.

# Sex hönnuðir sýna

Neðanjarðartískusýning á vegum Iceland Fashion Week fer fram við Reykjavíkurhöfn í dag. Þar fá sex ungir hönnuðir tækifæri til að sýna hönnun sína, þar á meðal er Arndís Ey Eiríksdóttir, klæðskeranemi.

„Það er búið að vera brjálað að gera síðustu vikur við undirbúning á tískusýningunni. Ég verð með um fimmtán innkomur á sérstakri sýningu fyrir unghönnuði sem fer fram í dag. Við erum níu ungir hönnuðir sem tökum þátt í þessari sýningu," segir Arndís Ey en hún hannar undir nafninu Ey Design og hefur vakið þó nokkra athygli fyrir „cape" sem hún hannar og saumar sjálf.

Aðspurð segir hún undirbúning vera vel á veg kominn. „Ég er búin að velja fyrirsæturnar og ákveða hárgreiðslur og förðun, þannig að þetta er allt á réttri leið. Ég er voða lítið stressuð, aðallega full tilhlökkunar enda hef ég ekki tekið þátt í tískusýningu af annarri eins stærðargráðu áður."

Þegar blaðamaður spyr Arndísi út í þá gagnrýni sem tískuvikan hefur fengið segist hún lítið velta sér upp úr henni. „Mér finnst bara spennandi að fá að vera með og geta unnið að og þróað línuna mína enn frekar. Ég hlakka líka til þess að sjá hvað hinir hönnuðirnir ætla að sýna."

Tískusýningin hefst klukkan 14.00 í dag. **-sm**



**EY DESIGN** Arndís Ey segist lítið stressuð en full tilhlökkunar fyrir tískusýninguna.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Kvalaskoðunarferð

**KVIKMYNDIR**

**Reykjavík Whale Watching Massacre**

Leikstjóri: Júlíus Kemp

Aðalhlutverk: Helgi Björnsson, Guðrún Gísladóttir, Stefán Jónsson og fleiri.

★★

Brokkgeng hrollvekja sem á sínar stundir.

Hvalaskoðunarmorðin í Reykjavík – Reykjavík Whale Watching Massacre (RWWM) – eru kynnt af aðstandendum hennar sem fyrsta íslenska spennuhrollvekjan, böðuð blóði og gori. Til að sjá myndinni fyrir lævi blöndnu lofti fengu þeir Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson Sjón til að skrifa handritið. Það vekur líka athygli að við kynningu á myndinni hefur meiri áhersla verið lögð á framlag handritshöfundarins en leikstjórans. Kannski vegna þess að aðstandendur hennar vita að samanburður á fyrri verkum þeirra beggja er – með fullri virðingu – ekki leikstjóranum í hag.

Þátttaka Sjóns vakti vissulega talsverðar vonir hjá þeim sem hér skrifar að RWWM gæti orðið ísmeygileg hrollvekja, þar sem meiri áhersla yrði lögð á taugatrekkjandi andrúmsloft en sjónrænar limlestingar sem nóg framboð er af og þarf að vera ansi uppfinningasamt núorðið ef það á að ganga fram af manni. Það eru því óneitanlega nokkur vonbrigði að RWWM er ekki sá hvalreki á fjörur hryllingsunnenda sem myndin sjálfsagt hefði getað orðið.

Plottið er þetta: Sundurleitur hópur túrista fer í hvalaskoðunarferð á Faxaflóamið. Þegar skipstjórinn ferst af afar óvenjulegum slysförum á hafi úti og hásetinn, sem hefur óhreint mjöl í pokahorninu, lætur sig hverfa sitja túristarnir einir eftir. Illu heilli er enginn til bjargar nema úrkynjuð mæðgin úr hvalveiðibransanum, sem hafast við í ryðguðu hvalveiðiskipi og veiða ferðamenn og náttúruunnendur í stað hvala. Þau flytja þá með sér í hvalveiðiskipið og þegar þangað er komið hefst leikur kattarins að músinni, þar sem fjölskyldan byrjar að myrða mannskapinn, einn af öðrum.

Blóðið fær vissulega að fljóta en það er hins vegar dýr íþrótt að gera bíóofbeldi í sama „gæðaflokki“ og við eigum að venjast úr til dæmis Saw-bálkinum, Hostel og fleiri myndum. RWWM tekst því aldrei að verða að hreinræktuðum splatter sem maður þarf að horfa á á milli fingra sér. Góð hrollvekja reiðir sig hins vegar ekki endilega á ofbeldi heldur andrúmsloft. Þar kemur til kasta Sjóns, sem sýndi síðast í Rökkurbýsnum hversu meistaraleg tök hann hefur á að skapa óhug með lesandanum með nokkrum vel völdum orðum. Hér er ekki fyrir því að fara. Uppbyggingin er brokkgeng, persónur rista hver aðra en að öðru leyti grunnt, samtöl eru í besta falli skemmtilega hallærisleg og atburðarásin er full af lausum endum. Stundum er sagt að ekki sé hægt að gera góða mynd án sæmilegs handrits. Á hinn bóginn sé hægt að taka fullgott handrit og gera eftir því slaka mynd. Hér skal ósagt látið hvort hafi gerst í þessu tilfelli en því er ekki að neita að RWWM er ekki svipur hjá sjón, ef svo má að orði komast.

Það er svo sem ekki úr miklu að moða fyrir leikhópinn; túristahópurinn er flatur og hrottarnir sóttir í kunnuglegan hugmyndaheim að hætti Hrafns Gunnlaugssonar, með tilheyrandi orðfæri og borðsiðum. Helgi Björns og Guðrún Gísladóttir túlka það sem fyrir þau er lagt bara býsna vel, eins og þeirra er von og vísa, en senuþjófurinn er þó Stefán Jónsson í hlutverki hins súrranda trylltа Sigga. Stefán stígur skrefið til fulls og glansar í dásamlegum ofleik. Ekki er ólíklegt að hann hafi sótt fyrirmyndina í ónefndan hvalveiðifrömuð hér á landi.



Það bjargar myndinni hins vegar fyrir horn að hún tekur sig ekki hátíðlega. Það glittir í húmor, sem á stundum verður nógu absúrd til að maður skelli upp úr. En það er kannski böl myndarinnar líka; hún veit ekki alveg hvað hún vill vera – hrollvekja sem hræðir úr manni líftóruna, splatter sem vekur velgju eða gamanmynd sem gerir út á ýkt og yfirgengilegt ofbeldi í anda Íslendingasagnanna. Fyrir vikið verður hún ekkert af þessu og leysist þegar verst lætur upp í tómt rugl, samt aldrei nógu mikið til að verða nógu „kitsch“ svo hægt sé að njóta. Það er synd og skömm því möguleikarnir eru til staðar. Hvalurinn er þarna – en því miður missir skutullinn marks.

**Bergsteinn Sigurðsson**





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HALLOWEEN 2 | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 5.40 - 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 T | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SEPTEMBER ISSUE | kl. 6 - 8 | 16 |
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| STELPURNAR OKKAR | kl. 10 | L |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE GOODS LIVE HARD SELL HARD | kl. 6 - 10 | 16 |
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 8 - 11 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 6 | 12 |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 8 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| G.I. JOE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE GOODS LIVE HARD SELL HARD | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HALLOWEEN II | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 16 |
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 7 og 10 | 16 |
| G.I.JOE: THE RISE OF COBRA | kl. 5.40 og 10.10 | 12 |
| MY SYSTERS KEEPER | kl. 8 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WHALE WATCHING MASSACRE | kl. 6 - 8 - 10 - 12 | 16 |
| WHALE WATCHING MASSACRE | kl. 3:40 - 8 - 10 - 12 | VIP |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 8 - 11 | L |
| UP M/ Ensk.Tali | kl. 8 | VIP |
| UP M/ Ensk.Tali | kl. 5:50 | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 8 - 10 - 12 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 10 | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 5 | 10 |
| THE HANGOVER | kl. 3:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| RWWM | kl. 6:10 - 8:20 - 10:20 | 16 |
| UP M/ Ensk.Tali | kl. 5:50(3D) - 8(3D) - 10:10(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) - 6:10(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 10:20 | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) | L |
| THE PROPOSAL | kl. 8:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK WHALE WATCHING MASSACRE | kl. 8 - 10 | 16 |
| UP M/ ísl. Tali | kl. 5:40 | L |
| UP M/ Ensk.Tali | kl. 5:40 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 10 | 16 |



# ÁTTU AFMÆLI Í OKTÓBER?

10. ÁRIÐ

10. MÁNUÐURINN

10. KRÓNUR

- Sumarið 2009 var eitt besta sumar í ferðaþjónustu á Suðurlandi. - Til að fagna þessum áfanga býður Hótel Rangá öllum þeim sem eiga afmæli í október hótelherbergið á 10 krónur* kjósi þeir að halda upp á afmælið með kvöldverði á margrómuðum veitingastað hótelsins.

HOTEL RANGÁ
Luxury Resort & Dining

Sími: 487 5700 www.hotelranga.is

*Gildir aðeins á afmælisdaginn meðan herbergi eru laus.

## > Breytt fyrirkomulag á lokahófi KSÍ

Stjórn KSÍ hefur tilkynnt félögum á landinu að í haust verði breytt fyrirkomulag á lokahófi og verðlaunaafhendingum knattspyrnumanna fyrir sumarið. Að þessu sinni verði ekki um að ræða samkomu á Broadway með kvöldverði og skemmtun. „Við vildum prófa að hafa þetta með öðruvísi sniði núna og breytingarnar koma bara til af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna beiðnar frá félögunum sjálfum. Hugmyndin er fyrst og fremst að veita afhendingu verðlauna meira vægi en áður. Dagsetningin 30. september hefur komið fram en gengur líklega ekki upp þar sem Valsstúlkurnar eru þá að keppa erlendis,“ segir Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ.



# sport

sport@frettabladid.is

**SIGURÐUR PÉTURSSON OG GYLFI KRISTINSSON:** ERU LIÐSSTJÓRAR LIÐANNA SEM KEPPA UM „BIKARINN“ Í GOLFI

# *Lið höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar mætast*

Golfsamband Íslands stendur í fyrsta skipti fyrir keppninni um „Bikarinn“ svokallaða og fer keppnin fram í dag og á morgun á Urriðavelli en þar mætast tvö lið skipuð annars vegar kylfingum úr golfklúbbum höfuðborgarinnar og hins vegar kylfingum úr golfklúbbum landsbyggðarinnar. Keppnisfyrirkomulagið er holukeppni í anda keppninnar um Ryder-bikarinn þar sem lið Bandaríkjamanna og Evrópubúa eigast við.

Alls taka nú tuttugu og fjórir kylfingar þátt í mótinu, tólf í hvoru liði fyrir sig, en átta efstu karlar og tvær efstu konur á stigalista GSÍ veljast í hvort lið fyrir sig. Tveir kylfingar til viðbótar eru svo valdir af fyrirliðum eða liðsstjórum liðanna en það hlutverk féll að þessu sinni í skaut reynsluboltanna Sigurðar Péturssonar fyrir höfuðborgarsvæðið og Gylfa Kristinssonar fyrir landsbyggðina.

Fljótt á litið virðist lið landsbyggðarinnar vera skipað mun reyndari kylfingum en Sigurður er þó hvergi banginn.



„Þetta verður mjög skemmtilegt og er vonandi komið til þess að vera. Lið höfuðborgarsvæðisins er mun yngra og óreyndara og þau verða bara grimmari fyrir vikið og það getur gert útslagið í þessu. Maður hefur lyft mörgum bikurum í gegnum tíðina og mér líst vel á þennan sem er í boði núna og mikil eftirvænting að fá að halda á honum að keppni lokinni,“ segir Sigurður vongóður.

Gylfi er þó ekki síður bjartsýnn fyrir hönd liðs síns fyrir keppnina.

„Það er náttúrulega mikill heiður að hafa verið valinn liðsstjóri þessa landsbyggðarliðs. Við höfum marga reynslubolta í okkar liði og ég á því eftir að sofa vel nóttina fyrir keppni. Reynslan er auðvitað mikilvæg en dagsformið skiptir vitaskuld miklu máli einnig og ég veit að mitt lið mætir vel stemmt til leiks og það verður því gaman að hampa bikarnum á laugardaginn,“ segir Gylfi að lokum.

**Grindavík 1-1 ÍBV**

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 781 Erlendur Eiríksson (4)

*0-1 Augustine Nsumba (13.)*
*1-1 Gilles Mbang Ondo (43.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9-20 (5-4) |
| Varin skot | Óskar 2 – Albert 3 |
| Horn | 8-6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12-24 |
| Rangstöður | 5-4 |

| GRINDAV. 4–4–2 | | ÍBV 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Óskar Pétursson | 5 | Albert Sævarsson | 7 |
| Ray Anthony Jónsson | 3 | Pétur Runólfsson | 6 |
| Orri Freyr Hjaltalín | 6 | Andrew Mwesigwa | 5 |
| Óli Stefán Flóvents. | 5 | Eiður Aron Sigurbj. | 6 |
| Jósef Kr. Jósefsson | 4 | Þórarinn Ingi Valdim. | 5 |
| Tor Erik Moen | 4 | (46., Bjarni Einars. | 5) |
| (87., Páll Guðmunds. | -) | Arnór Eyvar Ólafsson | 7 |
| Þórarinn Kristjánsson | 4 | Yngvi Borgþórsson | 5 |
| (67., Óli B. Bjarnas. | 6) | ***Tonny Mawejje** | **8** |
| Jóhann Helgason | 5 | Andri Ólafsson | 7 |
| Scott Ramsay | 4 | Augustine Nsumba | 7 |
| Sveinbjörn Jónasson | 3 | (78., Ingi Ingibergs. | -) |
| Gilles Mbang Ondo | 5 | Viðar Örn Kjartans. | 6 |
| | | (78., Gauti Þorvarðar. | -) |

*Maður leiksins

## STAÐAN

*Pepsi-deild karla*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **19** | **14** | **2** | **3** | **49-20** | **44** |
| 2. KR | 19 | 12 | 3 | 4 | 44-26 | 39 |
| **3. Fylkir** | **19** | **11** | **3** | **5** | **35-23** | **36** |
| 4. Fram | 19 | 8 | 4 | 7 | 34-29 | 28 |
| **5. Breiðablik** | **19** | **8** | **4** | **7** | **33-31** | **28** |
| 6. Keflavík | 19 | 6 | 8 | 5 | 29-34 | 26 |
| **7. Stjarnan** | **19** | **7** | **3** | **9** | **38-33** | **24** |
| 8. Valur | 19 | 7 | 3 | 9 | 21-33 | 24 |
| **9. Grindavík** | **19** | **6** | **4** | **9** | **33-37** | **22** |
| 10. ÍBV | 19 | 6 | 4 | 9 | 21-31 | 22 |
| 11. Fjölnir | 19 | 3 | 5 | 11 | 25-41 | 14 |
| 12. Þróttur | 19 | 3 | 3 | 13 | 20-44 | 12 |

**Næstu leikir:**

| | |
|---|---|
| **FH-ÍBV** | **13. sept.** |
| Fylkir-Þróttur | 13. sept. |
| **Valur-Stjarnan** | **13. sept.** |
| Fram-Fjölnir | 15. sept. |
| **Keflavík-Grindavík** | **16. sept.** |
| Breiðablik-KR | 16. sept. |

# Bæði lið skrefi nær öruggu sæti

**Þróttur féll niður í 1. deild í gær þegar Grindavík og ÍBV skildu jöfn suður með sjó. Eyjamenn voru betri og þreyttir Grindvíkingar mega þakka fyrir að hafa náð í stig. Bæði lið vantar tvö stig til að tryggja sæti sitt.**

**FÓTBOLTI** Grindavík og ÍBV náðu loks að spila leik sem frestað var á sínum tíma vegna svínaflensufaraldurs í herbúðum Grindjána. Leiknum lyktaði með 1-1 jafntefli. Grindavík gat þakkað fyrir stigið en Eyjamenn áttu meira skilið.

Það viðraði óvenju vel í Grindavík, nokkuð hlýtt og ekki of hvasst sem eru kannski ekki beint þær aðstæður sem liðin þekkja hvað best. Eyjamenn mættu til leiks án Englendinganna Ajay Leitch-Smith og Chris Clements.

Það virtist ekkert há liðinu í fyrri hálfleik þar sem gestirnir voru mikið betri aðilinn og hreinlega yfirspiluðu meðvitundarlausa Grindvíkinga. Ef maður vissi ekki betur þá hefði maður haldið að þeir væru enn með svínaflensu – svo slappir voru þeir.

Sóknir Eyjmanna voru beittar og eftir eina slíka kom Nsumba boltanum í netið. Hann fékk boltann í teignum, lék á Óskar markvörð og lagði boltann í tómt markið. Sanngjörn staða. Eyjamenn voru líklegri til að bæta við í hálfleiknum en þvert gegn gangi leiksins jöfnuðu heimamenn rétt fyrir hálfleik.

Eftir nokkuð krafs í teignum barst boltinn á Gilles Ondo sem potaði boltanum í markið af stuttu færi. 1-1 í hálfleik sem var sárt fyrir Eyjamenn sem áttu hálfleikinn með húð og hári.

Síðari hálfleikur var ekki eins fjörugur og sá síðari. Eyjamenn réðu þó ferðinni lengstum en gekk erfiðlega að skapa sér opin færi. Þeir vildu í þrígang fá víti í leiknum og virtust hafa eitthvað til síns máls í að minnsta kosti tvö skipti. Ekki komu mörkin í hálfleiknum og liðin sættust því á skiptan hlut og sendu Þrótt niður í 1. deild í leiðinni.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÖGNUÐUR** Grindvíkingar höfðu ærna ástæðu til þess að fagna í gær þar sem þeir eru nú skrefi nær því að halda sæti sínu í efstu deild eftir jafntefli gegn ÍBV.

„Fyrirfram hefði ég verið sáttur við stig í Grindavík en miðað við hvernig við spiluðum hefði ég viljað fá öll stigin. Við spiluðum á köflum glimrandi fótbolta í leiknum,“ sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, og hafði mikið til síns máls. Eyjamenn yfirspiluðu þreytta Grindvíkinga lengstum. Boltinn gekk hratt og í fáum snertingum á milli manna.

„Það hefur verið fínn stígandi hjá okkur í seinni umferðinni og mér finnst fótboltinn einnig verða betri. Menn héldu að leikur okkar myndi hrynja án útlendinganna en það komu aðrir menn inn og stigu upp.“

Lúkas Kostic, þjálfari Grindavíkur, var nokkuð sáttur við stigið en hans menn voru þungir og þreyttir í leiknum eftir mikið álag upp á síðkastið.

„Auðvitað vill maður alltaf fá samt meira en þetta var erfiður og harður leikur. Strákarnir voru vissulega þungir enda höfum við spilað fjóra leiki á stuttum tíma og það eftir mikil veikindi. Strákarnir þurfa smá hvíld samt núna,“ sagði Lúkas en verður þá ekkert æft næstu daga?

„Það verður létt æfing á morgun og svo hvíld yfir helgina,“ sagði Lúkas léttur og hló dátt.

**henry@frettabladid.is**

SPARISJÓÐURINN
Aðal styrktaraðili
Reykjanes maraþon
REYKJANES MARAÞON
REYKJANESBÆR
Kort af hlaupaleið er á hlaup.is
5. september
Skráning er hafin á hlaup.is og í Lífsstíl 420 7001
á Ljósanótt í Reykjanesbæ
Flögu tímataka
Rásmark hjá Lífsstíl sundmiðstöð
Hálfmaraþon (ræsing kl. 9:30)
10 km hlaup (ræsing kl. 10:15)
HS ORKA HF Nesprýði 3,5 km skemmtiskokk (ræsing kl. 10:20)
Glæsileg úrdráttarverðlaun, m.a. peningaverðlaun

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

The Guardian segir afkomu West Ham slæma og félagið stórskuldugt:

# West Ham steypt í stórskuldir

**FÓTBOLTI** Enska dagblaðið The Guardian sagði í gær framtíðarhorfur enska úrvalsdeildarfélagsins West Ham allt annað en góðar vegna slæmrar afkomu þess á síðasta ári auk þess sem félagið sé stórskuldugt. Björgólfur Guðmundsson keypti félagið árið 2006 í fyrstu í félagi við Eggert Magnússon, fyrrum formann KSÍ, sem hætti rúmu ári síðar.

The Guardian hefur undir höndum ársskýrslu West Ham frá árinu 2008. Á þeim tíma var tap félagsins 37,4 milljónir punda, um 7,7 milljarðar króna á núverandi gengi. Björgólfur lagði fram 30,5 milljónir punda í félagið vegna þessa auk þess sem það tók bankalán upp á sautján milljónir punda.

Skuldastaða West Ham er þar að auki slæm. Það er sagt vera í ábyrgð fyrir um 100 milljónum punda eða rúmum 20 milljörðum króna.

Félagið hefur gripið til aðgerða að undanförnu og það skilaði 11,67 milljóna punda hagnaði á tólf mánaða tímabili sem lauk 5. júní í ár. Útlitið sé þó enn mjög dökkt, segir greinarhöfundur.



**STOLTIR EIGENDUR** Björgólfur Guðmundsson og Eggert Magnússon skömmu eftir að þeir keyptu félagið árið 2006.

West Ham er nú í eigu eignarhaldsfélagsins CB Holding, sem er dótturfyrirtæki skilanefndar Straums-Burðaráss.

Nick Igoe, fjármálastjóri West Ham, segir í samtali við blaðið að slæmir viðskiptastefnu félagsins á meðan það var í eigu Björgólfs sé um að kenna – þá einkum hvað varðaði leikmannakaup og launagreiðslur leikmanna.

Launakostnaður hafi rokið upp úr öllu valdi eftir að Björgólfur eignaðist félagið. Því hafi það neyðst til að selja leikmenn eins og Anton Ferdinand, Bobby Zamora, Matthew Etherington og Craig Bellamy.

„Á þessum tíma var árlegur launakostnaður 63,3 milljónir punda en veltan einungis 81,5 milljónir. Slíkt gat ekki gengið til lengdar og það vissi félagið.“

Fleira kom til. Aðalstyrktaraðili West Ham fór á hausinn og félagið þarf að greiða Sheffield United 21 milljón punda í skaðabætur vegna Tevez-málsins svokallaða. Sú upphæð skiptist í jafnar greiðslur sem verða inntar af hendi til ársins 2013. **- esá**




Opnunartímar meðan útsalan er
föstudag 10.00 - 19.00
laugardag 10.00 -16.00
sunnudag 10.00 -16.00

Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940

# ÚTSALA Í 3 DAGA!

## föstudag, laugardag og sunnudag.

**Bjóðum Huldu Ýr Longtail velkomna til starfa hjá veiðiportinu**



**MITTIS ÖNDUNAR-VÖÐLUR + SKÓR**
15.000kr.

**VÖÐLUSKÓR**
(mest stórar stærðir )
5000.kr

**ÖNDUNARVÖÐLUR**
(stórar stærðir )
11.900 kr
(áður 29.900 kr.)

**SCIENTIFIC ANGLERS TAUMAR OG TAUMA-EFNI** 50% afsl.

**10 FETA ALVÖRU LAXASTÖNG**
5000 kr. 60% afsl..
(áður 12.900 kr.)

**FLUGUBOX ,TÚPUBOX OG KLIPPUR**
50% afsl.

**SJÓHJÓL**
30% afsl.

**JOAKIMS OG JAXON FLUGUSTANGIR**
20% afsl.

**KASTSTANGIR Í LAX OG SILUNG**
1990 kr - 3.900 kr
6-8-9- og 10 feta .
**SHIMANO KAST-STANGIR**
30% afsl.
(eldri módel)

**KASTHJÓL**
FRÁ 1.990 KR.
20% - 50%
af öðrum hjólum

**FLUGUSTÖNG, HJÓL, LÍNA, UNDIRLÍNA OG TAUMUR #6**
15.000 KR.
SÆTA ÁKLÆÐI 2 stk.
4.900 kr

30% afsl.
af öllum pilkum
(250g - 400g)



ATH! ÚTSALAN ER AÐEINS Í 3 DAGA!

**Nærfatnaður**

Láttu þér ekki verða kallt með haustinu !!
Gott nærfata sett undir veiðigallann.

Peysa og buxur aðeins. 5.900 kr

einnig fáanleg þykk flís nærföt á 5.990kr

**Opið kasthjól**

Með 1 legu
1.990 kr





**Sjóhjól**
30% afsl.

*Og margt fleira spennandi á góðum afslætti!*

## > Kate Hudson

„Ég er of upptekin af því að lifa lífinu til að taka slæma gagnrýni nærri mér.“

***Hudson fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Laus við gaurinn á 10 dögum sem Sjónvarpið sýnir í kvöld. kl. 21.25.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SARA MCMAHON VARÐ SVÖNG EFTIR SJÓNVARPSGLÁP

# *Matreiðsluþættir sem kitla bragðlaukana*

Um daginn fór ég í heimsókn til vinar til að fá hjá honum nokkrar kryddjurtir sem hann hafði ræktað í sumar. Þegar ég mætti á staðinn vildi svo skemmtilega til að vinurinn sat og horfði á þáttinn Matur um víða veröld – Kryddleiðirnar. Í þættinum var fjallað um hinar ýmsu kryddjurtir og áhorfandinn fræddur um það hvernig fornar kryddleiðir áttu þátt í því að merkar borgir risu eða liðu undir lok.

Þáttarstjórnendur ferðuðust um víða veröld og kynntu mismunandi kryddtegundir fyrir áhorfendum. Gómsætir, vel kryddaðir réttir voru matreiddir fyrir þá og þeir hældu eldamennskunni og samsetningu kryddanna í hástert. Þátturinn var allur hinn ljúffengasti og góð hvatning. Ég ætla að gera mitt besta við að halda lífinu í nýju kryddjurtunum, þær mun ekkert skorta.



Eftir áhorfið fann ég matreiðsluandann smjúga upp í nef og niður í maga og ég saknaði þess að sjá ekki fleiri kokkaþætti á dagskrá sjónvarpsstöðvanna. Skjár einn bauð upp á skemmtilegan matreiðsluþátt nú í sumar, þar sem meistarakokkurinn Hrefna Rósa Sætran kenndi landanum hvernig elda mætti hina ýmsu rétti.

Eldamennska hinnar ítölskættuðu Rachael Ray, en spjallþáttur hennar er einnig sýndur á Skjá einum, er ekki upp á marga fiska. Réttir hennar virðast aldrei sérstaklega hollir eða næringarríkir, sama hvað fröken Ray segir. Því miður missti ég af kokkaþáttum Jamies Oliver, en þar matreiddi hann rétti sem innihalda heimaræktað hráefni.

Fleiri matreiðsluþætti, takk, og andlausi kokkurinn úr auglýsingunni mun brátt heyra sögunni til.

## FÖSTUDAGUR



▶ **20.10** The Contender Muay Thai SKJÁREINN



▶ **20.20** Popppunktur SJÓNVARPIÐ



▶ **20.45** Stelpurnar STÖÐ 2



▶ **21.45** Peep Show STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00** A Perfect Murder STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**12.50 EM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik í átta liða úrslitum á Evrópumóti landsliða sem fram fer í Finnlandi.

**16.10 Bangsímon og vinir hans**

**16.35 Táknmálsfréttir**

**16.45 EM-stofan** Hitað upp fyrir leik á EM í fótbolta.

**17.00 EM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik í átta liða úrslitum.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.20 Popppunktur** (Buff - Jeff Who?) Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni hljómsveita.

**21.25 Laus við gaurinn á 10 dögum** (How to Lose a Guy in 10 Days) Bandarísk gamanmynd frá 2003. Benjamin veðjar að hann geti gert konu ástfangna af sér á tíu dögum. Blaðakonan Andie fær það verkefni að skrifa grein með heitinu „Hvernig á að losa sig við mann á tíu dögum?“. Þegar þau hittast halda þau að rétta viðfangsefnið sé fundið. Aðalhlutverk: Kate Hudson, Matthew McConaughey og Kathryn Hahn. (e)

**23.20 EM kvöld** Fjallað um leiki dagsins á EM kvenna sem fram fer í Finnlandi.

**23.50 Mannrán í Malibu** (Malibu's Most Wanted) Bandarísk bíómynd frá 2003. Stjórnmálamaður lætur ræna syni sínum, sem vill verða rappari, til að fá hann ofan af þeim áformum. Aðalhlutverk: Jamie Kennedy, Taye Diggs, Anthony Anderson, Blair Underwood, Ryan O'Neal og Bo Derek.

**01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Prime**

**10.00 Ratatouille**

**12.00 The Sandlot 3**

**14.00 Manchester United. The Movie**

**16.00 Prime**

**18.00 Ratatouille**

**20.00 The Sandlot 3**

▶**22.00 A Perfect Murder** Viðskiptajöfurinn Steven Taylor hefur fengið nóg af framhjáhaldi konu sinnar og leggur á ráðin um hið fullkomna morð.

**00.00 I'ts a Boy Girl Thing**

**02.00 PTU**

**04.00 A Perfect Murder**

**06.00 The Upside of Anger**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstonekrakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli litli kanína og vinir.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (22:25)

**10.00 Doctors** (23:25)

**10.30 Jamie At Home** (9:13)

**10.55 Amne$ia** (5:8)

**11.45 Monarch Cove** (3:14)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 La Fea Más Bella** (18:300)

**13.45 La Fea Más Bella** (19:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (20:300)

**15.20 Newlywed, Nearly Dead** (11:13)

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Saddle Club, Camp Lazlo, Kalli litli kanína og vinir og Gulla og grænjaxlarnir.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (20:24) Ross fær vini sína í lið með sér þegar hann hittir föður Elizabeth í fyrsta skipti. Það er hins vegar spurning hvort það sé sterkur leikur hjá honum.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Auddi og Sveppi**

**20.00 Beauty and the Geek** (6:10)

▶**20.45 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.

**21.10 Revenge Of The Nerds II. Nerds in Paradise** Framhald hinnar geysivinsælu Revenge of the Nerds. Nú hafa busarnir misst völdin sem þeir höfðu í skólanum yfir til íþróttafantanna.

**22.40 Idlewild** Dans- og söngvamynd í anda Purple Rain og Cotton Club. Það eru þeir félagarnir úr OutKast sem fara aðalhlutverkin og syngja eigin lög í myndinni.

**00.40 National Lampoon's Dorm Daze**

**02.15 Poseidon**

**03.50 Beauty and the Geek** (6:10)

**04.35 Stelpurnar**

**05.00 Friends** (20:24)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**17.55 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**18.20 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

**18.50 Holland - England** Útsending frá vináttuleik Hollands og Englands.

**20.30 Fréttaþáttur** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem skyggnst er bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.00 Ultimate Fighter: Battle Royale** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

**21.45 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**22.30 World Series of Poker 2008** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

**00.05 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Bolton - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.10 Tottenham - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.50 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.

**21.20 PL Classic Matches** Newcastle - Sheffield Wednesday. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.50 Goals of the Season 2008** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**22.45 PL Classic Matches** Tottenham - Southampton, 1999. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**23.15 Everton - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**18.05 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.50 What I Like About You** (e)

**19.15 Welcome to the Captain** (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (22:48) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot.

▶**20.10 The Contender Muay Thai** (3:15) Raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu bardagastjörnu. Áður hafa efnilegir hnefaleikakappar fengið tækifæri en nú eru það keppendur í asísku bardagalistinni Muay Thai.

**21.00 Battlestar Galactica** (20:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst er með klassískri baráttu góðs og ills. Þessir þættir hafa fengið frábæra dóma og tímaritin Time og Rolling Stone hafa sagt þá bestu þáttaröðina sem sýnd er í sjónvarpi.

**21.50 The Dudesons** (8:8) Fjórir finnskir ofurhugar leggja líf sitt og limi í hættu til að skemmta sjálfum sér og áhorfendum.

**22.20 Domino** Kvikmynd frá 2005 með Keira Knightley og Mickey Rourke í aðalhlutverkum. Domino er hörkukvendi sem eltir uppi forherta glæpamenn. Leikstjóri myndarinnar er Tony Scott.

**00.30 World Cup of Pool 2008** (14:31) Bestu pool-spilarar heims sýna snilldartaka í heimsbikarkeppninni í pool.

**01.20 The Dead Zone** (12:13) (e)

**02.10 The Dead Zone** (13:13) (e)

**03.00 Home James** (9:10) (e)

**03.30 Penn & Teller. Bullshit** (e)

**04.00 Penn & Teller. Bullshit** (e)

**04.30 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.

**21.00 Reykjavík – Ísafjörður – Reykjavík** Fyrri hluti. Umsjón Árni Árnason og Snorri Bjarnvin Jónsson

**21.30 Græðlingur** Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


SPOT
skemmtistaður
BÆJARLIND - KÓPAVOGI






Stuðmenn & Jeff Who?

Spot Kópavogi, laugardaginn 5. sept.

Nánar á www.promo.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.20**

### Auddi og Sveppi




Auddi og Sveppi sýndu það og sönnuðu í fyrravetur að þeir ætla greinilega aldrei að þroskast – sem betur fer fyrir þau sem vita fátt skemmtilegra en botnlausan fíflagang þeirra og strákapör. Vinirnir snúa aftur á skjáinn í kvöld eftir sumarfrí og taka upp þráðinn þar sem frá var horfið og gott betur. Í þessum fyrsta þætti eltu þeir kvennalandsliðið í fótbolta til Finnlands.

**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**

### Beauty and the Geek

**Stöð 2 kl. 20.00**

Fimmti hópurinn af nördum og ljóskum er mættur til leiks í æsilegri kænsku- og krúttkeppni. Markmiðið er sem fyrr að kanna hversu djúpt er á töfaranum hjá gáfnaljósinu og hvort fegurðardísin geti notað heilann í stað þokkans sér til framdráttar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Svartklæddu bræðurnir í Sturluhöllum
**14.03** Borgarsögur
**15.03** Útvarpssagan: Með hægð
**15.25** Draumaprinsinn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Leynifélagið
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 93,5 | Rás 1 |
| FM 95,7 | FM957 | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 96,7 | Létt Bylgjan |
| FM 97,7 | X-ið | FM 98,9 | Bylgjan | FM 99,4 | Útvarp Saga |
| FM 90,1 | Rás 2 | FM 102,2 | Útvarp Latibær | FM 102,9 | Lindin |
| FM 105,5 | Útvarp Boðun | | | | |

## 2 EXTRA

**16.00 Doctors** (18:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum á fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem greitt er úr flækjum í einkalífinu.
**16.30 Doctors** (19:25)
**17.00 The Sopranos** (28:39) Þrátt fyrir að hafa átt mikilli velgengni að fagna í starfi og eiga góða fjölskyldu er fjölskyldumaðurinn og mafíuforinginn Tony Soprano þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.
**18.00 Back To You** (5:17) Gamanþáttur um vinsælan og sjálfumglaðan fréttalesara og skrautlegt samband hans við barnsmóður sína og fyrrverandi kærustu sem starfar með honum. Þættirnir koma úr smiðju höfunda Frasier og Friends.
**18.30 Doctors** (18:25)
**19.00 Doctors** (19:25)
**19.30 The Sopranos** (28:39)
**20.30 Back To You** (5:17)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
▶ **21.45 Peep Show** (8:12) Sprenghlægilegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.
**22.10 NCIS** (4:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari fimmtu seríu.
**22.55 Eleventh Hour** (7:18)
**23.40 Auddi og Sveppi**
**00.15 Fréttir Stöðvar 2**
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Absolutely Fabulous **12.35** Absolutely Fabulous **13.05** Only Fools and Horses **13.55** The Weakest Link **14.40** The Weakest Link **15.25** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** Absolutely Fabulous **17.15** Doctor Who **18.00** My Family **18.30** My Family **19.00** Blackadder Goes Forth **19.30** Blackadder Goes Forth **20.00** The Jonathan Ross Show **20.50** My Family **21.20** My Family **21.50** Doctor Who **22.35** The Jonathan Ross Show **23.25** Blackadder Goes Forth **23.55** Blackadder Goes Forth

## DR 1

**12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Fredagsbio **15.40** Den lille prinsesse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 09 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 09 - udvælgelsen **19.50** Fredagsfilm. Men in Black 2 **21.10**

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Sametingsvalget 2009 **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** På fisketur med Bård og Lars **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mamma Mø og Kråka **16.10** Fjellgården i Trollheimen **16.20** Pling Plong **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Friidrett. Golden League fra Brussel **20.00** Taggart **21.10** Kveldsnytt **21.25** Tudors **22.15** Pop-revy fra 60-tallet **23.10** 20 spørsmål **23.35** Country jukeboks m/chat

## SVT 1

**12.00** Mitt nya liv i Skottland **13.00** Stephen Fry. Att leva med hiv **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hewa - starkast i Sverige **15.25** Plus **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Brokeback Mountain **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Stressad, rädd och förbannad **21.55** Ondskans spår **23.55** Sändningar från SVT24


Núna spörum við!



Allur fiskur
1.190 kr.kg.
-Sama hvað það er-
Stórlúða, smálúða, laxaflök,
keilusteikur, löngusteikur, allir fiskréttir
ALLT SEM ER Í FISKBORÐI.
HUMAR 2000 KR.KG.

Tilboðið gildir
í dag föstudag og
á morgun laugardag

Opið á morgun
laugardag 10-14.00
Sjáumst eldhress!






*(Allur fiskur í fiskborði, gildir ekki um frosinn fisk)

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér alltaf lýsi og AB-mjólk. Svo fæ ég mér kaffi latte og hugsanlega brauðsneið með. Þetta er mikilvægasta máltíð dagsins og ég gef mér mikinn tíma í hana.“*

Hilmar Oddsson leikstjóri.

# Sign hafnaði stórum samningi í Þýskalandi

„Þetta gerðist í vor,“ segir Egill Örn Rafnsson trommuleikari sem er hættur í hljómsveitinni Sign.

Egill kýs að tjá sig ekki um brotthvarfið sem kom í kjölfar þess að Sign hafnaði fimm platna samningi við þýsku útgáfuna JKP. Ragnar Sólberg, bróðir Egils, gat ekki skrifað undir samninginn af ótta við að frelsi hans sem tónlistarmaður myndi skerðast.

Arnar Grétarsson, gítarleikari Sign, segir að samningurinn sem var í boði hafi verið „ágætlega góður“. Heimildir Fréttablaðsins herma að hljómsveitin hefði verið vel sett fjárhagslega næstu ár, hefði hún skrifað undir. „Það voru tvær útgáfur að berjast um okkur,“ segir Arnar. „Það endaði með því að eftir að Ragnar hafði hugsað málið lengi þá komst hann að því að hann gæti ekki afsalað sér réttindum sínum.“ Arnar tekur sem dæmi að Ragnar hefði væntanlega ekki getað tekið að sér að syngja í auglýsingu Vodafone í Þýskalandi, sem er nú sýnd þar í landi.

Sign hefur verið ein duglegasta hljómsveit landsins síðustu ár og sent frá sér fjórar plötur. Hljómsveitin hefur verið ötul við spilamennsku, bæði heima og erlendis, og vakið talsverða athygli. JKP-útgáfan er í eigu þýsku hljómsveitarinnar Die Toten Hosen, sem er gríðarlega vinsæl í heimalandi sínu. „Það eru góðar fréttir í þessu líka,“ bætir Arnar við. „Við erum búnir að ákveða að gefa út íslenska plötu á næsta ári. Þungarokk á íslensku. Sign á íslensku aftur – eins og í gamla daga, fyrir mína tíð í hljómsveitinni.“ - afb



**HÆTTUR** Egill Rafnsson sagði skilið við Sign eftir að bróðir hans vildi ekki gera samning við þýskt útgáfufyrirtæki.



**ENGAR KVAÐIR** Ragnar Sólberg vildi ekki skrifa undir samning sem skerti frelsi hans sem tónlistarmaður.



**LÁRÉTT** 2. sæti, 6. járnstein, 8. liðamót, 9. iðn, 11. tímaeining, 12. rabb, 14. gimsteinn, 16. kallorð, 17. skel, 18. kærleikur, 20. umhverfis, 21. eignarfornafn.

**LÓÐRÉTT** 1. stagl, 3. eftir hádegi, 4. snautaðu, 5. sérstaklega, 7. mjólkursykur, 10. æxlunarkorn, 13. herma, 15. lappi, 16. rámur, 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. sess, 6. al, 8. hné, 9. fag, 11. ár, 12. skraf, 14. tópas, 16. hó, 17. aða, 18. ást, 20. um, 21. sitt.

**LÓÐRÉTT:** 1. tafs, 3. eh, 4. snáfaðu, 5. sér, 7. laktósi, 10. gró, 13. apa, 15. sami, 16. hás, 19. tt.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Á þriðja hundrað.
2. 15.480.
3. Júlíus Kemp.








FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HELLISBÚAR SAMEINAST** Bjarni Haukur Þórsson leikstýrir Jóhannesi Hauki Jóhannessyni í gamanþáttunum Hjá Marteini. Bjarni sló í gegn í hlutverki Hellisbúans um árið og í gærkvöld var frumsýnd ný leikgerð þar sem Jóhannes Haukur fetar í fótspor hans.

BJARNI HAUKUR: TEKUR UPP NÝJA ÞÆTTI MEÐ ÁHORFENDUR Í SAL

# Hellisbúar gera grínþætti

„Þetta er alvöru „sit-com“, væntanlega verður myndverið byggt úti á Korputorgi þar sem Fangavaktin var tekin upp. Síðan verða tvö hundruð áhorfendur í sal, þetta verður tekið upp fyrir „live studio audience“,“ segir Bjarni Haukur Þórsson leikstjóri. Bjarni mun leikstýra sjónvarpsþáttaseríunni Hjá Marteini sem áætlað er að fari í loftið fyrir jól á RÚV. Tökur hefjast í lok þessa mánaðar.

Svo skemmtilega vill til að aðalhlutverkið verður í höndum Jóhannesar Hauks Jóhannessonar sem frumsýndi nýja útgáfu af Hellisbúanum í Íslensku óperunni í gærkvöldi, sama hlutverk og Bjarni Haukur lék með eftirminnilegum hætti fyrir nokkrum árum. Bjarni vill ekki gera mikið úr þessari sögulegu staðreynd en hann hefur augljóslega mikið álit á Jóhannesi. Jóhannes virðist hafa úr nægu að moða þessa dagana. „Nýr Laddi? Nei, hann er allt öðruvísi, hann hefur þetta kæruleysislega útlit, þetta er alveg gæinn sem gæti búið við hliðina á manni. Fyrst og fremst er hann bara góður leikari og smellpassar í hlutverkið.“

Sjónvarpsþættirnir fjalla um Martein sem er ósköp venjulegur meðaljón og er nýbyrjaður að búa með sinni spúsu en Edda Björg Eyjólfsdóttir mun leika hana. „Þetta er um samskipti þeirra og þeirra árekstra sem oft vilja verða þegar fólk byrjar að búa saman.“ Til að gera hlutina ögn flóknari þá sitja skötuhjúin uppi með þriðja hjólið í sambandinu, Lárus Pál, sem álítur sig guðsgjöf til íslenskrar leiklistar og er æskuvinur Marteins. „En hann er sennilega versti leikari sem sögur fara af, hann er meðal annars að leika í neðanjarðarútgáfu af Hamlet og verður ástfanginn af leikkonunni sem leikur móður hans,“ útskýrir Bjarni en Kjartan Guðjónsson mun leika Lárus Pál.

Hjá Marteini er byggt á sjónvarpsþáttum sem Bjarni leikstýrði fyrir norska sjónvarpið. Og leikstjórinn hefur gengið með það lengi í maganum að koma þeim hingað til lands. „Þetta er í fyrsta skipti sem notast er við lifandi áhorfendur í íslensku sjónvarpi og þess vegna hafa menn verið svolítið tregir til. Það tók mig allavega tvö ár að sannfæra fólk um að þetta væri raunhæft.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Það eru ekki bara indverskir kvikmyndagerðarmenn við upptökur hér á landi sem eru ánægðir með matinn á Austur-Indíafélaginu. Íbúar við Hverfisgötu hafa tekið eftir því að bifreið forseta Íslands er oft lagt fyrir utan veitingastaðinn, síðast á þriðjudagskvöld. Forsetahjónin **Dorrit Moussaieff** og Ólafur Ragnar Grímsson eru alltaf jafn ánægð með matinn þar.



Rithöfundurinn **Steinar Bragi** sló í gegn með bók sinni, Konur, á síðasta ári. Gagnrýnendur kepptust við að hlaða hana lofi og bókin seldist vel í kjölfarið. Ný bók Steinars Braga er væntanleg hjá Forlaginu. Ber hún heitið Himinninn yfir Þingvöllum og ku sverja sig í ætt við síðasta verk hans. Forlagsmenn hafa ákveðið að meðlimir í kiljuklúbbnum Uglunni fái fyrstir að komast yfir eintak af bókinni. Þeir geta lesið bókina í þægilegu kiljuformi á meðan aðrir lestrarhestar þurfa að bíða fram að jólavertíð til að næla sér í innbundið eintak.



Meira af Forlaginu. Þar á bænum er ekki krepputal og í næstu viku mun **Jóhann Páll Valdimarsson** útgefandi vígja nýtt 3.000 fermetra húsnæði fyrirtækisins úti á Fiskislóð. Þar verður lager JPV og Eddu loks sameinaður og auk þess verður verslun útgáfunnar flutt þangað. Skrifstofur fyrirtækisins verða þó áfram á Bræðraborgarstíg enda ómögulegt að láta kanónur í rithöfundasétt flækjast út á Granda þegar þær kíkja á útgefandann í kaffi. - hdm






# Eiga hlut í nýtísku nærbuxum

„Það er búið að sækja um einkaleyfi fyrir þessu í öllum helstu ríkjum heims,“ segir Egill Fannar Reynisson. Egill og bróðir hans Guðmundur Gauti, eigendur Betra baks, eru hluthafar í fyrirtæki sem framleiðir nýtísku karlmannsnærbuxur, Frigo, þar sem kynfærin eru geymd í sérhönnuðum poka sem dregur úr rakamyndun.

Risastór auglýsingaherferð fyrir nærbuxurnar hefst í Bandaríkjunum fyrir jól með ruðningskappanum Tom Brady og hafnaboltamanninum Alex Rodrigues, fyrrverandi kærasta Madonnu, í fararbroddi. Buxurnar voru fyrst kynntar á söluráðstefnu í London þar sem Edelman, sem er eitt stærsta auglýsingafyrirtæki heims, var fengið um borð. „Þeir bara féllu fyrir þessu,“ segir Egill. „Einkaleyfið er þessi poki sem er inni í nærbuxunum sem heldur pungnum frá líkamanum þannig að það er lægra hitastig í honum. Þetta hjálpar líka vestræna heiminum í sáðfrumu-framleiðslunni og er þegar orðið mjög vinsælt meðal íþróttamanna.“ Ítalska knattspyrnuliðið Inter er til að mynda farið að nota buxurnar eftir að fyrrverandi leikmaður liðsins, Zlatan Ibrahimovic, reið á vaðið og byrjaði að spila í þeim.

Egill og Guðmundur keyptu tíu prósenta hlut í fyrirtækinu fyrir tveimur árum en það var Svíinn Peter Soderstrom sem átti hugmyndina. „Þetta var mjög stór fjárfesting og áhætta á sínum tíma en við höfðum ofsalega trú á þessu. Það kom á daginn og þetta er að slá í gegn erlendis. Puma og stórir aðilar hafa sýnt þessu mikinn áhuga og vilja gera samning um að setja þetta í íþróttabuxur og annað,“ segir Egill. „Það er meira að segja búið að bjóða í hlutinn okkar, helmingi meira en við lögðum í þetta. Okkur hefur verið ráðlagt að liggja aðeins á þessu.“ - fb



**BRÆÐUR Í ÚTRÁS** Bræðurnir Egill Fannar og Guðmundur Gauti Reynissynir framleiða nýtísku karlmannsnærbuxur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# RISA ÚTSALA

## OUTLET CENTER

OPIÐ,
mánud. – laugard. 10[00]-18[00]
sunnud. 12[00]-17[00]

Mikið úrval af skóm frá 499,-

Herranærbuxur 499,-

Allar herraskyrtur 999,-

Allar dömubuxur 999,-

Satin náttkjólar 499,-

Úlpur frá 3.999,-

Dömu, herra og barnasokkar frá 99,-

Dömu sokkabuxur 199,-

Húfur og vettlingar. Verð frá 199,-

Mikið úrval af nælónsokkabuxum verð frá 199,-

## KLINKIÐ
LÁGVÖRUMARKAÐUR

Fatamarkaður 99 kr,-

Skrautvörur í miklu úrvali
3 verð 49,- 99,- og 199,-

Barna- og grínvara
verð frá 49,-

Fótboltar/blakboltar
Áður 1.999,- nú 999,-

Stórar og flottar vatnsbyssur
Áður: 1.999,- nú 999,-

Plast hnífapör 51 í pakka 99,-
101 í pakka 149,-

Adidas legghlífar PRO
Áður: 2.499,- Nú: 1.499,-

*Signatures Of Nature*
ENDORCED FOR YOU

Verð frá
390 kr - 2990 kr

Náttúrulegar og lifrænar snyrtivörur

15% afsláttur
miðvikud-sunnudags

# GULAHÚSIÐ - FAXAFENI 8

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lífið heil
www.lyfja.is
Opið **07** til **01**
Lyfja Lágmúla




**BAKÞANKAR**

Þórhildar Elínar Elínardóttur


## *Ást á sekum*

Hinn 23. ágúst árið 1973 notaði Jan Erik Olsson bæjarleyfi sitt frá fangelsi til að ræna Kreditbankann í Stokkhólmi. Lögregla var þegar kölluð til, Jan Erik varð stressaður, greip til vopna og særði einn lögreglumann skotsári. Eftir það sá hann í hendi sér að tilraun til að verða sér úti um mikið fé á skömmum tíma var að fara út um þúfur og hann var í tómu veseni. Til að vinna tíma og redda sér úr klípunni brá þessi misheppnaði bankaræningi á það ráð að taka fjóra gísla úr hópi viðskiptavina bankans og gerði í kjölfarið alls kyns kröfur um aðföng og peninga.

**FÉLAGI** bankaræningjans slóst nú í hópinn og þá voru þeir orðnir tveir. Þrátt fyrir að báðir þessir dæmdu ofbeldismenn og ræningjar hafi haldið gíslum sínum föngnum með hótunum um byssukúlu í hausinn, virðast þeir hafa verið elskulegir með afbrigðum. Reyndar svo notalegir og trúverðugir að gíslarnir sögðust hafa fundið til öryggis í návist þeirra en hafi hins vegar óttast aðgerðir lögreglu. Á þeim sex dögum sem fórnarlömbunum var haldið föngnum sannfærðust þau um að vopnaðir krimmarnir væru aðeins saklausir leiksoppar yfirvalda. Hinir raunverulegu illvirkjar væru björgunarmennirnir.

**AÐ** lokum fór allt reyndar vel, enginn dó og réttað var yfir hinum seku. Lífseiga frægð sína hefur þetta rán hlotið vegna sálfræðikenningar sem varð til í kjölfarið um viðbrögð gíslanna, sem hlaut nafnið Stokkhólmsheilkennið. Einkenni þess er einmitt samúð og velvilji fórnarlamba í garð ofbeldismanna þeirra og jafnvel andúð gagnvart þeim sem stöðva viðvarandi valdbeitingu. Ástæður þessara tilfinninga eru einfaldlega sagðar aðferð til að þrauka óþolandi aðstæður. Ást á gerendunum getur varað lengi eftir að ofbeldinu lýkur.

**GÓÐIR** hálsar, samkvæmt fréttum nýliðinnar viku mælist Sjálfstæðisflokkurinn nú stærsti stjórnmálaflokkur Íslands. Sá sami flokkur og stýrði landinu undanfarin átján ár og átti drýgstan þátt í að koma okkur í þær efnahagslegu ógöngur sem við nú erum stödd í. Þrátt fyrir að uppkomnum Íslendingum muni ekki endast ævin til að greiða fyrir tjónið, telur næstum þriðjungur kjósenda flokkinn traustsins verðan. Kannski er Stokkhólmsheilkennið útbreiddara mein en nokkur gat ímyndað sér.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 4. september 2009, 247. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.19 | 13.27 | 20.32 |
| Akureyri | 5.59 | 13.12 | 20.22 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


